

Halldór

skoðun 18




3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Outlet
Föstudagur


Holta
KJÚKLINGUR



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
30. september 2011
228. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Neyðin sem gleymdist**
*Flóðin í Pakistan hafa haft áhrif á milljónir manna.*
föstudagsviðtalið 16

**Stúlknasveit til landsins**
*Bresku stúlkurnar í The Saturdays taka upp myndband á Íslandi.*
fólk 50



**FH vann fyrir norðan**
*Valur, HK og FH unnu öll sigra í N1-deild karla í gær.*
sport 46

**veðrið í dag**




**STORMUR V-TIL** Sunnan hvassviðri á landinu í dag og stormur V-til síðdegis og fram á nótt. Víða rigning en úrkomulítið N-lands. Hiti 8-14 stig.

VEÐUR 4

# Tóku dóttur sína úr skóla af ótta við að hún hitti geranda

**Ung stúlka hefur ekki mætt í skóla í rúma viku því foreldrar hennar óttast að þar hitti hún unglingspilt sem braut á henni kynferðislega. Brotið var ótengt skólanum og því verður piltinum ekki vikið þaðan.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Foreldrar á Akranesi hafa ekki sent dóttur sína í skólann í rúma viku af ótta við að þar muni hún hitta unglingspilt sem nýverið kom í ljós að hefur brotið gegn henni kynferðislega.

Telpan stundar nám í einum af yngri bekkjum annars grunnskóla bæjarins og drengurinn er í unglingadeild sama skóla.

Telpan greindi foreldrum sínum frá brotunum í janúar. Þau áttu sér stað þegar hún var á síðasta ári í leikskóla og drengurinn var tólf ára. Telpan var þá tíður gestur á heimili drengsins.

Foreldrarnir fóru með málið til lögreglu, sem tilkynnti það til barnaverndaryfirvalda. Bæði telpan og drengurinn hafa síðan hlotið viðhlítandi aðstoð.

> [Hún] sýnir alvarleg kvíða- og streitueinkenni sem frekar hafa aukist en hitt undanfarið.
>
> SÁLFRÆÐINGUR BARNAHÚSS

Foreldrarnir hafa síðan reynt að fá skóla- og bæjaryfirvöld til að koma í veg fyrir samgang dóttur sinnar við piltinn, en án árangurs.

Í stöðumati Barnahúss vegna telpunnar frá í ágúst segir að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir innan skólans til að tryggja að þau hittust ekki, til dæmis í frímínútum og í matsal, en foreldrarnir telja skólann hafa svikið það loforð og leiðir þeirra liggi reglulega saman. Þetta valdi stúlkunni mikilli vanlíðan og því hafi þau ákveðið að taka telpuna úr skóla þar til viðunandi lausn fyndist.

Sálfræðingur Barnahúss segist í svari til foreldranna hafa verið bjartsýnn á það í byrjun að ekki þyrfti að aðskilja börnin. „En eftir því sem liðið hefur á meðferð stúlkunnar hefur skoðun mín hvað það varðar tekið miklum breytingum þar sem [hún] sýnir alvarleg kvíða- og streitueinkenni sem frekar hafa aukist en hitt undanfarið.“

Skóla- og bæjaryfirvöld bera hins vegar fyrir sig að barni verði ekki vikið úr skóla eða það fært annað nema það hafi brotið verulega gegn agareglum skólans. Í þessu tilviki hafi brotið verið alls ótengt skólanum og því verði pilturinn ekki færður annað án samþykkis foreldra sinna.

Pilturinn hefur hitt sálfræðing vegna málsins og kemur fram í minnisblaði bæjaryfirvalda vegna þess að sú meðferð hafi gengið vel, hann hafi horfst í augu við gerðir sínar og fylgt öllum fyrirmælum. Litlar líkur séu á því að hann brjóti aftur af sér.

- sh, þeb / sjá síðu 8



**LÖGREGLUMENN SÝNDU SAMSTÖÐU** Á fjórða hundrað lögreglumanna gengu frá lögreglustöðinni á Hverfisgötu að fjármálaráðuneytinu í gær til að sýna óánægju með launamál í verki. Lögreglumenn leggja áherslu á að fá verkfallsrétt aftur. Sjá síðu 2 og 10. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Birgir Jónsson hættur sem forstjóri Iceland Express vegna deilna við eigendur:

# Hættir eftir tíu daga í starfi

**VIÐSKIPTI** Birgir Jónsson, sem var ráðinn forstjóri Iceland Express fyrir fáeinum dögum, hefur hætt störfum.

„Ég hef sagt starfi mínu lausu sem forstjóri Iceland Express eftir aðeins 10 daga í starfi,“ segir í tilkynningu sem Birgir sendi fjölmiðlum seint í gærkvöldi. „Þegar til mín var leitað og ég beðinn um að taka þetta starf að mér setti ég mjög ströng skilyrði um hvernig samstarfi mínu við eigendur félagsins yrði háttað. Ég vildi fá mikið frelsi til að endurskipuleggja reksturinn og ég setti fram hugmyndafræði og vel skilgreind atriði sem ég vildi fá að vinna að með sjálfstæðum hætti, en að sjálfsögðu í nánu og eðlilegu samstarfi við stjórn félagsins. “

Í tilkynningunni segir Birgir að strax á fyrstu dögum hans í starfi hafi orðið ljóst að samkomulag það sem hann gerði við eigendur Iceland Express myndi ekki halda.

„Ég hef gengið fram fyrir skjöldu í fjölmiðlum og lýst því yfir hvernig ég ætlaði að snúa fyrirtækinu til betri vegar en það hefur verið á undanfarin misseri,“ segir í tilkynningunni.

„Þegar maður hefur tengt sig persónulega við svo stórt mál er lykilatriði að maður sé trúr sinni sannfæringu og hætti um leið og maður fær ekki stuðning til að standa við stóru orðin.“

- th










SPURNING DAGSINS



*Brynjar, er þetta ekki bara einhver framtíðarmúsík?*

„Nei, þetta er tækjaóður."

Plötursnúðurinn Brynjar Már, sem jafnframt er þekktur sem tónlistarmaður og útvarpsmaður, ætlar að láta draum sinn rætast á skemmtistaðnum Oliver í kvöld og frumsýna Emulator, splunkunýja dj-græju sem virðist sem klippt út úr framtíðarmynd.

Á fjórða hundrað lögreglumanna fóru í samstöðugöngu að fjármálaráðuneytinu til að sýna óánægju sína:

# Rík krafa lögreglumanna að fá verkfallsrétt

**KJARAMÁL** Á fjórða hundrað lögreglumanna gengu fylktu liði frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu að fjármálaráðuneytinu um miðjan dag í gær. Með þessari samstöðugöngu vildu þeir undirstrika óánægju sína með niðurstöðu gerðardóms um kjaramál lögreglumanna.

„Það er rík krafa innan hópsins um að fá aftur verkfallsréttinn," segir Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna. Hann segir það vopn þó bitlausara í höndum lögreglumanna en annarra hópa þar sem alltaf sé hægt að skikka stóran hluta þeirra til að vinna þrátt fyrir verkfall.

Forsvarsmenn landssambandsins áttu fund með Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra, ráðuneytisstjórum þriggja ráðuneyta og samninganefnd ríkisins í fjármálaráðuneytinu í gær. Niðurstaða fundarins var að skipa vinnuhóp sem hefur það verkefni að tryggja viðunandi niðurstöðu um laun lögreglumanna.

„Við megum engan tíma missa, það skiptir okkur miklu að þetta gangi hratt fyrir sig," segir Steinar. Vinnuhópurinn fundar í fyrsta skipti klukkan 13 í dag. Steinar óttast atgervisflótta úr stéttinni haldi fram sem horfir. „Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef ekki tekst að ná ásættanlegri niðurstöðu munu þeir lögreglumenn sem eiga þess kost að fara í önnur störf á næstunni gera það." - bj



**SAMSTAÐA** Lögreglumenn lögðu áherslu á kröfur sínar um leiðréttingu á launakjörum með kröfugöngu að fjármálaráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Talinn hafa byrlað ólyfjan:

## Fangi grunaður um nauðgun

**LÖGREGLUMÁL Fangi sem hefur setið inni í nokkur ár er grunaður um að hafa nauðgað samfanga sínum á Litla-Hrauni. Maðurinn hlaut á sínum tíma fjórtán ára fangelsisdóm. Greint var frá þessu í kvöldfréttum RÚV.**

**Maðurinn er grunaður um að hafa byrlað samfanga sínum ólyfjan og nauðgað honum. Maðurinn hefur tvívegis verið sakaður um að hafa nauðgað samföngum sínum.**

**Fimm mánuðum eftir að grunurinn vaknaði var maðurinn fluttur í fangelsið á Akureyri. Málið er í rannsókn.** - sv

Merkileg hegðun mynduð:

## Litlir fiskar nota verkfæri

**VÍSINDI** Vísindamenn hafa í fyrsta skipti náð myndskeiði sem sýnir hvernig fiskar geta notað verkfæri. Þar má sjá smávaxinn guldeplóttan fisk af ættkvíslinni choerodon sem lætur ostruskel ítrekað falla á stein til að komast í innihaldið.

„Myndskeiðið er mjög áhugavert. Fiskurinn grefur upp ostruskelina og syndir með hana í talsverðan tíma þar til hann finnur hentugan stein til að brjóta skelina," segir Giacomo Bernardi, prófessor við Kaliforníuháskóla í Bandaríkjunum.

Myndskeiðið var tekið við eyjuna Palau í Kyrrahafinu. Vitað er að aðrar dýrategundir nota steina með svipuðum hætti. - bj

TÆKNI

### IPhone 5 væntanlegur

Talið er að Apple muni kynna næstu týpu IPhone símans vinsæla á þriðjudaginn næstkomandi. Miklar umræður hafa skapast um hverjar nýjungarnar verði en talið er að miklar breytingar séu í vændum.

# Hafnfirsku veiðifélagi helst illa á sófasettum

**Einu flöskugrænu og öðru koníaksbrúnu leðursófasetti var stolið úr húsum Stangveiðifélags Hafnarfjarðar í sumar og fyrrasumar. Þjófar eiga greiðan aðgang því lenska er að hafa veiðihús ólæst. Ekkert fæst því út úr tryggingum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Koníaksbrúnu, vönduðu leðursófasetti var stolið frá okkur," segir Hans Unnþór Ólason, formaður Stangveiðifélags Hafnarfjarðar (SVH), sem um helgina varð fyrir barðinu á þjófum sem heimsóttu veiðihús félagsins við Djúpavatn.

Ekki er lengra síðan en í fyrra að öðru leðursófasetti var stolið úr einu veiðihúsa Stangveiðifélags Hafnarfjarðar. Það var við Hlíðarvatn. „Það var notað, flöskugrænt sófasett – alveg forljótt. Ég hélt við værum örugg því enginn myndi vilja grænt sófasett en það var nú samt tekið," segir Vilborg Reynisdóttir, gjaldkeri félagsins og má glöggt heyra að gjaldkeranum blöskrar smekkleysi þjófanna sem voru á ferð við Hlíðarvatn í fyrra.

Sófasettið í veiðihúsinu við Hlíðarvatn var keypt notað en það sem var í Djúpavatni var að sögn Hans keypt nýtt út úr búð og það var dýrt jafnvel þótt afsláttur hafi fengist. Veiðifélagið fær engar tryggingarbætur þar sem lykill fyrir veiðimenn er geymdur við húsið. Alvanalegt er að veiðihús séu ólæst á sumrin. „Þetta er því tilfinnanlegt tjón fyrir okkur," segir Hans.

Vilborg segir hrikalegt að menn geti einfaldlega valsað um og tekið hluti ófrjálsri hendi. „Þeir hafa þurft að vera sterkir og með stóran bíl. Þetta sófasett í Djúpavatni var þannig að ég hélt að það þyrfti að rífa húsið til að koma því inn, það var svo stórt," segir hún.

Þjófnaðurinn úr húsinu við Djúpavatn uppgötvaðist á þriðjudag þegar umsjónarmaður fór til að ganga frá veiðihúsinu fyrir veturinn. „Hann kom að opnum svaladyrunum með gardínurnar blaktandi út," segir Vilborg sem kveður síðast vitað um mannaferðir þar áður við húsið á fimmtudaginn í síðustu viku. Djúpavatn er vestan við Sveifluháls á Reykjanesi.

Hans segir það nánast árvisst að farið sé inn í veiðihús sem ýmis félög eru með við Hlíðarvatn. „Þeir hafa jafnvel stolið hnífaparabökkunum úr skúffunum og mjólkurglösum úr skápunum. En það er langt síðan við höfum lent í svona hremmingum í Djúpavatni. Tvisvar sinnum var húsið þó nánast tæmt. Þá voru teknir ofnar, eldavélar og sófar – allir pakkinn." gar@frettabladid.is



**VIÐ DJÚPAVATN** Einhvers staðar situr nú einhver í íburðarmiklu en illa fengnu ítölsku sófasetti sem þar til um síðustu helgi var helsta stofustássið í húsi Stangveiðifélags Hafnarfjarðar við Djúpavatn á Reykjanesi. MYND/HALLDÓR GUNNARSSON

> Ég hélt við værum örugg því enginn myndi vilja grænt sófasett en það var nú samt tekið.
>
> VILBORG REYNISDÓTTIR GJALDKERI SVH



**STAÐAN** Davíð Stefánsson segir að búast megi við lítils háttar hækkun á fasteignaverði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Um 186 íbúðir byggðar á ári:

## Útlit fyrir skort

**FASTEIGNIR** Útlit er fyrir skort á litlum og ódýrum íbúðum eftir tvö ár, að mati Davíðs Stefánssonar, sérfræðings hjá greiningardeild Arion banka.

Í erindi sem hann hélt í gær sagði hann að í venjulegu árferði vanti um 1.400 íbúðir á ári. Síðastliðin tvö ár hafi nýbyggingar verið svo gott sem engar og aðeins byggðar 186 íbúðir á ári.

„Það er lítill hvati til að byggja," sagði Davíð og lagði áherslu á að byggingakostnaður hefði rokið upp úr öllu valdi á sama tíma og verulega hefði dregið úr framlegð byggingaverktaka. Davíð taldi líkur á að þegar kostnaður lækkaði myndu nýbyggingar taka kipp. - jab

Tveir stjórnarþingmenn ósáttir:

## Vilja skrifa nýtt kvótafrumvarp

**STJÓRNMÁL Taka ætti kvótafrumvarp sjávarútvegsráðherra til gagngerrar endurskoðunar áður en það verður lagt fram að nýju að mati formanns og varaformanns sjávarútvegsnefndar, að því er fram kom í fréttum RÚV. Þeir eru þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar.**

**Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður nefndarinnar, og varaformaðurinn Ólína Þorvarðardóttir leggja til talsverðar breytingar á frumvarpinu í greinargerð sem þær sendu sjávarútvegsráðherra í gær. Frumvarpið hefur verið afar umdeilt, og hafa flestir sem veittu umsögn um það viljað gera umtalsverðar breytingar á því.** - bj




Yfirgnæfandi þingmeirihluti í Þýskalandi samþykkti stækkun neyðarsjóðs ESB:

# Þjóðverjar ætla að vera með

**ÞÝSKALAND** Þýska þingið samþykkti í gærmorgun hlutdeild Þýskalands í stækkun neyðarsjóðs Evrópusambandsins, sem á að styrkja stöðugleika evrunnar með því að koma nauðstöddum evruríkjum til hjálpar.

Frumvarpið var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta flestra þingmanna stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar, að undanskildum Vinstriflokknum. Stjórnin hafði hins vegar fyrirfram lýst því yfir að henni væri varla sætt áfram nema atkvæði stjórnarþingmanna einna myndu duga til meirihlutaafgreiðslu frumvarpsins. Alls greiddu 315 þingmenn stjórnarflokkanna tveggja frumvarpinu atkvæði sitt, en á þinginu sitja 620 þingmenn þannig að stjórnin rétt stóðst þetta próf.

Stöðugleikasjóðurinn verður stækkaður úr 440 milljörðum evra í 780 milljarða, sem eykur lánagetu sjóðsins til nauðstaddra ríkja úr 250 milljörðum evra í 440 milljarða. Stærstur hluti framlaga evruríkjanna til sjóðsins kemur frá Þýskalandi og verður hlutur Þjóðverja nú aukinn úr 123 milljörðum í 211 milljarða.

Jafnframt þessu samþykkti þýska þingið, að sjóðurinn mætti ekki taka á sig neinar nýjar skuldbindingar án fyrirfram samþykkis frá þýska þinginu. Þar með hefur þýska þingið úthlutað sjálfu sér neitunarvaldi um frekari björgunaraðgerðir til handa Grikklandi, sem nú þegar eru í bígerð.

Ellefu evruríkjanna sautján hafa þá samþykkt stækkun sjóðsins, en öll verða þau að gefa samþykki sitt áður en stækkunin kemur til framkvæmda. - gb



**ANDAR LÉTTAR** Angela Merkel Þýskalandskanslari í hópi félaga sinna á þýska þinginu. NORDICPHOTOS/AFP



Cheerios
General Mills
Cheerios
Morgunkorn úr heilum próteinríkum höfrum
397g
Cheerios – 2 skálar
Djús – 1 glas
Banani – 1/2
Vatn – 3 glös

**GENGIÐ 29.09.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,10 | 117,66 |
| Sterlingspund | 183,17 | 184,07 |
| Evra | 159,47 | 160,37 |
| Dönsk króna | 21,425 | 21,551 |
| Norsk króna | 20,303 | 20,423 |
| Sænsk króna | 17,278 | 17,380 |
| Japanskt jen | 1,5263 | 1,5353 |
| SDR | 183,47 | 184,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,9111

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur sneri þriggja ára fangelsisdómi Héraðsdóms Reykjavíkur við:

# Sýknaður af árás í Laugardal

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur sýknað karlmann á þrítugsaldri, sem Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt í þriggja ára fangelsi fyrir grófa árás á stúlku í Laugardal í október 2010.

Maðurinn var handtekinn réttum mánuði eftir árásina. Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði hann sök. Síðdegis sama dag gaf hann skýrslu að nýju og játaði þá að hafa ráðist á stúlkuna. Þegar hann var leiddur fyrir dómara daginn eftir þar sem krafist var gæsluvarðhalds yfir honum kvaðst hann draga til baka játningu sína. Síðan hélt hann fast við þann framburð. Hann sagðist hafa verið búinn að neyta mikils áfengis, lyfja og fíkniefna.

Hæstiréttur sagði að svo miklir ágallar hefðu verið á skýrslutökum lögreglu af systur mannsins að ekki væri hægt að líta til þeirra við úrlausn málsins. Fleir-ir tilteknir gallar hefðu verið á rannsókn málsins. Ekkert hefði komið fram við rannsókn á vettvangi, fatnaði mannsins og skóm sem benti til þess að hann hefði framið það brot sem honum hafði verið gefið að sök. Loks hefði skýrsla hans hjá lögreglu verið óljós og ruglingsleg og ekki nema að hluta í samræmi við það sem fyrir lá í málinu. - jss



**HÆSTIRÉTTUR** Sneri dómi Héraðsdóms Reykjavíkur við.

Á skilorð og greiði bætur:

# Stofnaði lífi tveggja í hættu

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir umferðarlagabrot og að stofna lífi tveggja í hættu.

Maðurinn var dæmdur fyrir að aka undir áhrifum vímuefna. Jafnframt að hafa ekið bifreið sinni á aðra bifreið, en á vélarhlíf hennar sátu maður og kona. Við höggið hlaut fólkið áverka.

Manninum var gert að greiða hvoru þeirra 150 þúsund krónur í miskabætur. - jss

140. löggjafarþingið:

# Þingið sett í fyrramálið

**ALÞINGI** 140. löggjafarþing verður sett í fyrramálið.

Athöfnin hefst að venju á guðsþjónustu í Dómkirkjunni en að henni lokinni mun forseti Íslands setja þingið í Alþingishúsinu. Forseti Alþingis flytur einnig ávarp.

Eftir hádegi verður kosið í nefndir þingsins og hlutað um sæti þingmanna. Þá verður fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár dreift.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræður verða á mánudagskvöld og fjármálaráðherra mun mæla fyrir fjárlagafrumvarpinu á þriðjudagsmorgun. - þeb

Hæstiréttur staðfestir dóm:

# Strípalingurinn áfram á skilorði

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot. Dómurinn staðfestir þar með dóm Héraðsdóm Reykjavíkur.**

**Maðurinn var ákærður fyrir að hafa sært blygðunarsemi annars fólks með því að hafa staðið fyrir innan óbyrgðan glugga á heimili sínu í fráhnepptri skyrtu einni fata og strokið á sér getnaðarliminn.**

**Í skýrslu lögreglu kemur fram að margar tilkynningar hafi borist um viðlíka háttsemi mannsins allt frá árinu 2005 og nágrannar séu orðnir langþreyttir á henni.** - jss

**HALDIÐ TIL HAGA**

Almar Miðvík Halldórsson, sem gerði úttekt fyrir starfshóps menntaráðs um námsárangur drengja í grunnskólum, er verkefnastjóri PISA hjá Námsmatsstofnun.

# Gagnaverið tekur til starfa fyrir áramót

**Verne Holding hefur gert samning við fyrirtækið Colt um kaup á gagnaverseiningu. Hún er væntanleg til Keflavíkur innan tveggja vikna. Sex slíkar rúmast í húsi fyrirtækisins að Ásbrú. Gagnaverið tekur til starfa fyrir áramót.**

**IÐNAÐUR** Fyrstu einingunni í gagnaver Verne Holding á Ásbrú í Reykjanesbæ verður skipað upp í Keflavík innan tveggja vikna. Gert er ráð fyrir því að starfsemi hefjist suður með sjó á næstu mánuðum.

Lisa Rhodes, varaforstjóri markaðs- og söluviðs fyrirtækisins, sem gengur undir nafninu Verne Global, segir að um nýjung sé að ræða í gagnavörslu. Um forsmíðuð hús er að ræða sem raðað verður inn í skemmu fyrirtækisins á Ásbrú. Einingarnar nefnast Modular Data Center.

„Það er virkilega áhugavert að fylgjast með því hvernig einingunum er komið upp. Þær koma framleiddar í 500 fermetra boxum og sex slíkar komast fyrir í byggingunni okkar á Íslandi," segir Rhodes.

Rhodes vill ekki upplýsa um hve mikla fjárfestingu er að ræða en segir hana umtalsverða.

Samkvæmt upplýsingum frá Verne Global verður gagnaverið að Ásbrú hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum sem verður gefur frá sér gróðurhúsalofttegundir. Það skýrist af því að verið sé knúið af endurnýjanlegum orkugjöfum.

Jonathan Koomey, prófessor við Stanford-háskóla, segir að rafmagn til gagnavera hafi numið 1,1 til 1,5 prósentum af heimsnotkun á rafmagni árið 2010. Það er minna en búist var við en hefur þó aukist um 56 prósent frá árinu 2005.

kolbeinn@frettabladid.is



**VÖRUSKEMMAN** Alls komast sex gagnaverseiningar fyrir í vöruskemmu Verne Holding að Ásbrú. Þær geta hýst 50 til 70 þúsund netþjóna. MYND/VÍKURFRÉTTIR

## Rými fyrir tugþúsundir netþjóna

Gólflötur hússins sem hýsir gagnaverseininguna er 10 þúsund fermetrar. Einingin kemur tilbúin og er nokkurs konar box inni í húsinu. Sex slíkar komast fyrir í húsinu.

Í hverri einingu eru 204 rekkar, en í hvern rekka komast 40 til 60 netþjónar. Hver eining getur því hýst 8.160 til 12.240 netþjóna. Verði einingarnar sex má því reikna með að á bilinu tæplega 50 þúsund til rúmlega 73 þúsund netþjónar komist inn í vöruskemmu Verne Holding að Ásbrú.



**Á LOFT** Kínverska eldflaugin hefur verið nefnd Himnahöllin. NORDICPHOTOS/AFP

Kínversk geimstöð út í geim:

# Himnahöllin á braut um jörðu

**KÍNA Eldflaug sem bar fyrsta hluta kínverskrar geimstöðvar út í geim var skotið á loft frá Góbíeyðimörkinni í gær. Geimstöðin, sem nefnd hefur verið Himnahöllin, verður ómönnuð til að byrja með en til stendur að senda geimfara um borð á næsta ári.**

**Áður en geimfarar verða sendir í stöðina verður öðrum hluta hennar skotið út í geim og honum fjarstýrt til að tengja hann fyrsta hluta stöðvarinnar, að því er segir í frétt BBC. Stöðin á að verða um 60 tonn, umtalsvert minni en 400 tonna alþjóðlega geimstöðin sem nú er á braut um jörðu.** - bj

Ákærður fyrir alvarleg brot:

# Líkamsárás og áfengisstuldur

**LÖGREGLUMÁL** Tvítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir hættulega líkamsárás, vopnalagabrot og innbrot á Selfossi.

Ríkissaksóknari ákærði manninn fyrir að hafa slegið annan mann með hnúajárni í andlitið í apríl á síðasta ári. Þá ákærir lögreglustjórinn á Selfossi manninn fyrir fjölda annarra brota, meðal annars fyrir að brjótast inn á veitingastaðinn Kaffi Krús og stela vínflöskum. Við húsleit hjá manninum fundust kannabisplöntur og óskráð loftskammbyssa. - jss






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**LEIÐINDAVEÐUR** á landinu til morguns og verður líklega suðvestan hvassviðri um norðvestan- og vestanvert landið fram eftir morgundeginum. Veður batnar til muna á sunnudag en þá lítur út fyrir fremur hæga breytilega átt en rigningu einkum syðra.




Á MORGUN 10-18 NV- og V-til, annars 8-13.

SUNNUDAGUR 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 25° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 22° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 21° |
| París | 26° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# HEIMILISTÆKI
# Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.



**Melissa**
**Mini chopper**
646094
- 140w mótor
- Ryðfrír stál hnífur
- Öryggisrofi

**2.490kr**
áður 2.990.-



**Melissa**
**Handþeytari** 646126
- 220w handþeytari
- 5 hraðastillingar með Túrbó
- Litur Hvítur

**2.490kr**
áður 2.990.-



**Melissa**
**Brauðrist** 643223
- 800w
- 2ja sneiða brauðrist
- 6 hitastillingar
- Mylsnubakki

**2.490kr**
áður 2.990.-



**Melissa**
**Straujárn** 641054
- 2200w
- Keramik botn
- 5 Stillingar
- 2m kapall
- Slekkur sjálfvirkt á sér
- Ofhitnunarvörn

**2.490kr**
áður 2.990.-

**PHILIPS**
**Töfrasproti með skál**
HR1364
- Kröftugur mótor með turbó möguleika
- Twist and Spice hnífar sem vinna bæði lárétt og lóðrétt
- Auðvelt að þrífa
- Þeytari fylgir

**7.990kr**
GOTT VERÐ





**Melissa**
**Hraðsuðuketill** 645246
- 2200w
- 1,7 lítra
- Litur: Hvítur

**2.990kr**
GOTT VERÐ



**UNITED**
**Ferðatæki m geislaspilara**
RCD6408
- Útvarp með geislaspilara
- Kasettutæki
- Heyrnatólstengi
- Gengur fyrir straum eða rafhlöðum

**7.990kr**
GOTT VERÐ



**Panasonic**
**Þráðlaus sími** KXTG1711
- 50 nafna símaskrá
- Símnúmerabirtir fyrir síðustu 50 númer
- Endurval í síðustu 10 númer
- Allt að 15klst rafhlöðuending í tali
- Allt að 170klst rafhlöðuending á bið
- Notar 2xAAA batterý (fylgja)

**5.990kr**
GOTT VERÐ



**Melissa**
**Blandari** 646110
- Öflugur 400w mótor
- 2 hraðastillingar og púls hraði
- 1L gler kanna - Má fara í uppþvottavél
- Ryðfrír stál hnífur
- Öryggisrofi

**6.490kr**
GOTT VERÐ

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 6. október á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú skynsamlegt að fresta framkvæmdum við Sundabraut um nokkur ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 46,8% |
| Nei | 53,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú ánægð/ur með lestrarkennslu grunnskólabarna?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

vísir

Bændasamtökin og Alþýðusamband Íslands takast á um verðlagshækkanir á íslenskum matvælum:

# Haraldur kallar málflutning Gylfa „kjaftæði“

**EFNAHAGSMÁL** Bændasamtök Íslands gera alvarlegar athugasemdir við málflutning Gylfa Arnbjörnssonar, forseta Alþýðusambands Íslands, um matvælaverð og verðbólgu. Haraldur Benediktsson, formaður samtakanna, sagði í samtali við Ríkisútvarpið í gær að málflutningur Gylfa væri „kjaftæði“.

Gylfi sagði verðhækkanir á íslenskum matvælum helstu orsök hækkandi verðbólgu í samtali við Ríkisútvarpið í fyrradag. Verðbólga mældist 5,7 prósent í september og hafði þá hækkað um 0,7 prósentustig milli mánaða.



GYLFI ARNBJÖRNSSON



HARALDUR BENEDIKTSSON

Í yfirlýsingu frá Bændasamtökunum segir að verð innlendra búvara, án grænmetis, hafi hækkað um 22,5 prósent frá september 2008 sem sé nánast sama prósenta og almennt verðlag. Þá hafi verð innfluttra matvara hækkað talsvert meira á tímabilinu.

Þá segir enn fremur í yfirlýsingunni að bændur hafi frá bankahruni lagt sitt af mörkum til að halda niðri vöruverði. Samningar hins opinbera við bændur hafi verið endurskoðaðir og það verið dregið í lengstu lög að hækka verð þrátt fyrir miklar hækkanir á verði aðfanga.

ASÍ brást við yfirlýsingu Bændasamtakanna síðar í gær. Í pistli á vefsíðu sambandsins sagði Gylfi hóflegar launahækkanir verkafólks ekki réttlæta 10 prósenta hækkun á landbúnaðarafurðum upp á síðkastið, eins prósents hækkun hefði nægt. Þá sagði Gylfi fullyrðingar Haraldar eiga fátt skylt við veruleikann. **- mþl**

FÍ kaupir af Arion banka:

# FÍ kaupir 39% hlutafjár í N1

**VIÐSKIPTI** Framtakssjóður Íslands (FÍ) hefur keypt um 39 prósent hlutafjár í þjónustufyrirtækinu N1 af Arion banka. Þar af er 10 prósenta hlutur sem fyrrverandi skuldabréfaeigendur N1 eiga kauprétt á síðar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá FÍ.

Áður hafði FÍ keypt 15,8 prósenta hlut í N1 af Íslandsbanka og Skilanefnd Glitnis. Að því gefnu að kaupréttir verði nýttir mun FÍ fara með tæplega 45 prósenta eignarhlut í fyrirtækinu. Stefnt er að skráningu N1 í kauphöll ekki seinna en á miðju ári 2013. **- sv**

Gamalt hópnauðgunarmál:

# Lögreglumenn dæmdir sekir

**INDLAND, AP** Dómstóll á Indlandi hefur dæmt sautján lögreglumenn og skógareftirlitsmenn seka um hópnauðgun í þorpinu Vachathi í héraðinu Tamil Nadu fyrir nítján árum.

Fórnarlömb þeirra voru dalítakonur, en dalítar eru lægsta stéttin í hinu forna erfðastéttakerfi á Indlandi. Dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að um hundrað aðrir lögreglumenn hafi misþyrmt tugum manna af dalítastétt í sama þorpi. Allt gerðist þetta í tveggja daga áhlaupi lögreglunnar á þorpið. Mennirnir eiga allt að tíu ára fangelsi yfir höfði sér, en nokkrir þeirra eru reyndar látnir. **- gb**

**VIÐSKIPTI**

### Árni hættur í skilanefndinni

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, hefur ákveðið að segja sig úr nefndinni frá og með 1. október næstkomandi. Hann mun þó meðal annars sitja áfram í stjórn Íslandsbanka og aðstoða við söluferli á eignarhlut í bankanum.

# Nærri níutíu manns sagt upp á einu bretti

**Skipti, móðurfélag Símans, hefur sagt upp 45 starfsmönnum. Íslenskir aðalverktakar sögðu upp 40. Fimm hundruð manns hefur verið sagt upp í hópuppsögnum það sem af er ári. Ástandið í hnotskurn, segja forstjórar fyrirtækjanna.**

**ATVINNUMÁL** „Fyrirtækið stendur ekki undir skuldum. Við höfum unnið í því að endurfjármagna þær, skilja eignir sem ekki tilheyra kjarnastarfsemi frá rekstri og hagræða. Uppsagnir eru liður í þessu ferli,“ segir Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta.



STEINN LOGI BJÖRNSSON

Skipti sagði í gær upp 45 starfsmönnum á ýmsum sviðum. Fyrirtækið er móðurfélag Símans, Mílu og dótturfyrirtækis í Danmörku. Stefnt er að því að selja erlendan rekstur og mun fyrirtækið einbeita sér að kjarnastarfsemi innanlands. Rekstur Mílu verður fluttur frá Stórhöfða í húsakynni Símans og Skipta við Suðurlandsbraut. Húsnæðið verður annað hvort leigt til annars aðila eða því skilað til leigusala.

Arðsemisáætlun Skipta til næstu þriggja ára verður lögð fyrir lánardrottna fljótlega. Steinn Logi vonast til að hagræðingin auðveldi endurfjármögnun skulda.

Þetta eru ekki fyrstu fjöldauppsagnir hjá Skiptum. Í október í fyrra var 29 starfsmönnum sagt upp. Hjá Skiptum og dótturfélögum vinna í dag 905 manns.

Steinn Logi segir að þrátt fyrir þetta sé fyrirtækið ekki orðið of stórt. Hins vegar séu sömu verkin unnin á nokkrum stöðum og því hafi verið ákveðið að grípa til þessara ráðstafana.




> Ef ekkert gerist í fjárfestingu í landinu er augljóst hvert stefnir. Við sjáum ekki mörg verkefni í kortunum.
>
> **KARL ÞRÁINSSON** FORSTJÓRI ÍAV

Fjórutíu manns var sagt upp hjá verktakafyrirtækinu ÍAV á sama tíma. Starfsfólkið var á ýmsum sviðum, jafnt iðnaðarmenn, verkamenn og starfsfólk á skrifstofu.

Karl Þráinsson, forstjóri ÍAV, segir uppsagnirnar nú endurspegla ástandið á verktakamarkaði og útilokar ekki að fleiri starfsmönnum verði sagt upp. „Ef ekkert gerist í fjárfestingu í landinu er augljóst hvert stefnir. Við sjáum ekki mörg verkefni í kortunum,“ segir hann og rifjar upp að þegar best lét árið 2008 voru starfsmenn ÍAV 650 talsins. Með uppsögnunum nú eru aðeins um tvö hundruð eftir á launaskrá.

Viðbúið var að starfsfólki ÍAV yrði sagt upp eftir að vinnu við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu lyki. Önnur verkefni á vegum ÍAV eru jafnframt á síðustu metrunum.

Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar hefur fimm hundruð manns verið sagt upp í hópuppsögnum fram í ágústlok.

Vinnumálastofnun hefur verið tilkynnt um uppsagnirnar. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, vildi ekki tjá sig um þær í gær.

**jonab@frettabladid.is**

Braut samkeppnisskilyrði:

# Forlagið greiði 25 milljónir

**SAMKEPPNI** Bókaútgáfunni Forlaginu skal borga 25 milljóna króna sekt fyrir brot á banni við birtingu smásöluverðs bóka og banni við því að mismuna bóksölum með afsláttarkjörum.

Forlagið varð til 2008 með samruna JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf. Þegar Samkeppniseftirlitið skoðaði samrunann setti Forlagið fram skilyrði til að ryðja burt samkeppnishindrunum. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu í júlí síðastliðnum að Forlagið hefði brotið gegn þessum skilyrðum, segir í tilkynningu frá eftirlitinu. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest brot Forlagsins. **- gar**



**NEYÐIN ER MIKIL** Sameinuðu þjóðirnar telja að um 750.000 manns í Sómalíu geti dáið á næstu vikum fái þeir ekki hjálp. NORDICPHOTOS/AFP

Hjálparstarf í Sómalíu styrkt:

# 20 milljónir úr fatakaupum

**SAMFÉLAGSMÁL** Rauði kross Íslands afhendir 20 milljón króna framlag fatasöfnunarverkefnis til neyðaraðstoðar í Sómalíu á föstudag. Fjármagnið er fengið fyrir sölu á fatnaði sem fólk gefur Rauða krossinum.

Framlag Rauða kross Íslands nemur nú alls um 56 milljónum króna til neyðaraðstoðar í Sómalíu því áður höfðu safnast 36 milljónir. Stærstu samstarfsaðilar Rauða krossins eru Sorpa hf. og Eimskip/Landflutningar. **- sv**



Fáðu 30% stærra Heimilisbrauð í dag
afmælistilboð







+30%
meira afmælistilboð
meira
stærra
afmæli
meira

# Fáðu stærra Heimilisbrauð í dag

## Heimilisbrauðið er 15 ára. Fáðu 30% meira í dag.

Heimilisbrauðið er 15 ára. Myllan heldur upp á afmælið með margs konar kostaboðum, allt árið. Nú færðu Heimilisbrauðið 30% stærra en venjulega, á sama góða verðinu. Fylgstu vel með á myllan.is. Fáðu þér gott Heimilisbrauð í dag, 30% stærra.

Afmælistilboðið gildir á meðan birgðir endast.

15 ÁRA HEIMILIS BRAUÐ
1996-2011

Fáðu meira frá Myllunni!

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

Óvæntar afmælisgjafir með Heimilisbrauðinu. Vertu í afmæli allt árið. Fylgstu með á myllan.is.

Foreldrar þolanda kynferðisofbeldis óánægðir með yfirvöld á Akranesi

# Óásættanlegt að bregðast ekki við

**Lögmaður foreldra á Akranesi sem hætta ekki á að senda dóttur sína í skólann segir skóla- eða bæjaryfirvöld verða að finna lausn á málinu. Bæjarstjóri bendir foreldrunum á að skjóta málinu til æðra stjórnvalds ef þeim hugnast ekki niðurstaða Akraneskaupstaðar.**

Lögmaður foreldra sem tekið hafa unga dóttur sína úr skóla á Akranesi segir óásættanlegt ef yfirvöld í bænum ætla ekki að taka á málinu. Í skólanum hefur telpan reglulega hitt unglingspilt sem nýlega kom í ljós að hefur brotið gegn henni kynferðislega.

„Nú veit ég ekki nákvæmlega með hvaða hætti skóla- og bæjaryfirvöld ætla að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin,“ segir Halldóra Þorsteinsdóttir, lögmaður hjónanna. „Aðgerðaleysi hlýtur hins vegar að vera óásættanlegt í svona málum. Það blasir við.“

Foreldrarnir eru afar ósáttir við viðbrögð skólans og bæjaryfirvalda, sem hafa hafnað ósk þeirra um að drengurinn verði færður í annan skóla með þeim rökum að það sé ekki heimilt þar sem drengurinn hafi ekki brotið agareglur skólans. Hann verði því ekki færður nema með samþykki foreldra sinna.

Foreldrar drengsins vísa hins vegar í mat sálfræðings sonar síns, sem ekki hafi mælt með flutningi hans á milli skóla. Þess vegna leggist þau gegn því.

„Þetta er auðvitað mjög erfitt og viðkvæmt mál. En það er brýnt að félagsmálayfirvöld í samráði við skólann komist að viðunandi niðurstöðu þannig að tryggt sé að stúlkan geti stundað skólann með sama hætti og áður,“ segir Halldóra.

Hún segir jafnframt að skólayfirvöld verði að hlutast til um að telpan fái nauðsynlega aðstoð og að fylgst verði með líðan hennar í skólanum á komandi mánuðum.

„Það er mjög óheppilegt að foreldrar stúlkunnar þurfi að grípa til örþrifaráða á borð við það að taka hana úr skólanum. Skóla- og félagsmálayfirvöld hljóta að vilja koma í veg fyrir slíkar málalyktir.“

Foreldrar telpunnar fullyrða að skólastjórinn hafi lofað þeim því að tryggt yrði að dóttir þeirra mundi ekki hitta drenginn í mötuneytinu eða í frímínútum. Þá hafi telpunni verið lofað stuðningsfulltrúa til að fylgja henni á milli staða í skólanum. Við þetta hafi hins vegar ekki verið staðið. Að sögn föðurins hefur dóttir hans jafnvel setið á næsta borði við drenginn í nokkur skipti á matmálstíma.



**VIÐKVÆMT** Mál stúlkunnar hefur velkst í kerfinu mánuðum saman. Nú er svo komið að foreldrar hennar vilja ekki lengur senda hana í skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Málið hefur velkst í kerfinu síðan í fyrravetur og meðal annars komið inn á borð menntamálaráðuneytisins, sem hefur ekki séð ástæðu til að grípa inn í.

Í tölvubréfi sem Árni Múli Jónsson, bæjarstjóri á Akranesi, sendi foreldrum telpunnar í júlí segir hann bæjaryfirvöld vilja fá að útbúa skriflega greinargerð um málið áður en foreldrarnir grípi til frekari aðgerða. „Þið getið þá metið stöðuna með hliðsjón af því sem þar kemur fram og ef ykkur sýnist rétt getið þið skotið málinu til umfjöllunar hjá fjölskylduráði […] og/eða leitað með málið til annarra málskotsaðila ef ekki fæst niðurstaða hjá Akraneskaupstað sem þið getið sætt ykkur við.“

Foreldrarnir fullyrða hins vegar að greinargerðin sem Árni Múli vísar til í bréfi sínu hafi aldrei skilað sér.

Árni Múli vildi ekki tjá sig um málið í gær. Það vildi skólastjóri skólans ekki heldur og bar við trúnaði um málefni nemenda.

stigur@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is

## Stúlkunni tíðrætt um „örugga staði“ á skólalóðinni

Stúlkan hefur verið í sálfræðiviðtölum hjá Barnahúsi síðan í janúar. Í stöðumati sem sent var Akranesbæ í júlí er greint frá því að atburðirnir hafi haft mikil áhrif á hana. Hún sýni mikil vanlíðunareinkenni sem séu afar íþyngjandi fyrir hana. Erfitt sé að segja til um áhrifin til lengri tíma litið.

„[Stúlkan] á ágætt með að ræða um meint kynferðisofbeldi en verður alvarleg og döpur þegar tal berst að [honum]. Er ljóst að henni þykir umræðuefnið erfitt. Þá sýnir hún líkamleg kvíðaeinkenni eins og að herpast saman, erfiðleika með að sitja kyrr og svita t.d. í lófum“ þegar tal berist að kynferðisofbeldi. Hún sé afar meðvituð um umhverfi sitt og sé alltaf á varðbergi. Hún upplifi það sem ógn að mæta drengnum á förnum vegi, sé ávallt með síma meðferðis þegar hún fari á milli staða og hafi verið mjög háð foreldrum sínum á leið til og frá skóla og í tómstundir. „[Henni] er tíðrætt um „örugga staði“ á skólalóðinni og virðist algjörlega meðvituð um hvar [hann] heldur sig t.d. í frímínútum og forðast þau svæði.“

Að mati sálfræðingsins er það mjög streituvekjandi fyrir ungt barn að vera svona meðvitað og finna til ótta, sérstaklega þar sem mikilvægt sé að hún finni til öryggis í skóla sem hún eyðir miklum tíma í. Jafnvel þó gerðar hafi verið ráðstafanir til að þau séu ekki á sama stað á sama tíma „virðist umhverfið valda stúlkunni miklum kvíða og sýnir hún alvarleg kvíðaeinkenni eins og magaverk, höfuðverk og spennu í líkamanum,“ auk þess sem hún sé pirraðri og hafi lítið þol gagnvart áreiti.

„Snemma í vor tók stúlkan meðal annars upp á því að naga sig til blóðs þannig að stórt sár hlaust af.“ Þegar grennslast var fyrir um ástæður þess kom í ljós að í hverri viku voru þau á sama tíma á sama stað í tómstundum.



Opið í dag frá kl. 10-18 og laugardag kl. 12-16

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

NOKIA
Connecting People

# Sigurvegarar í Nokia N8 ljósmyndakeppninni 2011



1. verðlaun: Óskar Örn Vilbergsson – Sólsetur í Østerøy í Noregi



2. verðlaun: Oscar Bjarnason – Sólbjartur laugardagur á Laugavegi



3. verðlaun: Grétar Marteinsson – Í fjöru hjá Hótel Hellnum á Snæfellsnesi

**Við óskum Óskari Þór Vilbergssyni til hamingju með sigurmyndina!**

**Hátt í 1300 myndir teknar á Nokia N8 síma voru sendar inn í keppnina og myndefnið var afar fjölbreytt. Margir fönguðu skemmtileg augnablik, því með N8 síma hafa þeir alltaf frábæra myndavél við höndina.**

**Myndgæðin í Nokia N8 jafnast á við hágæðamyndavélar og margir eru farnir að nota hann í staðinn fyrir myndavél. Sumir kalla hann ekki síma með myndavél heldur myndavél sem hægt er að hringja úr. Þú getur alltaf fangað augnablikið með Nokia N8.**

myndavélin
N8



PIPAR\TBWA · SÍA · 112276

**FRÉTTASKÝRING:** Launakjör lögreglumanna

# Vilja að vinnuframlag sé metið til launa

**Lögreglumenn hafa mótmælt nýlegum gerðardómi um kjör stéttarinnar. Meðallaun lögreglumanna voru um 513 þúsund krónur á mánuði á síðasta ári. Verður að skoða launin í samhengi við vinnuframlag segja lögreglumenn.**

Forsvarsmenn lögreglumanna segja launakjör innan stéttarinnar hafa dregist aftur úr viðmiðunarstéttum á borð við tollverði á undanförnum árum. Samningaviðræður Landssambands lögreglumanna við ríkið runnu út í sandinn án þess að tækist að semja, og í kjölfarið kvað gerðardómur upp úrskurð sem kemur í stað kjarasamninga.

Í gerðardóminum kemur fram að laun lögreglumanna eigi að hækka í samræmi við launahækkanir á almennum markaði, auk þess sem álagsgreiðslur lögreglumanna hækka lítillega. Þessi niðurstaða er algerlega óásættanleg að mati lögreglumanna, eins og komið hefur fram í yfirlýsingum frá félögum lögreglumanna og í ályktunum frá fundum sem þeir hafa haldið í sínum hópi.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu voru meðallaun lögreglumanna á síðasta ári um 513 þúsund krónur á mánuði. Af þeirri upphæð voru dagvinnulaun um 284 þúsund krónur, yfirvinnulaun um 110 þúsund, vaktaálag um 59 þúsund og álagsgreiðslur og önnur laun um 60 þúsund krónur.

Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna, segir að skoða verði heildarlaunin í samhengi við vinnuframlag lögreglumanna. Að baki þessum launum liggi bæði langir vinnudagar, vaktavinna og álag í starfi. Meta verði vinnuframlag lögreglumanna til launa.

„Það má taka hvaða viðmiðunarstétt sem er, til dæmis tollverði, og setja þann fjölda vinnustunda sem lögreglumenn vinna inn í launakerfi þeirra til að sjá hversu mikið lögreglumenn hafa dregist aftur úr viðmiðunarstéttunum," segir Steinar.

Hann bendir á að lögreglumenn séu margir á bakvöktum, og á þeim hvíli ríkari skylda en öðrum ríkisstarfsmönnum um að vinna yfirvinnu. Þá megi lögreglumenn ekki vinna aðra vinnu án samþykkis vinnuveitanda.

### Segir yfirmenn ekki of marga

Meðaltal launa heillar stéttar þar sem eru bæði nýliðar og yfirmenn með mikla starfsreynslu gefa þó ekki alltaf rétta mynd af raunverulegum launum, enda dreifingin talsverð.

Meðaltal er fundið með því að leggja saman laun allra lögreglumanna og deila í með fjöldanum. Önnur aðferð er að finna miðgildið, það er raða lögreglumönnum í röð eftir launum, og finna svo þann sem er í miðjum hópnum.

Samkvæmt upplýsingum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) er miðgildi launa lögreglumanna mjög svipað og meðaltalið. Í tölum sem teknar voru saman fyrir Fréttablaðið kemur fram að meðallaunin í október í fyrra voru ríflega 522 þúsund krónur, en miðgildi launa í sama mánuði var tæplega 524 þúsund krónur.

**513** þúsund krónur voru meðallaun lögreglumanna á síðasta ári samkvæmt samantekt fjármálaráðuneytisins.

Í þessum tiltekna mánuði var meðaltalið og miðgildið svipað. Það er fremur óvenjulegt þegar laun stórra hópa eru skoðuð, því yfirleitt er meðaltalið hærra en miðgildið. Það skýrist af því að hlutfallslega fáir eru með há laun sem hífa upp meðaltalið, en hafa ekki jafn mikil áhrif á miðgildið.

Í tilviki lögreglumanna benda þessar tölur til þess að um helmingur þeirra sé með laun yfir meðaltalinu, en um helmingur með laun undir meðaltalinu.

Steinar segir oft hafa verið bent á mikinn fjölda yfirmanna innan lögreglunnar. Þar sé þó verið að líta á stöðuna frá röngu sjónarhorni. Í raun sé fjöldi yfirmanna alls ekki of mikill. Staðreyndin sé sú að almennum lögreglumönnum hefur verið fækkað óhóflega mikið á síðustu árum.

Steinar bendir einnig á að endurnýjun í stéttinni hafi verið minni undanfarin ár en búast mætti við. Það skili sér í reyndari lögreglumönnum með lengri starfsaldur, og þar með hærri laun.

### Hærri laun en tollverðir

Landssamband lögreglumanna er aðildarfélag BSRB. Meðallaun starfsmanna allra aðildarfélaga voru um 353 þúsund krónur á síðasta ári. Dagvinnulaun voru ívið lægri en hjá lögreglumönnum, en yfirvinna, vaktaálag og aðrar greiðslur hífa lögreglumennina upp.

Meðallaun tollvarða, sem einnig heyra undir BSRB, voru um 466 þúsund krónur á mánuði í fyrra, samkvæmt samantekt fjármálaráðuneytisins. Dagvinnulaunin eru svipuð hjá stéttunum, yfirvinnan og vaktaálagið sambærileg, en lögreglumenn síga fram úr vegna álagsgreiðslna og annarra greiðslna. Miðgildi launa tollvarða er svipað og meðallaun.

Önnur stétt innan BSRB sem gengur vaktir eru sjúkraliðar. Á síðasta ári voru meðallaun sjúkraliða um 345 þúsund krónur. Þar af voru um 242 þúsund fyrir dagvinnu, 35 þúsund fyrir yfirvinnu, 58 þúsund vegna vaktaálags og önnur laun voru ríflega 10 þúsund krónur.

**Meðallaun nokkurra starfsstétta**

**opinberra starfsmanna**




HEIMILD: FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is




Opið í dag frá kl. 10-18 og laugardag kl. 12-16

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# DUXIANA

## 1981 **30 ÁRA** 2011


DUX 1001 NORDIC


SUPERSPIDER


JOHAN SOFI

Við höldum upp á 30. ára afmæli DUXIANA á Íslandi
**vikuna 26. september til 1. október.**

**30% afsláttur** af öllum sérpöntunum frá DUX og af
völdum vörum í versluninni. *Önnur tilboð í gangi.*

DUXIANA
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

DUXIANA *HÁÞRÓAÐUR SVEFNBÚNAÐUR* ÁRMÚLA 10 108 REYKJAVÍK S:568 9950



**EFST Á SÚLUNNI** Þessa dagana eru menn að kanna skemmdir sem urðu á Washington-minnismerkinu, súlunni stóru í Washington-borg, þegar jarðskjálfti varð þar í ágúst. NORDICPHOTOS/AFP

93 prósenta verðmunur er á Panodil eftir apótekum samkvæmt könnun ASÍ:

# Oftast ódýrast í Garðsapóteki

**NEYTENDUR** Lausasölulyf voru oftast ódýrust í Garðsapóteki við Sogaveg þegar verðlagseftirlit ASÍ gerði könnun í apótekum á mánudaginn. Oftast voru lyf dýrust í Árbæjarapóteki í Hraunbæ.

ASÍ kannaði verð á 36 algengum lausasölulyfjum, lyfjum sem seld eru án lyfseðils. Í tuttugu tilvikum af þessum 36 var verðið lægst hjá Garðsapóteki og í tuttugu tilvikum var það dýrast hjá Árbæjarapóteki.

Mestur verðmunur reyndist vera á verkjalyfinu Panodil, sem kostaði mest 654 krónur í Austurbæjarapóteki í Ögurhvarfi og minnst 339 krónur í Apótekinu á Akureyri. Verðmunurinn var 93 prósent. 90 prósenta verðmunur var á forðatöflunum Duroferon, sem kostuðu mest 931 krónu hjá Lyfjum og heilsu í Reykjanesbæ en voru ódýrastar hjá Garðsapóteki á 490 krónur. Verðlagseftirlit ASÍ fór í apótek víðsvegar á landinu og heimsótti eina verslun í hverri keðju. Ólafsvíkurapótek neitaði þátttöku í könnuninni. **- þeb**



**LYF** Verð á 36 tegundum af lausasölulyfjum var kannað síðastliðinn mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

AUS heldur hátíð á laugardag:

## Fagnar 50 ára afmæli sínu

**FÉLAGSMÁL** Nú eru 50 ár liðin frá því fyrstu skiptinemarnir og sjálfboðaliðarnir fóru á vegum Alþjóðlegra ungmennaskipta (AUS) til útlanda. Í tilefni að hálfrar aldar afmæli samtakanna efna AUS til hátíðar laugardaginn 1. október næstkomandi.

Í tilkynningu frá AUS segir að á þessum 50 árum hafi hundruð Íslendinga farið utan með samtökunum og annar eins fjöldi erlendra ungmenna komið til Íslands. Athöfnin hefst í Ráðhúsinu klukkan 13. **- sv**



**SVÍN** Mjöl sem unnið er úr beinum úr svínum er notað í vistvænan landbúnað.

Vistvæn ræktun í Svíþjóð:

## Nota beinamjöl frá svínabúum

**SVÍÞJÓÐ** Vistvæni landbúnaðurinn í Svíþjóð verður æ háðari næringarefnum sem upprunalega koma frá hefðbundnum búskap. Í einum algengasta áburðinum er meðal annars beinamjöl frá dönskum svínabúum, að því er sænska ríkisútvarpið greinir frá. Áður en nota má beinamjölið verður þó að dauðhreinsa það til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma.

Lars Hällbom hjá samtökum fyrirtækja sem stunda vistvæna ræktun segir menn vona að í framtíðinni verði hægt að nota næringu úr skólpi. Samkvæmt núgildandi lögum Evrópusambandsins sé hins vegar bannað að nota skólp sem áburð við vistvæna ræktun. **- ibs**

# Græna hagkerfið verður eflt

**Þverpólitísk nefnd kannaði sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar. Nefndin leggur til að efling slíkrar starfsemi verði forgangsverkefni í atvinnustefnu stjórnvalda. 48 tillögur kynntar.**

**UMHVERFISMÁL** Íslenskt atvinnulíf hefur fjölmörg sóknarfæri á sviði grænnar atvinnusköpunar. Þetta er niðurstaða nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins sem skilaði af sér skýrslu um málið í gær.

„Það er kannski meginniðurstaða nefndarinnar að það er ekki svo að við getum litið á umhverfisvernd og atvinnusköpun sem andstæður," sagði Skúli Helgason, þingmaður Samfylkingarinnar, á blaðamannafundi í gær, en hann veitti nefndinni formennsku. „Við teljum að það séu allar forsendur til staðar til að Ísland geti skipað sér í fremstu röð þjóða sem grænt hagkerfi með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni," sagði Skúli.



**SKÚLI HELGASON**

Í skýrslunni eru kynntar 48 tillögur um eflingu græna hagkerfisins. Í framhaldinu er stefnt að því að leggja fram þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun sem byggir á tillögunum.

Nefndin leggur áherslu á að stjórnvöld stuðli að þróun græns hagkerfis með hagrænum hvötum og örvun fjárfestingar í vistvænni atvinnustarfsemi, en ekki með boðum og bönnum. Þá er stefnt að því að hið opinbera verði fyrirmynd þegar kemur að vistvænum starfsháttum.

> Við teljum að það séu allar forsendur til staðar til að Ísland geti skipað sér í fremstu röð þjóða sem grænt hagkerfi ...
>
> **SKÚLI HELGASON**
> ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Af tillögunum má nefna að svokallaður framfarastuðull (GPI), sem tekur meðal annars tillit til þess þegar gengið er á takmarkaðar auðlindir, verði framvegis reiknaður fyrir íslenska hagkerfið og birtur samhliða vergri landsframleiðslu. Þá verði hlutfall vistvænna útboða á vegum ríkisins aukið verulega á næstu árum og í auknum mæli stuðst við mengunargjöld til tekjuöflunar ríkisins. Þó án þess að heildarskattheimta aukist.

Auk Skúla sátu í nefndinni þingmennirnir Illugi Gunnarsson, Sjálfstæðisflokki, og Guðmundur Steingrímsson, sem tók sæti í nefndinni fyrir hönd Framsóknarflokksins en er nú óháður þingmaður. Aðrir nefndarmenn voru Arna Lára Jónsdóttir og Dofri Hermannsson fyrir Samfylkinguna, Bergur Sigurðsson og Salvör Jónsdóttir fyrir Vinstri græna, Guðmundur Ragnar Guðmundsson fyrir Hreyfinguna, og Guðný Káradóttir fyrir Sjálfstæðisflokkinn.



**GRÆNT HAGKERFI** Meðal tillagna nefndarinnar er að Ísland verði kynnt sem grænt hagkerfi fyrir kaupendum vöru og þjónustu, fjárfestum og ferðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í bókunum sem fylgja skýrslunni gerði Illugi fyrirvara við nokkrar af tillögum nefndarinnar. Á blaðamannafundinum sagði hann fyrirvarana þó ekki snerta þá grunnhugsun sem lægi að baki skýrslunni. Auk þess bókaði Guðmundur Ragnar að hann hefði viljað sjá meira afgerandi tillögur frá nefndinni.

**magnusl@frettabladid.is**




Minnihlutastjórnar í burðarliðnum í Danmörku:

## Hátekjuskatturinn varla lengur í myndinni

**DANMÖRK** „Þetta verður búið þegar það er búið," hafa danskir fjölmiðlar eftir Helle Thorning-Schmidt, leiðtoga danska Sósíaldemókrataflokksins, sem talin er langt komin með stjórnarmyndunarviðræður við hina flokka vinstri blokkarinnar.

Leiðtogar Sósíalíska þjóðarflokksins og Róttæka flokksins, sem nú er talið að myndi stjórn með sósíaldemókrötum, vildu heldur ekkert láta eftir sér hafa um gang viðræðnanna.

Samkvæmt frásögn Jótlandspóstsins virðast sósíaldemókratar og sósíalistar ætla, að kröfu Róttæka flokksins, að falla frá áformum sínum um nýjan hátekjuskatt. Í staðinn sættir Róttæki flokkurinn sig við að strangar kröfur til innflytjenda verði áfram við lýði, meðal annars 24 ára reglan umdeilda, sem kveður á um að útlendingur, sem gengur í hjónaband með Dana, þurfi að vera 24 ára hið minnsta til að fá dvalarleyfi í Danmörku á grundvelli hjónabandsins.

Einingarlistinn, sem er lengst til vinstri allra dönsku stjórnmálaflokkanna, er engan veginn sáttur við þessa niðurstöðu um brotthvarf hátekjuskattsins.

Í gær var talað um að lendingin yrði tveggja eða þriggja flokka minnihlutastjórn, nefnilega stjórn sósíaldemókrata og sósíalista með stuðningi Einingarflokksins og annaðhvort stuðningi eða beinni aðild Róttæka flokksins.



**HELLE THORNING-SCHMIDT** Segir fátt við fjölmiðla um stjórnarmyndunarviðræðurnar, sem þó virðast nálgast lokastig. NORDICPHOTOS/AFP

Danska þingið kom saman í gær í fyrsta sinn frá kosningum, en þingfundurinn stóð aðeins í hálfa aðra mínútu. Aðeins tvö mál voru á dagskrá: Mogens Lykketoft, fyrrverandi leiðtogi danska Sósíaldemókrataflokksins, var kjörinn þingforseti og kosið var í nefnd til að fara yfir úrslit kosninganna. **- gb**

# Eins og sniðin fyrir þig ...



25% afsláttur af öllum fylgihlutum fyrir saumavélar



**Pfaff Quilt Expression 4,0**

Fullkomnasta bútasaumsvélin frá Pfaff
Verð 199.800 kr. **Tilboð 189.900 kr.**



**Husqvarna Sapphire 875 Quilt**

Fullkomnasta bútasaumsvélin frá Husqvarna
Verð 179.900 kr. **Tilboð 169.900 kr.**



**Singer 14SH754**

4 þráða overlockvél með mismunaflutning
Verð 59.900 kr. **Tilboð 44.900 kr.**



**Pfaff Select 3,0**

Öflug saumavél með yfirflytjara
Verð 89.900 kr. **Tilboð 74.900 kr.**



**Husvarna Emerald 118**

Góð og kraftmikil saumavél
Verð 59.900 kr. **Tilboð 47.900 kr.**

# Velkomin

## á saumavéladaga Pfaff föstudag og laugardag

Leyfðu sköpunarkraftinum að njóta sín með öflugri saumavél frá Pfaff. Eigum til allar tegundir saumavéla, jafnt fyrir byrjendur sem og lengra komna. Fagleg ráðgjöf í boði og frábær tilboð. Við tökum vel á móti þér.

**Tilboðin gilda einungis þessa tvo daga!**

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is • facebook.com/pfaff.is

PFAFF



## Ostameistari
Kynnir nýja 17% Sveitabitan og Sterkan gouda

**Fimmtudagur 29. september**
kl. 15:00-17:00 í Kringlunni
kl. 17:30-19:00 á Eiðistorgi

**Föstudagur 30. september**
kl. 13:00-15:00 í Skeifunni
kl. 15:30-17:30 í Garðabæ
kl. 17:45-19:30 í Smáralind

## Ostameistari
Kynnir Camembert, Dalahring, Bláan kastala, Gullgráðost, Gráð-feta og Fetakubb.

**Föstudagur 30. september**
kl. 14:30-16:30 í Kringlunni
kl. 17:00-19:00 á Eiðistorgi

**Laugardagur 1. október**
kl. 12:00-14:00 í Skeifunni
kl. 14:30-16:30 í Garðabæ
kl. 17:00-18:30 í Smáralind

# MJÓLKUR- & OSTADAGAR
# Í HAGKAUP






















sælkeraborð
HAGKAUPS
kringlunni







**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 9. október á meðan birgðir endast.

# BRAKANDI FERSKT ÍSLENSKT GRÆNMETI Á HVERJUM DEGI

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

*Kynningar á íslensku grænmeti*

**í Skeifunni, Smáralind og Garðabæ**

Fimmtudagur 29. september kl. 14:00-18:00

Föstudagur 30. september kl. 14:00-19:00

Laugardagur 1. október kl. 13:00-17:00






HINN EINI SANNI

*ferskt daglega!*

# SLÁTURMARKAÐUR

## í Hagkaup SMÁRALIND

## Afgreitt frá kl. 14 - 18*

*Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

**ÓDÝRT OG GOTT!**

Keppurinn á ca. 90 kr.



**Sérvalinn og snyrtur**

**½ lambaskrokkur**

100% nýting engin slög

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, sagaður í kótilettur
- Frampartur sagaður
- Súpukjöt

**30% afsláttur við kassa**

**1098**kr/kg ~~1568kr/kg~~

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

Lóa Magnúsdóttir starfsmaður UNICEF í Pakistan



**TÍMABUNDIÐ SKJÓL** Ungur drengur veður um skólalóðina í þorpinu Fatehpur í Sindh-héraði. Skólinn er nú neyðarskýli fyrir þá sem hafa hrakist frá heimilum sínum.



**FLÝJA FLÓÐIN** Milljónir manna eru í hrakningum vegna flóðanna. Hér sést götumarkaður sem komið hefur verið upp við Badin-borg þar sem vatn liggur yfir markaðstorgi.




**Í ELDLÍNUNNI** Lóa Magnúsdóttir hefur verið við störf í Pakistan í næstum ár og verður þar sennilega í um tvö ár til viðbótar.

# Neyðarástandið sem gleymdist

Flóð í Pakistan hafa kostað hundruð manna lífið og haft áhrif á milljónir karla, kvenna og barna. Þetta er annað árið í röð sem Pakistanar lenda í slíkum hörmungum. *Þorgils Jónsson* ræddi við **Lóu Magnúsdóttur** sem vinnur fyrir UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, á hrjáðu svæðunum. Hún segir algjört forgangsatriði að tryggja hreinlæti, aðgang að vatni og heilsugæslu.

Flóðin sem heltóku suðurhluta Pakistans í fyrra voru þau verstu sem nokkru sinni hafa sést og ollu gríðarlegum skaða á híbýlum og ræktunarlandi. Lóa segir að ástandið sé öðruvísi núna í ár og útlitið sé ekki gott.

„Rigningin byrjaði 10. ágúst og hefur haldið áfram að magnast út september sem kom mjög á óvart miðað við allar veðurspár. Í fyrra kom flóðvatnið að norðan og gekk suður yfir allt landið. Núna er hins vegar búið að rigna miklu meira hér sunnan til í landinu en í fyrra þannig að það er meira standandi vatn. Ástandið er sérstaklega erfitt í Sindh-héraði í suðurhlutanum þar sem stór hluti lands er ennþá undir vatni. Þannig eru heimili fólks á floti og fjölmargir komast ekki heim til sín. Vatnið liggur enn yfir öllu.“

Á sjöttu milljón manna hafa orðið fyrir barðinu á flóðunum með einum eða öðrum hætti og 1,8 milljónir hafa hrakist af heimilum sínum. Tæpur helmingur þeirra hefst nú við í tímabundnum búðum sem eru um sex þúsund talsins.

„Svo varð helmingur þeirra sem verða fyrir flóðunum núna líka fyrir áhrifum af flóðunum í fyrra og var jafnvel rétt að koma sínu lífi á ról þegar ósköpin riðu aftur yfir,“ bætir Lóa við.

„Fólkið sem býr hér á svæðinu er yfirleitt mjög fátækt og áttatíu prósent þess lifa af landbúnaði. Þau voru búin að að byggja upp landið sitt á ný en nú hefur helmingur íbúanna á þessum svæðum misst allt sitt tvö ár í röð út af flóðunum. Í þessu héraði eyðilagðist 1 milljón hektara í fyrra og 650 þúsund hektara í ár. “



**Á FLOTI** Fjölskylda í borginni Hyderabad í Sindh-héraði flytur eigur sínar og börn yfir vatnsflauminn sem hefur heltekið stór svæði í Pakistan og hrakið hundruð þúsunda af heimilum sínum. Þetta er annað árið í röð sem mikil flóð ganga yfir landið. MYNDIR/UNICEF

## Gagnrýni á viðbrögð stjórnvalda

Stjórnvöld í Pakistan voru harðlega gagnrýnd fyrir viðbrögð sín við flóðunum í fyrra. Þá fór fimmtungur af öllu landsvæði undir vatn og 18 milljónir manna hröktust af heimilum sínum í verstu flóðum sem sögur fara af.

Asif Ali Zardari, forseti landsins, hélt til funda við leiðtoga Frakklands og Bretlands á meðan hungur og vosbúð magnaðist hjá milljónum samlanda hans. Við það magnaðist enn óstöðugleiki í landinu og óeirðir brutust víða út. Þetta meinta sinnuleysi stjórnvalda var einn af samverkandi þáttum sem urðu til þess að illa gekk að safna fé til hjálparstarfsins.

Í ár hafa líka heyrst gagnrýnisraddir, en stjórnvöld glímdu þegar við óvinsældir vegna ýmissa mála. Meðal annars hefur verið upplausn á stjórnmálasviðinu og efnahagsástandið er slæmt.

> Þau voru búin að að byggja upp landið sitt á ný en nú hefur helmingur íbúanna á þessum svæðum misst allt sitt tvö ár í röð út af flóðunum.

### Mikill samhugur

Þrátt fyrir að gríðarlegur fjöldi fólks búi við hörmungaraðstæður segir Lóa að samhugur sé mikill meðal borgaranna.

„Pakistanar eru alltaf reiðubúnir að opna heimili sín og rétta nauðstöddum hjálparhönd. Það er hluti af þeirra menningu og trú. Það veldur hins vegar líka nokkrum vandræðum þar sem fólk er dreifðara og og erfitt að ná til allra sem eiga um sárt að binda.“

Starf UNICEF á flóðasvæðunum snýst fyrst og fremst um að sjá til þess að ástandið stigversni ekki og að farsóttir brjótist ekki út.

„Það fyrsta sem við hugum að er hreinlæti, heilsa og aðgangur að vatni. Við förum með tankbíla um allt svæðið og það eru nú um 110 þúsund manns sem fá daglega 5 lítra af vatni frá UNICEF. Svo erum við með farandteymi sem ná nú til 500.000 manna og veita bólusetningar og almenna heilbrigðisráðgjöf og dreifa einnig moskítónetum. Það er afar mikilvægt að börn sofi undir moskítónetum til að verja þau gegn flugum sem bera sjúkdóma. Svo er það líka auðvitað að koma börnum aftur í skóla og veita þeim verndandi umhverfi. Aðaláherslan er samt á vatn, heilsu og hreinlæti til þess einfaldlega að halda fólki á lífi.“

### Langvinn barátta fram undan

Baráttan verður langvinn hjá UNICEF og öðrum hjálparstofnunum á neyðarsvæðunum þar sem gera má ráð fyrir því að fólk komist jafnvel ekki til síns heima fyrr en eftir fimm mánuði.

„Það er alveg viðbúið að standandi vatn verði viðvarandi á svæðunum næstu þrjá til sex mánuði. Í fyrra hófust flóðin til dæmis í júlí og ágúst, og þeir síðustu voru að komast heim í febrúar. Baráttan hjá okkur mun þannig halda áfram næstu sex mánuði. Á þeim tíma verðum við í því að safna fjármagni og koma nauðstöddu fólki til hjálpar.“

### Söfnun gengur erfiðlega

Lóa starfar á sviði fjáröflunar hjá UNICEF og snýst hennar starf að miklu leyti um samskipti við styrktaraðila og að styrkumsóknum. Hún kom til Pakistans fyrir um ári, þá á vegum utanríkisráðuneytisins, en hefur ílengst og er útlit fyrir að hún verði við störf í landinu næstu tvö árin eða svo.

Fjáröflun hefur verið afar erfið að þessu sinni, að sögn Lóu, og vantar enn mikið upp á þá upphæð sem stefnt var að því að safna.

„Ég veit ekki hverju þessi tregða sætir, en við höfum aldrei séð svona lítil viðbrögð við neyðarástandi. Allar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og önnur mannúðarsamtök sameinuðust um að senda út ákall fyrir þar um 50 milljónir dala en höfum bara fengið 1,3 milljónir hingað til, og þó svo að við vitum af 7,2 milljónum til viðbótar sem eru á leiðinni erum við bara komin með um 16 prósent af því sem við þurfum. Söfnunin hefur farið mjög hægt af stað og það virðist erfitt að koma skilaboðunum áleiðis.“

### Börnin í hættu

Langvarandi og síendurtekin neyð eins og Pakistanar hafa þurft að upplifa reynir sérstaklega á börnin á svæðinu. Skólar eyðileggjast og börn eru slitin upp úr sínu umhverfi og missa þar af leiðandi mikið úr menntun og þar fram eftir götunum.

„Þetta hefur mjög slæm áhrif á líf barna, sérstaklega þar sem margir voru rétt að koma undir sig fótunum á ný þegar seinni flóðin riðu yfir,“ segir Lóa en bætir engu að síður við að þrátt fyrir allt megi grilla í vonarglætu í gegnum myrkrið.

„Það er lán í óláni að í neyðarástandinu í fyrra kom í ljós að með tilkomu fleiri mannúðarstofnana og stórauknum aðgerðum stjórnvalda efldist menntun og heilbrigðisþjónusta. Nýir skólar risu og heilbrigðisaðstaða á svæðunum batnaði sömuleiðis. Neyðin opnaði því að vissu leyti fyrir aðgang að fólki sem hefur aldrei fengið aðstoð áður.“

### Gjafmildir Íslendingar

Íslendingar hafa jafnan verið ósparir á að láta fé af hendi rakna til góðra málefna um heim allan og segir Lóa að til dæmis hafi UNICEF á Íslandi safnað um 10 milljónum króna vegna flóðanna í fyrra.

„Ef fleiri vilja styðja okkur að þessu sinni er best að fara inn á heimasíðuna okkar unicef.is eða hringja upp á skrifstofu og fá þar upplýsingar um hvernig megi bera sig að. En svo eru líka önnur hjálparsamtök eins og Rauði krossinn og Barnaheill sem eru að safna fyrir neyðarstarfi í Pakistan. Ástandið hjá okkur hér úti er þannig að allt er mjög vel þegið.“

# Fundarlaun

Óbreytt alþingiskona að nafni Jóhanna Sigurðardóttir skrifaði eftirfarandi grein í Morgunblaðið árið 1996 þar sem hún ásakar þáverandi ríkisstjórn fyrir að vera fasta í gamla verðbólgu hugsunarhættinum. Hún sagði efnahagsleg rök og sanngirni mæla með algeru banni á verðtryggingu á lánum til heimilanna. Henni finnst fáránlegt að grænmetisverð hækki höfuðstól lána heimilanna. Hún var þá nýlega búinn að segja þessi fleygu orð:

**Minn tími mun koma.**

Undirritaður tekur nánast undir hvert einasta orð í greininni og heitir fundarlaunum hverjum þeim er kann að finna þessa konu – helst fyrir laugardaginn 1. október. Síðast sást til hennar ganga inn í stjórnarráð Íslands með Steingrími nokkrum Sigfússyni fyrir rúmum tveimur árum.

MORGUNBLAÐIÐ LAUGARDAGUR 2. NÓVEMBER 1996 31

AÐSENDAR GREINAR

## Ísland eina landið sem verðtryggir skuldir heimilanna

RÍKISSTJÓRNIN telur að sívaxandi skuldir heimilanna séu merki um að heimilin eyði um efni fram. Ríkisstjórnin talar minna um að heimilin í landinu eru oft neydd til að taka lán til að eiga til hnífs og skeiðar frá degi til dags og fyrir gluggaumslögunum frá lánastofnunum vegna skulda sem sífellt vefja upp á sig. Ríkisstjórnin talar heldur ekki um hvernig verndarstefnan og ofurtollar í landbúnaði, sem heimilin eiga enga sök á, hafa aukið skuldir heimilanna.

> Efnahagsleg rök og sanngirni mæla með því að verðtrygging á lánum til heimilanna verði alfarið bönnuð. **Jóhanna Sigurðardóttir** telur að ríkisstjórnin sé föst í gamla verðbólguhugsunarhættinum.

**Grænmetisverð eykur skuldir heimilanna**

Stöðugleiki hefur ríkt í efnahagslífinu á undanförnum árum- fyrir tilstuðlan launafólks og verðbólgan verið með því minnsta sem þekkist. Fólkið skilur því ekki hvernig höfuðstóll skuldanna vex sífellt. Er nema von að það skilji ekki ástæðurnar, eins og þegar kartöflur hækkuðu tímabundið í sumar, þá leiddi vísitalan og verðtrygging til þess að skuldir heimilanna jukust um 500 milljónir króna. Hækkun á grænmeti á einu ári, sem mörg heimili hafa ekki efni á að kaupa vegna ofurtolla og verndarstefnu ríkisstjórnarinnar, juku engu að síður skuldir heimilanna um 1300 milljónir króna.

**Verðtryggð lán ekki afnumin**

Undirrituð beindi fyrirspurn til viðskiptaráðherra á Alþingi um verðtryggingu lána og skuldir heimilanna. Þar kom margt athyglisvert fram sem kallar á viðbrögð.

Meginniðurstaðan er að verðtrygging er ekki á lánum til heimila í löndum OECD, að Íslandi undanskildu. Notkun hennar í öðrum löndum hefur einskorðast við ríkisskuldabréf en þó í mjög litlum mæli. Skuldir heimila í árslok verða 350 milljarðar króna og hafa aukist á þessu ári um 25 milljarða króna. 90% af lánunum eru verðtryggð, en einungis 10% óverðtryggð.

Af hálfu stjórnvalda eru engin áform uppi um að takmarka verðtryggingu lána, umfram það sem þegar hefur verið ákveðið.

**Staða heimilanna hér og á hinum Norðurlöndunum**

Skuldir heimilanna á hinum Norðurlöndum hafa farið hraðminnkandi frá 1986. Hér á landi hafa þær farið vaxandi á þessum tíma og voru á síðasta ári 125% af ráðstöfunartekjum eða 25% umfram það fé sem heimilin hafa til ráðstöfunar. Gjaldþrot heimilanna hafa vaxið gífurlega. Á árinu 1993 voru þau 414 – á árinu 1995 – 871 gjaldþrot. Þannig hafa gjaldþrot heimilanna meira en tvöfaldast á 2 árum. Laun og lífskjör eru hér með því lægsta sem þekkist og vinnutími hvað lengstur. Auk þess þurfa íslensk heimili að búa við verðtryggingu á lánaskuldbindingum sínum sem hvergi þekkist innan landa OECD. Því til viðbótar eru bæði raunvextir og nafnvextir mun hærri hér á landi. Þannig voru nafnvextir um 2–3% hærri á Íslandi, en hinum Norðurlöndum í október sl., þó verðbólgan sé svipuð í þessum löndum.



Jóhanna Sigurðardóttir

**Ríkisstjórnin hefur enga trú á stöðugleikanum**

Stöðugleiki, lítil verðbólga og lengst af jákvæður viðskiptajöfnuður hefur ríkt hérlendis á síðustu misserum. Jafnframt sýna mörg fyrirtæki mikinn hagnað og greiða niður skuldir sínar.

Þessi umskipti í efnahags- og atvinnulífi má að langmestu leyti þakka launafólki, en afleiðing þess hefur bitnað á launafólki, með auknum skuldum þeirra og litlum launahækkunum. Allt þetta ætti nú að skapa forsendur til að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum heimilanna. En allt kemur fyrir ekki. Rökstuðningur ráðherrans í svari við fyrirspurn minni byggist á gamla verðbólguhugsunarhættinum, – sem ríkisstjórnin virðist föst í. Hún hefur enga trú á að stöðugleikinn haldist til framtíðar.

**Er Ísland öðruvísi?**

Það vekur líka athygli í svari ráðherrans að þó stjórnvöld hafi þegar ákveðið að banna verðtryggingu á sparifé landsmanna frá 1. janúar árið 2000 stendur ekki til að banna verðtryggingu útlána umfram það sem þegar hefur verið ákveðið á skammtímalánum. Það mæla bæði efnahagsleg rök og sanngirni með því að verðtrygging á lánum til heimilanna verði alfarið bönnuð á næstu misserum.

Við viljum ekki endurtaka leikinn frá 1983 að kippa úr sambandi verðtryggingu launa en ekki lána. Ríkisstjórnin kemst ekki hjá því að svara af hverju Ísland, sem býr við svipað efnahagsumhverfi og þjóðir sem við berum okkur saman við, hafi eitt landa verðtryggingu á lánum til heimilanna. Og það sem verra er. Ætli að viðhalda henni. Því verður að breyta.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Hennar tími er kominn

Ég vil benda á að Hagsmunasamtök heimilanna standa nú fyrir undirskriftarsöfnun þar sem krafist er afnáms verðtryggingar og réttlátra, almennra leiðréttinga á lánum heimilanna, bæði gengis og verðtryggðra og vil ég hvetja alla þá er styðja þessar heilbrigðu kröfur að **skrifa undir á www.heimilin.is** og mæta á **stefnumót við stjórnvöld á Austurvelli kl. 10 um morguninn laugardaginn 1. október.**

Undirritaður fylgist spenntur með hvort nafn Jóhönnu Sigurðardóttur sem nú er forsætisráðherra, komi ekki fyrir á lista undirskriftasöfnunarinnar og hvort hún sér ekki sóma sinn í því að taka við undirskriftarlistanum með langt yfir 30.000 nöfnum á Austurvelli hinn 1. október við setningu Alþingis eins og hún er búin að fá boð um.

**Kannski er hennar tími bara liðinn, hver veit.**

Vilhjálmur Bjarnason ekki fjárfestir heldur fjölskyldufaðir í Hafnarfirði.

p.s. fundarlaunin eru afnám verðtryggingar heimilslána.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lögreglan þarf að vera vel launuð og mönnuð.

# Undirstaða velferðarinnar

Óánægja lögreglumanna með kjör sín er vel skiljanleg. Þeir hafa bent á að þeir hafi dregizt aftur úr þeim viðmiðunarhópum sem voru skilgreindir þegar lögreglumenn voru sviptir verkfallsrétti. Niðurstöðu gerðardóms telja þeir ekki taka mið af þessu kjaramisgengi. Láti vinnuveitandi þeirra, ríkið, kjaradeilur ævinlega ganga til gerðardóms eins og nú séu lögreglumenn fastir í láglaunagildru.

Ofan á launamisgengið bætist að framlög til lögreglunnar hafa verið skorin niður umfram það sem forsvaranlegt getur talizt út frá öryggi borgaranna. Það skilar sér sömuleiðis í erfiðari starfsaðstæðum lögreglumanna og álagi sem er nánast ómanneskjulegt.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Lögreglumenn eiga lengri og erfiðari vinnudag en við flest og horfa dag hvern upp á æ harðari heim fíkniefnaneyzlu, ofbeldis og skipulagðrar glæpastarfsemi, sem fer saman við vaxandi virðingarleysi fyrir þeim sjálfum og störfum þeirra.

Eins og málin standa nú er raunveruleg hætta á að flótti verði úr lögreglunni. Þeir sem þar starfa hafa flestir menntun og reynslu sem nýtist vel í öðrum störfum. Erfitt atvinnuástand er líklega eitt af því fáa sem kemur í veg fyrir að lögreglan missi margt af sínu bezta fólki – ásamt því að í stétt lögreglumanna eru margir sem sinna starfi sínu af hugsjón.

Forystumönnum ríkisstjórnarinnar verður tíðrætt um að standa þurfi vörð um grundvöll velferðarsamfélagsins. Öflug og vel mönnuð lögregla er að sjálfsögðu hluti af þeim grundvelli. Aðgangur að frábærri heilbrigðis- og félagsþjónustu er lítils virði ef fólk getur ekki verið öruggt um sjálft sig og eignir sínar. Löggæzlan er grundvallarhlutverk ríkisvaldsins sem kemur á undan flestum öðrum verkefnum í forgangsröðinni.

Þess vegna hljóta stjórnvöld að reyna að finna lausnir á kjaradeilu lögreglumanna. Það kann að taka einhvern tíma, eins og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær, en um leið ber að hafa í huga að biðlund lögreglumanna er augljóslega á þrotum.

Störf lögreglumanna eru þess eðlis að í kjarabaráttu sinni geta þeir ekki gert neitt sem stofnar öryggi fólks í hættu. Það ber stjórnvöldum að virða, en ekki notfæra sér.

Sömuleiðis er mikilvægt að þeir sem um þetta mál fjalla geri það með ábyrgum hætti. Það er fullkomlega ábyrgðarlaust að velta vöngum um hvort ólæti brjótist út við þingsetningu ef óeirðasveitir lögreglunnar vanti. Það er ábyrgðarlaust að skamma lögreglumenn í kjarabaráttu fyrir ákvörðun sem yfirmaður þeirra tók, um að sleppa heiðursverði við þingsetningu, eins og Ólína Þorvarðardóttir þingmaður gerði. Og það er fullkomlega galið að spyrða saman kjarabaráttu lögreglumanna og athugasemdir Ríkisendurskoðunar (óháðrar eftirlitsstofnunar á vegum Alþingis) við það hvernig stjórnendur lögreglunnar umgengust reglur um opinber útboð, eins og Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, gerði á heimasíðu sinni. Þær athugasemdir koma kjaramálum lögreglumanna að sjálfsögðu ekkert við.

Staða mála í lögreglunni er alvarlegri en svo að menn eigi að reyna að nota hana til að slá pólitískar keilur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvatt til mismununar?

Gunnar Smári Egilsson er nýorðinn formaður SÁÁ. Sem slíkur hefur hann lag á að koma sér í fjölmiðla, nokkuð sem hann reyndar alltaf hefur haft, og beitir oftar en ekki til þess stórytum yfirlýsingum. Hann kom með nýjan vinkil á launadeilu lögreglumanna í gær. Gunnari Smára er uppsigað við næturlífið í miðborg Reykjavíkur. Hann telur kráareigendur á svæðinu bera ábyrgð á stórum hluta útgjalda lögreglunnar, þar sem 70 til 80 prósent verkefna þeirra komi til vegna óhófsneyslu á áfengi og vímuefnum. Gunnar Smári leggur því til að þeir staðir sem fái að hafa opið lengur en til miðnættis borgi himinháa upphæð fyrir leyfið sem renni til launagreiðslna lögreglunnar. Það vekur upp þá spurningu hvort lögreglumenn í landshlutum fjarri miðborg Reykjavíkur verði á lægri launum. Eða telur formaður SÁÁ að verkefnum lögreglunnar á Hólmavík fækki við minna næturlíf í Reykjavík?



### Að læra af sögunni

Annað sem Gunnar Smári telur einboðið að gera er að hækka verð á áfengi. Með því fækki ofbeldisglæpum, því neyslan minnki. Sagan getur kennt manni ýmislegt. Hálfs lítra dós af bjórtegundinni Egils gulli kostaði í febrúar 2008 207 krónur en kostar nú 329 krónur. Hefur með öðrum orðum hækkað um tæp 60 prósent. Telur Gunnar Smári að ofbeldisglæpum hafi fækkað að sama skapi?



### Versta flóttatilraun sögunnar

Vinsælt er að segja að þingmenn séu á flótta undan þjóðinni þar sem þingsetningunni á morgun hefur verið flýtt. Flótti sem tilkynntur er fjölmiðlum fyrir fram og gefinn út á dagskrá hvar og hvenær verður hlýtur að teljast versta flóttatilraun sögunnar.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Skuldafangelsi Íslandsbanka

Fjármál



Kristinn H. Gunnarsson
fyrrverandi alþingismaður

Viðskiptabankarnir beita öllu afli sínu og verja óbreytt kvótakerfi. Þeir hæla kerfinu á hvert reipi og Íslandsbanki lofar það í hástert. Bankastjórinn segir áróðursstríð vera í gangi og nú verði allir velunnarar þeirra sem eiga ótímabundinn einkarétt á hagnaðinum að verjast áformum stjórnvalda. Það er um mikla peninga að tefla, arðurinn er talinn verða 35-45 milljarðar króna á hverju ári.

Reynslan kennir okkur að það má efast um dómgreind stjórnenda bankanna. Það eru aðeins tvö ár síðan þessir bankar fóru allir á hausinn vegna óábyrgra útlána. Aðeins var hugsað um skyndigróðann og fátt var byggt upp í íslensku atvinnulífi. Á árunum 2003-2008 keyrði um þverbak og fjármálastofnanir skuldsettu framtíðina í sjávarútveginum. Skuldirnar jukust um 400 milljarða króna, mest á ofangreindum árum.

> Þetta eru ráð þeirra sem eru lengst frá því að reka heilbrigt bankakerfi.

Bankarnir stjórna nú sem þá verðlagi á veiðiheimildunum í samráði við fáeina útgerðarmenn. Gerviverðlagning kvótans er spilaborgin sem fjárhættuspil Íslandsbanka og annarra banka hvílir á. Stór hluti skuldanna er byggður á skáldskap íslenskra bankastjóra um verðlag á kvóta sem hafði þann eina tilgang að eyða á stuttum tíma öllum hagnaði af sjávarútvegi næstu 15-20 árin og koma honum í hendur fárra aðila.

Alþjóðaefnahagsráðið setur íslenska bankana á botninn meðal 143 þjóða á lista um heilbrigði banka. Þeir eiga það fyllilega skilið. Það er ekkert heilbrigt við skuldsetninguna í sjávarútveginum. Hún varð ekki til þess að endurnýja skipin, hún leiddi ekki til fjárfestingar í öðrum varanlegum rekstrarfjármunum, hún varð ekki til þess að auka framleiðni í útgerðinni og hún varð ekki til þess að innleiða samkeppni og auka hæfni stjórnenda.

Skuldafangelsið sem viðskiptabankarnir settu sjávarútveginn í varð aðeins til þess að 500 fjölskyldur velta sér upp úr auðæfum, sem aldrei áður í Íslandssögunni hafa verið jafnmikil á höndum jafnfárra. Þetta er kerfið sem bankastjóri Íslandsbanka vill verja með kjafti og klóm. Kerfi sem mun viðhalda skuldafangelsi í sjávarútvegi. Þetta eru ráð þeirra sem eru lengst frá því að reka heilbrigt bankakerfi. Nóg er komið af þeim óráðum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Farðu heim, krakki

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Brottvísun kanadíska námsmannsins Jordan Chark er skömm fyrir íslensk stjórnvöld. Lýsing talsmanna Útlendingastofnunar á gildandi lögum er villandi og lögin sjálf löggjafanum og ráðamönnum til lítils sóma.

Aðeins á upphafsreit. Ungur Kanadabúi lærir íslensku í gegnum netið. Hann kemur til landsins þremur mánuðum fyrir 18 ára afmælið sitt. Fær inni í Háskóla Íslands í íslensku fyrir útlendinga. Fer strax á annað ár. Útlendingastofnun vísar þessu varnarlausa barni heim, í hlýjan faðm fjölskyldunnar.

En eru lög ekki lög? Ja, hver eru nákvæmlega lögin? Stjórnarskráin tiltekur að rétti útlendinga til að dveljast á Íslandi skuli skipað með lögum. Það er gert með lögum um útlendinga. Í þeim lögum eru tilgreindir nokkrir flokkar dvalarleyfa. Í sumum þeirra flokka er krafa um lágmarksaldur. Slík krafa er ekki til staðar þegar kemur að dvalarleyfum vegna náms.

Umrætt aldursskilyrði er hins vegar sett í reglugerð um útlendinga. Nú er það fyllilega sjálfsagt að ráðherra setji reglugerð til að skýra einstök atriði laganna, t.d. varðandi skilyrði framfærslu sem geta tekið breytingum frá ári til árs. En það er fráleitt að jafnstórt atriði og lágmarksaldur umsóknar dvalarleyfis eigi að setja í reglugerð.

Líklegast var ráðherra á hálum ís fyrst þegar reglugerðin var sett. Síðan hefur lögunum verið breytt og nú er tiltekið að ráðherra megi setja „frekari skilyrði fyrir dvalar- og búsetuleyfi". Með því var það nákvæmlega gert sem stjórnarskráin reynir að hindra: Framkvæmdarvaldinu var færður óútfylltur tékki til að setja hvaða viðbótarskilyrði sem er fyrir því að menn geti dvalið löglega á landinu.

Næsta hneisa felst í lýsingu Útlendingastofnunar á gildandi reglum. Eftirfarandi kom fram í fréttum Stöðvar 2 um málið:

„Í samtali við fréttastofu segir forstjóri Útlendingastofnunar reglurnar vera skýrar. Þeim sem eru ekki orðnir átján ára verður ekki veitt dvalarleyfi á Íslandi en Jordan verður átján ára nú í desember. Því hafi hann verið beðinn um að yfirgefa landið en málið var jafnframt tilkynnt barnaverndarnefnd. Útlendingastofnun hafi enga heimild til að veita undanþágu frá reglunum."

Sé rétt eftir haft þá fer forstjóri Útlendingastofnunar hér með rangt mál. Eftirfarandi ákvæði má finna í reglugerð um útlendinga:

„Útlendingur sem sækir um dvalarleyfi skal hafa náð 18 ára aldri. Útlendingur yngri en 18 ára getur einungis fengið dvalarleyfi í tengslum við dvalarleyfi foreldris eða forsjármanns. Frá þessu má víkja ef:

a. barn hefur sérstök tengsl við landið eða þá aðila sem það hyggst búa hjá hér á landi,

b. lögformlega hefur verið gengið frá því í heimaríki barns að forsjá þess flytjist til þess aðila sem mun annast það hér á landi og

c. niðurstaða könnunar barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem barnið hyggst dveljast hér á landi mæli ekki gegn því.

Útlendingastofnun getur enn fremur ákveðið að víkja frá skilyrðum 1. og 2. málsliðar ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því."

> Í stuttu máli hvíla reglurnar sem notaðar voru til að vísa Jordan Chark úr landi hvíla á hæpnum lagaheimildum. Útlendingastofnun hefur síðan gefið villandi upplýsingar um hverjar reglurnar séu. Stífleikinn og þvermóðskan er svo yfirvöldum til háborinnar skammar.

Sem sagt: Útlendingastofnun hefur víst heimild til að veita undanþágu frá umræddri 18 ára reglu. Að uppfylltum þremur skilyrðum. Forstjórinn hefði getað sagt að ekki ekki hafi verið sótt um undanþágu eða að skilyrðum hennar hafi ekki verið fullnægt, en að halda því fram að undanþágan sé ekki til staðar er rangt.

Það sem meira er þá hefur Útlendingastofnun skýra heimild til að víkja frá umræddum skilyrðum ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því. Hér mætti auðveldlega færa rök fyrir því að þar sem umsækjandi sé alveg við það að ná 18 ára aldri, hafi myndað tengsl við landið og ekkert bendi til að barnaverndarsjónarmið eigi við mæli sanngirnisrök fyrir því að hann fái dvalarleyfið. Aftur: Forstjóri Útlendingastofnunar hefði getað sagt að sanngirnisástæður hafi ekki verið fyrir hendi að mati stofnunarinnar en það gerði hann ekki, hann sagði að stofnunin hefði ekki getað veitt leyfið, sem er rangt.

Í stuttu máli hvíla reglurnar sem notaðar voru til að vísa Jordan Chark úr landi á hæpnum lagaheimildum. Útlendingastofnun hefur síðan gefið villandi upplýsingar um hverjar reglurnar séu. Stífleikinn og þvermóðskan er svo yfirvöldum til háborinnar skammar. Kanadabúinn knái á skilið að fá afsökunarbeiðni. Á íslensku, auðvitað.

AF NETINU

### Evran getur farið í tvær áttir

Evrusamstarfið verður ekki óbreytt eftir þá kreppu sem við stöndum í miðri. Ég held að enginn telji svo vera – breytinga er þörf. Fyrir þessu eru tvær ástæður: Þau ríki sem standa betur að vígi velta því fyrir sér hver sé fórnarkostnaðurinn við að hafa verr stæð ríki innan Evrusamstarfsins og hin verr stæðu ríki velta því fyrir sér hversu stóran þátt innilokun þeirra í samstarfið leikur í vandræðunum. Að sjálfsögðu koma þessar spurningar upp núna, sérstaklega þegar kreppuríki líta til Íslands og sjá að við höfum komist fyrr og betur á lappirnar en nokkur spáði fyrir um vegna þess að við getum handstýrt okkar eigin gjaldmiðli að nokkru leyti. Þannig birtast um þessar mundir fjöldi greina um undraríkið Ísland í evrópuskum fjölmiðlum.

Hugsjónir Evrópusambandsins byggja á samtryggingu og er það fallegt svo langt sem það nær. Það fer þó ekki hjá því að raddir heyrast á norðurhjara samstarfsins um af hverju lönd sem leggja háa skatta á borgara sína eigi að sína lönd úr snörunni sem skattleggja íbúana mun minna. Framtíðin verður því samkvæmt mínum spám sú að Evrusamstarfið muni koma sér upp samræmdri skattlagningu, sem verður eins og flest annað í Evrusamstarfinu út frá viðmiðum miðEvrópuríkja og þá sérstaklega Þýskalands.

blog.smugan.is/drifa
**Drífa Snædal**

### Menntakefi í molum

Fjórðungur eða 25 af hverjum 100 fimmtán ára stráka geta ekki lesið sér til gagns samkvæmt frétt í Fréttablaðinu.

Þetta þýðir að skólakerfið hefur gjörsamlega brugðist. Lestrarkunnátta er forsenda þess að fólk geti stundað skólanám af einhverju viti.

Nú er það svo að við höfum eitt dýrasta skólakerfi í heimi, en samt bregst það svona gjörsamlega í helsta grundvallaratriðinu. Af hverju er þetta? Eru kennararnir ekki starfi sínu vaxnir? Virkar menntakerfið ekki? Hvað er að. Það er útilokað annað en að fá svör við því og það strax.

jonmagnusson.blog.is
**Jón Magnússon**



# Betra fiskveiðistjórnunarkerfi til framtíðar

Sjávarútvegsmál




**Lilja Rafney Magnúsdóttir**
Formaður og varaformaður



**Ólína Þorvarðardóttir**
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar


Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur verið með í umsagnarferli frumvarp til laga um stjórn fiskveiða sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mælti fyrir á Alþingi sl. vor.

Af umsögnum að dæma eru afar skiptar skoðanir um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunar, fjölmargir umsagnaraðilar lýsa sig sammála þeim markmiðum sem sett eru fram í frumvarpinu en jafnframt kemur fram mikil andstaða við þær grundvallarbreytingar sem lagðar eru til á kerfinu og framsetningu frumvarpsins í heild.

Það er því mat formanns og varaformanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis að taka verði frumvarpið til gagngerrar endurskoðunar áður en það verður lagt fram að nýju á 140. löggjafarþingi sem hefst 1. október nk.

## Nýtingarsamningar

Við endurgerð frumvarpsins þarf að búa svo um hnúta að gætt verði jafnræðis við gerð og úthlutun nýtingarsamninga og aflaheimilda, ekki síst með skilyrtum, opnum tilboðum. Jafnframt því sé atvinnuréttur sjávarbyggðanna til nýtingar sjávarauðlindarinnar tryggður.

Nauðsynlegt er að opna enn frekar á milli nýtingasamninga og leiguhluta ríkisins þannig að kvótalitlar útgerðir geti sótt um nýtingasamninga og handhafar nýtingasamninga geti leigt tímabundnar aflaheimildir úr leigupotti. Tryggja þarf ríkinu rétt til að endurúthluta nýtingarsamningum eða leigja að nýju aflaheimildir gjaldþrota útgerðarfyrirtækja eða fyrirtækja sem hætta af öðrum orsökum. Þak verði sett á hlutdeildarkerfið og það brotið upp að einhverju marki.

Nýliðun, atvinnusköpun, jafnræði

Til að tryggja réttláta skiptingu fiskveiðiauðlindarinnar og nægjanlega nýliðun teljum við heppilegast að farin verði blönduð leið, þ.e. að hægt sé að bjóða í nýtingasamninga ásamt því að nægjanlegt framboð aflaheimilda sé í leigupotti ríkisins. Almenni leiguhlutinn þarf að aukast verulega og verða raunverulegur valkostur þar sem eðlileg verðmyndun aflaheimilda er tryggð. Jafnhliða þarf að stórefla strandveiðar. Þetta samanlagt teljum við að geti byggt upp möguleika nýliða til áframhaldandi fjárfestinga og atvinnuþátttöku í greininni auk þess sem það stuðlar að dreifðri eignaraðild. Í dag fá t.d. 50 stærstu sjávarútvegsfyrirtækin úthlutað 84% af aflamarki þessa árs.

## Byggðaráðstafanir

Við leggjum til að horfið verði frá hugmyndum um byggðapotta og þar með miðstýringarvaldi ráðherra hverju sinni við úthlutun byggðakvóta. Þess í stað verði leigupottur stækkaður nægilega til þess að verða raunhæfur valkostur á móti nýtingarsamningum. Aflaheimildir úr leigupotti teljum við rétt að svæðistengja og skilyrða við ákveðið lágmark aflaheimilda. Hafa verður hugfast að þó að horfið verði frá beinum byggðakvóta verður ríkið að geta brugðist við áföllum í atvinnumálum sjávarbyggða með samningum um ráðstöfun aflaheimilda til sveitarfélaga/fyrirtækja sem skilyrt væru til ákveðins tíma.

## Frjálsar strandveiðar í skilgreindri strandveiðihelgi

Hugmynd okkar um stórefldar strandveiðar er sú að þær verði gefnar frjálsar innan skilgreindrar strandveiðihelgi með ströngum skilyrðum.

- Veiðitímabilið verði sex mánuði ársins.
- Bátar minni en 15 brúttótonn.
- Tvær handfærarúllur um borð.
- Skráður eigandi sigli bátnum og geri ekki út aðra báta jafnhliða.
- Veitt verði 5 daga vikunnar.

Aðrar takmarkanir teljum við óþarfar af hálfu löggjafans, því veður, vélarafl og náttúra munu sjá um að skilyrða veiðarnar innan þeirra marka sem löggjafinn reiknar með að falli undir þessar veiðar í aflaheimildum (þ.e. samanlagður byggða- og strandveiðikvóti). Þessar umhverfisvænu sjálfbæru veiðar myndu skila mörg hundruð störfum og stórauknum gjaldeyristekjum í þjóðarbúið.

## Fiskvinnsla

Við leggjum til að lögskyldað verði að bjóða allan óunninn fisk á innlendan markað og skilið verði milli veiða og vinnslu. Að þessu verði stefnt í áföngum þannig að vaxandi hluti fari á innanlandsmarkað uns t.d. 80% er náð. Þessi breyting gæti skapað um eitt þúsund störf. Tryggja verður að fiskvinnsla í landi og á sjó sitji við sama borð og búi við sambærilegt rekstrarumhverfi, og að allur afli skili sér að landi og sé nýttur í vinnslu.

Brýnt er að áframhaldandi vinna við gerð nýs frumvarps um stjórn fiskveiða miði að þjóðfélagslega arðbærri og sanngjarnri nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Til grundvallar höfum við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, jafnræðis- og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, álit mannréttindanefndar SÞ, að ógleymdri tillögu stjórnlagaráðs um nýtt auðlindarákvæði í stjórnarskrá. Það er traustur grunnur að byggja á.

AF NETINU

### Tölvuleikir og lestur

Það eru nöturlegar staðreyndir sem sjá má úr skýrslunni sem segir að fjórðungur 15 ára drengja virðist ekki geta lesið sér til gagns eða aflað sér upplýsinga í gegnum lestur.
Það má sjálfsagt finna ýmsar skýringar á þessu í skólakerfinu og heimilunum.
En ein breyta er sjaldnast nefnd og það eru tölvuleikir. Drengir stunda tölvuleiki miklu meira en stúlkur – og maður getur varla hugsað sér iðju sem er jafn andstæð lestri og æsingurinn í tölvuleikjum.

eyjan.is/silfuregils

**Egill Helgason**

### Í kyrrþey að ósk hins setta

Þing var sett í kyrrþey að ósk hins setta. Veraldarvinir, ungt fólk í ævintýraleit, stóð heiðursvörð ásamt Hringskonum sem seldu bakkelsi til að fjármagna ræktun sauðnauta í Hljómskálagarðinum.

Svo skemmtilega vill einmitt til að sauðnautin eru það eina sem kom út úr 300 klst. löngum umræðum um Stjórnarráð Íslands á 139. löggjafarþingi okkar Íslendinga…

blog.eyjan.is/grimuratlason

**Grímur Atlason**






# Er vændi auglýst í Fréttablaðinu?

Vændi




**Hildur Sverrisdóttir**
lögfræðingur 365 miðla


Yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar sagði í fréttum RÚV 28. september sl. að enginn vafi léki á því að vændi væri auglýst í smáauglýsingum Fréttablaðsins undir yfirskini nuddauglýsinga. Hann sagði jafnframt að í rannsókn væri hvort þarna væri um milligöngu vændis að ræða, og staðfesti síðar í viðtali að þar hefði hann átt við milligöngu Fréttablaðsins. Gera verður athugasemdir við þessi vinnubrögð af hálfu lögreglu, þar sem þessi ummæli mætti túlka sem ásakanir um refsiverð brot, þótt þær séu í þessu tilviki ekki vel rökstuddar. Í ljósi þessara ummæla er ástæða til að skýra stöðuna eins og hún snýr að útgáfufélagi Fréttablaðsins, 365 miðlum.

Í raun gæti mögulega staðið að baki auglýsingu, þ.e. hvort hún sé í raun yfirvarp. Það er í raun sjálfsögð krafa að fjölmiðlar fari ekki í slíka ritskoðun án málefnalegra raka. Útgefandinn hefur ekki leyfi til að gera upp á milli auglýsenda sinna og getur ekki gengið á rétt aðila til að koma löglegri þjónustu á framfæri með auglýsingu.

Yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á að vita að vilji Fréttablaðsins til að sporna gegn afbrotum á borð við vændiskaup hefur aldrei farið á milli mála. Fréttablaðið hefur unnið með lögreglunni í öll þau skipti sem grunur hefur vaknað um að auglýsing beri eitthvað vafasamt í för með sér. Fréttablaðið hefur einnig fylgt eftir slíkum beiðnum og haft samband við lögreglu til að fá upplýsingar um hvort rannsókn hafi skilað árangri og hvort lögreglan hafi upplýsingar um auglýsendur sem rök eru fyrir að banna að auglýsa í blaðinu. Slíkum fyrirspurnum Fréttablaðsins hefur ekki verið svarað af hálfu lögreglu. Í ljósi samskipta og að öðru leyti ágæts samstarfs Fréttablaðsins og kynferðisbrotadeildar lögreglu kom því óneitanlega leiðinlega á óvart að heyra ásakanir yfirmanns deildarinnar um að auglýsingar um vændi sé án vafa að finna í Fréttablaðinu og að það sé rannsakað sem möguleg milliganga um vændi þar sem ekkert slíkt hefur fyrr verið gefið í skyn.

Það er vert að taka fram að leiðbeiningar um hvaða auglýsingar skuli banna geta ekki komið frá fjölmiðli ef hann á að virða þá aðgreiningu milli ritstjórnarefnis og auglýsinga sem ítrekuð er í nýju löggjöfinni. Stjórnvöld verða því að skoða hvort vilji sé til að aðrar forsendur verði veigameiri en sjálfstæði og ábyrgð auglýsenda og gefa út leiðbeinandi reglur þar að lútandi. Til að skapa slíkar forsendur verður til dæmis að beina slíkum beiðnum til nýrrar fjölmiðlanefndar sem fer með stjórnsýslu fjölmiðlalaganna. Án slíkra vísireglna frá til þess bærum stjórnvöldum er ekki hægt að gera aðrar kröfur til útgefenda fjölmiðla en að gæta að jafnræði gagnvart auglýsendum og bera virðingu fyrir rétti þeirra til að auglýsa.

Fréttablaðið hefur því ekki talið sig geta hafnað birtingu auglýsinga nema fyrir liggi skýrar reglur um hvernig slíkt mat geti farið málefnalega fram. Útgáfufélagið mun hins vegar verða fyrst til að fagna því að slíkar vísireglur verði settar af til þess bærum stjórnvöldum. Fréttablaðið hefur því þegar haft frumkvæði að því að settar verði skýrari línur varðandi regluramma slíkra auglýsingabirtinga. Leitað hefur verið eftir samstarfi bæði við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og Stígamót og mun kynferðisbrotadeild lögreglunnar kalla saman fund þessara aðila. Æskilegast væri að fjölmiðlanefnd kæmi einnig að þeirri vinnu.

> Fréttablaðið hefur því þegar haft frumkvæði að því að settar verði skýrari línur varðandi regluramma slíkra auglýsingabirtinga.

## Ólögleg starfsemi ekki auglýst

Í nýjum fjölmiðlalögum er kveðið skýrt á um að hérlendur auglýsandi beri ábyrgð á auglýsingu sem keypt er til birtingar. Útgefendur auglýsingamiðla starfa því eftir skýrum lagaramma þar sem eru gerð skil á milli ritstjórna og auglýsenda og lagt á auglýsendur að bera ábyrgð á því frelsi sem þeim er gefið til að til auglýsa vörur sínar og þjónustu. Því til grundvallar liggja málefnalegar forsendur sem snúa að þeim sjálfsagða rétti auglýsenda að útgefendur geti ekki stýrt því hvað sé auglýst og hvað ekki.

Fréttablaðið hefur hins vegar að sjálfsögðu engan áhuga á að vera skjól fyrir ólöglega starfsemi af nokkru tagi. Auglýsingadeild blaðsins hefur því gengið eins og langt og hún hefur talið sig geta með að setja sér þá vinnureglu að birta ekki auglýsingar ef rök liggja fyrir um að auglýsingin beri með sér að um sé að ræða ólöglega starfsemi. Í því ljósi hefur Fréttablaðið ítrekað hafnað birtingu auglýsinga þar sem orðalag gefur til kynna að eitthvað annað og meira en nuddþjónusta væri í boði. Eftir stendur að í smáauglýsingum Fréttablaðsins er auglýst nudd. Það er ekkert ólöglegt við að auglýsa nudd og ekki heldur þó að um heilnudd eða brasilískt nudd sé að ræða eða að auglýsingin sé á ensku. Þau rök yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglu um að augljóst sé að um sé að ræða auglýsingar um vændi standast því ekki skoðun. Ef lögregla veit meira um starfsemi þeirra sem auglýsa í Fréttablaðinu hafa þær upplýsingar ekki borist blaðinu og mjög hæpið er að halda því fram að auglýsingin sjálf beri með sér að um ólöglegt athæfi sé að ræða.

## Er fjölmiðill lögregla?

Ef auglýsing kveður á um löglega þjónustu er ekki hægt að leggja á útgefendur að rannsaka hvað annað gæti mögulega staðið að baki auglýsingu, þ.e. hvort hún sé í raun yfirvarp.




Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

CHEVROLET

# Pláss fyrir alla fjölskylduna ...og vinina líka!

Eigum bíla til afgreiðslu strax!

bílasamningur ergo

mánaðargreiðsla*
**67.115** kr.




fáanlegur:
Bensín
Dísel
Metan

Nýr CAPTIVA

**Meðal nýjunga í Chevrolet Captiva:**

- Nýtt útlit, minni eyðsla, minni mengun.
- Ný dísel vél, 184 hö, 400 Nm. **Frábær togkraftur.**
- Ný bensín vél, 167 hö, 230 Nm.
- 6 gíra sjálfskipting
- Allir sjö sæta

***ERGO Bílasamningur / 8,8% vextir / Óverðtryggður / Gullvild**

- Kaupverð **kr. 5.790 þús.** (bensín, leðursæti)
- Útborgun **kr. 1.737 þús.** (tökum bíla uppí)
- Mánaðargreiðsla **kr. 67.115** í 84 mán.
- Nánari upplýsingar og skilmálar á ergo.is

**Bensín 2,4 L - 167 hestöfl**

Captiva LT - 7 sæta - Tausæti
6 gíra beinskiptur
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 5.190 þús.**

**Bensín 2,4 L - 167 hestöfl**

Captiva LT - 7 sæta - Leðursæti
6 gíra sjálfskipting
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 5.790 þús.**

**Dísel 2,2 L - 184 hestöfl**

Captiva LT - 7 sæta - Tau/leðursæti
6 gíra sjálfskipting
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 6.290 þús.**

**www.benni.is**

Bíll á mynd: Captiva LTZ með 19 tommu álfelgum og öðrum aukahlutum. Verð eru háð gengi hverju sinni og geta breyst án fyrirvara.

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

**Opið alla virka daga frá 10 - 18 og laugardaga frá 12 - 16**

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Að vera eða vera ekki

Samfélagsmál

**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur



Góður kunningi minn lagði fyrir mig eftirfarandi spurningu, Hvort er óþjóðlegra að Nupo fái aðgang að Grímsstöðum á Fjöllum eða að erlendir vogunarsjóðir fái í hendur aðfararheimild að íslenskum fjölskyldum ? Fáránleg spurning og byrjaði að brosa út í annað, en eftir að hann hafði útskýrt fyrir mér stöðu margra íslenskra fjölskyldna, eftir að umsaminn afsláttur af lánum til nýju bankanna skilaði sér ekki til lántakanda, og tveir bankar komnir í eigu útlendinga, skildi ég alvöru fáránleikans. Hann bætti við: Margir íslenskir lántakendur hafa fengið aðstoð, þessir ekki. Og úr því að þjóðlegheit er tískuorðið, væri það ekki óþjóðlegt að leyfa erlendum eigendum bankanna að féfletta íslenskan almenning – hver ætti Grímsstaði skipti engu. Af rælni sagði ég löglærðum kunningja mínum frá þessu. Hann svaraði: „Nupo er ríkisborgari í kommúnistaríkinu Kína, þar sem leynd ríkir yfir öllu og enginn getur orðið ríkur, nema með leyfi flokksins. Þar bera einstaklingar ábyrgð gagnvart ríkinu ekki dómstólum. Nupo-Grímsstaðir er hættulegt mál og óþjóðlegt að veita því jáyrði. Þessir lántakendur sem tóku lán langt umfram getu sína, geta sjálfum sér um kennt.“

### Vanburðugt almannavald

Deilt er um það milli fyrrnefndra lántakenda og stjórnvalda hvort þeir hafi fengið leiðréttingu – deilt er um hvort heimila eigi sölu á Grímsstöðum. Fá mál eru óumdeild hérlendis. Þetta líkist Chile í lok valdatíma Allendes, nema hvað hér er enginn her. Eins og þar geisar hér valdastríð á öllum vígstöðvum, það gerist á sama tíma og landið er í lamasessi. Fólk, en þó einkum stjórnmálamenn, virðist hafa misst sjónar á aðal- og aukaatriðum í stöðugum barningi þessarar þjóðar fyrir sjálfstæði og velferð. Fyrrnefnd spurning lýsir vel þeim vanda sem íslenskt samfélag er í. Annars vegar nær þjóðin ekki utan um afleiðingar hrunsins, nær ekki að jafna byrðunum, nær ekki að draga menn til ábyrgðar sem í óstöðvandi græðgi blóðmjólkuðu bæði bankana og stöndug fyrirtæki og skildu skuldirnar eftir hjá almenningi. Hún horfir upp á gömlu valdastéttirnar og útrásareinstaklinga hreiðra um sig í rólegheitum óáreitta. Þeir vita sem er að kerfið nær aðeins utan um formlegu hlið málsins, ekki þá efnislegu. Því miður bendir margt til þess að almannavaldið hér sé of veikburða til að geta ráðið við vanda af þessari stærðargráðu. Um langan tíma höfum við verið upptekin af því að styrkja rétt einstaklingsins á kostnað almannavaldsins og sitjum uppi með veikburða ríkisvald. Spegilmynd þess er septemberþingið, samkoma með endemum. Fámennið leiðir svo til þess að getulitlir þurfa að fást við og gera út um afar flóknar viðskiptaflækjur og komast aldrei til botns. Við ráðum ekki við ógagnsæjar flækjur nútíma þjóðfélags, til þess skortir okkur bæði hæfni og reynslu.

### Alvöruleysið allt um kring

Á hinn bóginn hefur grafið um sig óöryggi gagnvart flestu útlendu. Það heitir að vera þjóðlegur og telst til dyggða. Rök víkja fyrir froðu þjóðrembunnar. Tökum með okkur íslenskan mat til að hafa á ferðalögum erlendis svo að við veikjumst ekki! Vilja útlendingar okkur annað en að ásælast eigur okkar, land og sjálfstæði? Eigum við að opna húsið og bjóða þá velkomna eða loka dyrunum og vísa þeim frá. Beygur af útlendingum hefur löngum loðað við eyjarskeggja, sem snúa smæðarkennd sinni og vanmætti í stærilæti og þótta. Að vera eða vera ekki, það er vandinn, segir í frægu leikriti. Sem þjóð þurfum við að spyrja okkur sömu spurningar. Að vera er að opna dyrnar, deila með öðrum, bera ábyrgð, vera alvöru þjóð. Að vera ekki er að loka dyrunum, vera út af fyrir sig, vísa ábyrgðinni á aðra, vera Idol-þjóð þar sem allir leika í Útsvari. Við höfum um skeið tekið þann kost að vera ekki. Alvöruleysi íslenskra stjórnmála er stærsta meinsemd þjóðarinnar. Sjálf stjórnskipanin er ónýt.

> Alþingi er orðið svo veikt, að forsætisráðherra getur ekki einu sinni rofið þing, því líklegt er að forsetinn myndi neita að skrifa undir. Sú pólitíska endurnýjun sem vonast var til eftir hrunið hefur ekki orðið.

Forsetinn vinnur opinskátt gegn stefnu ríkisstjórnarinnar og rekur óáreittur sína prívat utanríkisstefnu. Ríkisstjórn og Alþingi berast á banaspjótum, mál fást ekki afgreidd þrátt fyrir meirihluta. Í málþófinu sýnir þingræðið sínar ömurlegustu hliðar. Innan ríkisstjórnar berjast ráðherrar og hindra framgang stefnumála sinnar eigin ríkisstjórnar. Sama ríkisstjórn er bæði með og á móti meginmálum. Alþingi er orðið svo veikt, að forsætisráðherra getur ekki einu sinni rofið þing, því líklegt er að forsetinn myndi neita að skrifa undir. Sú pólitíska endurnýjun sem vonast var til eftir hrunið hefur ekki orðið. Þvert á móti. Veikleikarnir aldrei verið meiri. Það pólitíska flokkakerfi, sem við bjuggum við alla síðustu öld, sem sniðið var að hluta að sérhagsmunagæslu, er úr sér gengið. En hvað tekur við?

FJÖRUG, ÖGRANDI
OG FYNDIN

KILJA

Ein vinsælasta ástarsaga
allra tíma er loksins
fáanleg aftur í þýðingu
Silju Aðalsteinsdóttur

FORLAGIÐ
www.forlagid.is





# Er uppgjöf í störfum Jafnréttisráðs?

Jafnrétti

**Fanný Gunnarsdóttir**
fv. formaður Jafnréttisráðs



Eitt af megin verkefnum Jafnréttisráðs er að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþætta atvinnu- og fjölskyldulíf. Allt frá 1992 hefur ráðið staðið að því að veita árlega sérstaka viðurkenningu fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum eða einstaklingum sem lagt hafa sitt af mörkum til að jafna stöðu kynjanna.

En nú hefur Jafnréttisráð brugðið á það ráð að afhenda viðurkenninguna aðeins annað hvert ár. Ráðið samþykkti að þetta nýja fyrirkomulag á fundi sínum 7. sept. sl. En hver er ástæðan? Getur það verið mat núverandi ráðherra jafnréttismála að staða jafnréttis sé með þeim hætti að það teljist þarflaust að afhenda viðurkenninguna árlega? Er ekki lengur þörf á hvatningu og góðum fyrirmyndum? Því þá ekki að afnema með öllu þessa viðurkenningu? Ef ráðsmenn upplifa lítinn áhuga er það lítill metnaður að detta ekkert annað í hug en að leggja niður þessa góðu hefð sem hefur fest sig í sessi. Það hefði frekar átt að gefa í og leggja meira upp úr því að kynna störf ráðsins og hugmyndafræðina að baki viðurkenningunni.

Í fyrra var ég við afhendingu viðurkenningarinnar en þá sagði formaður Jafnréttisráðs, Þórhildur Þorleifsdóttir, eitthvað í þá veruna að afhendingin væri þungamiðjan í starfi ráðsins og eitt af mikilvægustu störfum þess. Ég tek heilshugar undir það mat hennar að jafnréttisviðurkenning er jákvæð áminning út í samfélagið en hefði mátt fá meiri umfjöllun í fjölmiðlum. En að ákveða nú að breyta áratuga langri hefð finnst mér verulega rangt. Ætlar Jafnréttisráð í framhaldi af nýjum verklagsreglum að draga saman seglin í starfi sínu ef þungamiðjan er ekki lengur til staðar nema annað hvert ár? Ég hefði viljað sjá ráðherra, formann ráðsins og aðra í ráðinu nýta stöðu sína til þess að kynna mikilvægi þess að efla jafnrétti kynjanna á öllum sviðum, vekja almenning til vitundar um stöðu jafnréttismál og þá ábyrgð sem hvert og eitt okkar hefur þegar kemur að því að standa vörð um lögboðið jafnrétti kynjanna. Nú þegar þjóðfélagið er að vinna sig út úr efnahagshruni sem snertir öll svið samfélagsins þarf enn betur að vera á varðbergi og vekja athygli á því sem vel er gert. Jafnréttisviðurkenningin á að gefa gott tækifæri til umræðu um jafnréttismál en á síðustu misserum hefur að mínu mati lítið farið fyrir jafnréttisumræðu, ef undan er skilin sú athygli sem herferð VR hefur fengið. Finnst núverandi stjórnvöldum, sem telja sig sérstaka talsmenn jafnréttis, að hér sé allt í himnalagi í jafnréttismálum? Nægir þeim að sjá alþjóðlega samanburðarmælingu sem sýnir að Ísland standi vel þegar horft er til stakra mælanlegra þátta sem snúa aðallega að stjórnkerfinu? Mér finnst því miður störf Jafnréttisráðs hulin almenningi enda litlar sem engar upplýsingar um störf þess á heimasíðunni jafnretti.is. Það er því raunar í anda daufrar jafnréttisumræðu dagsins í dag að taka nú upp þann sið að afhenda viðurkenninguna aðeins annað hvert ár – en það er uppgjöf að mínu mati. Ég hefði frekar viljað sjá ráðið bretta upp ermar, ná eyrum landsmanna og alls ekki gefa eftir og hopa.

# Ísland, ESB og LÍÚ

ESB-aðild

**Inga Sigrún Atladóttir**
bæjarfulltrúi í Vogum



Nú standa yfir viðræður Íslands við Evrópusambandið. Í þeim viðræðum er afar mikilvægt hagstæðir samningar náist um sjávarútvegsmál. Ísland hefur mikla sérstöðu meðal ESB ríkja í sjávarútvegsmálum og það væri ósanngjarnt og óeðlilegt að öðrum aðildarríkjum yrði veitt hlutdeild í veiðum innan okkar fiskveiðilögsögu. Miðin við Ísland eiga að vera skilyrðislaus þjóðareign og rétturinn til nýtingar á að vera íslensku þjóðarinnar.

Saga okkar er mótuð af baráttu fyrir réttindum til umráða yfir hafinu í kringum landið. Þorskastríðin voru átakamál fyrir fólkið í landinu, þar börðust sjómenn og útgerðarmenn hatrammri baráttu og þorskastríðin voru hitamál í íslenskri pólitík. Það er siðferðileg og efnahagsleg skylda okkar að gefa þann rétt ekki til annarra þjóða.

Það er mikilvægt að Evrópumálin séu rædd án upphrópana og ásakana – það á ekki síst við um sjávarútvegsmálin. Sjávarútvegurinn er mikið hagsmunamál Íslendinga og á honum mun afkoma okkar byggjast á komandi árum. Mikilvægt er að um þau mál náist sem breiðust samstaða.

Það er ekki fordæmalaust innan ESB að aðildarríki haldi varanlega yfirráðum yfir fiskveiðilögsögu sinni. Árið 2004 hélt Malta sínum yfirráðum í aðildarsamningi. Þó slíkir samningar séu varanlegir er rétt sem bent hefur verið á að allt getur tekið breytingum í tímans rás. Stefna ESB er alltaf að breytast og samninganefndin verður að tryggja að ekki verði hægt að þvinga okkur til breytinga sem yrðu íslenskum sjávarútvegi óhagstæðar.

Mín skoðun er sú að Íslendingar geti ekki undir neinum kringumstæðum gefið eftir yfirráðarétt í íslenskri landhelgi. Ég tel að farsælt sé að reyna að ná þverpólitískri samstöðu um að þvingað afsal þessara réttinda kallaði á úrsögn Íslands úr bandalaginu. Í því samhengi má geta þess að árið 2009 var staðfest í Lissabonsáttmálanum leið til útgöngu úr ESB. Það tel ég vera mikilvægt fyrir sjálfræði aðildarríkjanna.

> Það er mikilvægt að Evrópumálin séu rædd án upphrópana og ásakana – það á ekki síst við um sjávarútvegsmálin.

Aðild að ESB er hagsmunamál fyrir Íslendinga, fullur aðgangur að Evrópumarkaði og nýr gjaldmiðill eru nauðsynlegir til að styrkja rekstrar- og skattaumhverfi íslenskra fyrirtækja. Útgerðarmenn reka fyrirtæki og því er ESB líka hagsmunamál fyrir þá. Hitt er þó ljóst að ef einungis er horft til áhrifa útvegsmanna á stjórnun fiskveiða mun hagur þeirra ekki batna við aðild. Fiskveiðistjórnun mun fjarlægjast hagsmunaaðila og hún mun verða reglubundnari. Það er mín skoðun að þar felist ekki hagsmunir íslensku þjóðarinnar, þar felast hagsmunir LÍÚ.

**HONDA**
The Power of Dreams




Raðaðu þínum þörfum saman
Honda CR-V passar fyrir þær allar
á verði frá kr.

# CR-V

**5.490.000** (á mán. kr. 63.315*)

***Sannreyndu hvernig hagkvæmnin á Honda CR-V smellpassar***

*Rýmið passar fyrir fjöll af hamingju,*
*fjölstjórnuöryggið fyrir alla fjölskylduna,*
*sparneytnin fyrir skutlið,*
*búnaðurinn passar upp á stemmninguna*
*og allt á Honda-góðu verði.*
*Passar algjörlega.*

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985
Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

www.honda.is

* Miðað við óverðtryggðan bílasamning til 84 mánaða í íslenskum krónum, 70% lánshlutfall og 8,8% vöxtum. Hlutfallstala kostnaðar er 10,12%. Bíll á mynd: CR-V Executive 2.0i með samlitaða stuðara, silsa, hjólboga og aurhlífar.

# Skjaldborg um verðtrygginguna

Verðtrygging

Ásmundur Einar Daðason
þingmaður Framsóknarflokks



Eitt þeirra mála sem Alþingi afgreiddi nú í september var frumvarp sem gerir Íbúðalánasjóði kleift að bjóða upp á óverðtryggð útlán og jafnframt að veita sjóðnum heimild til að slík útlán beri breytilega vexti. Mikil samstaða var á þingi um þetta mál. Hins vegar er mikilvægt að fram komi að hér er aðeins um mjög lítið skref að ræða og ekki er tekið á því vandamáli sem verðtryggingin hefur þegar valdið heimilum og fyrirtækjum.

### Tekur ekki á vandanum

Áður en Íbúðalánasjóður getur boðið upp á óverðtryggð útlán þarf sjóðurinn að vinna sig út úr verðtryggingunni. Í fyrstu þarf sjóðurinn að kanna möguleika á útgáfu óverðtryggðra skuldabréfaflokka. Sjóðurinn er fjármagnaður að stærstum hluta gegnum lífeyrissjóðina (70%) og stærstur hluti þessarar fjármögnunar er í formi verðtryggðra skuldabréfa sem eru án uppgreiðsluheimilda. Af u.þ.b. 800 milljarða útlánasafni sjóðsins eru einungis tæpir 40 milljarðar sem hægt er að greiða upp strax, afganginn er ekki hægt að greiða upp fyrr en að 25 árum liðnum. Íbúðalánasjóður þarf því að ná samningum við lífeyrissjóðina um uppgreiðslu á þessum verðtryggðu bréfum og nýrri fjármögnun í formi óverðtryggðra bréfa. Vinna við þetta er á byrjunarstigi sem þýðir að óverðtryggð fasteignalán eru ekki handan við hornið eins og margir hafa látið í veðri vaka. Auk þess verður ekki hægt að bjóða þeim sem þegar hafa tekið verðtryggð lán að breyta þeim í óverðtryggð. Að því sögðu vakna spurningar um hvernig þessi aðgerð taki á vandanum sem verðtryggingin veldur mánaðarlega hjá þúsundum fjölskylda.

> Í ljósi þungrar skuldabyrði heimilanna eru litlir möguleikar hjá fólki að fara úr verðtryggðum lánum yfir í óverðtryggð húsnæðislán.

### Þak á verðtrygginguna strax!

Heimild til að lána óverðtryggt tekur ekki á vanda þeirra sem í dag eru með verðtryggð lán sem hækka gríðarlega um hver mánaðamót. Í ljósi þungrar skuldabyrði heimilanna eru litlir möguleikar hjá fólki að fara úr verðtryggðum lánum yfir í óverðtryggð húsnæðislán. Af þessum sökum ætti það að vera forgangsverkefni að setja þak á verðtrygginguna á ársgrundvelli sem miðast við verðbólgumark Seðlabankans með þolmörkum. Framsóknarflokkurinn lagði þetta til strax haustið 2009 en því miður hefur tillagan ekki náð fram að ganga. Þakið yrði fyrsta raunverulega skrefið sem stigið yrði í þá átt að afnema verðtrygginguna. Samkvæmt útreikningum Marinós G. Njálssonar ráðgjafa hefur komið fram að ef 4% þak hefði verið á verðtryggingunni sl. 20 ár hefði raunávöxtun lífeyrissjóðanna náð að jafnaði 3,5% ávöxtun.

Einnig er mikilvægt að ná fram raunvaxtalækkun fasteignalána. Staðreyndin er sú að raunvextir innlendra verðtryggðra húsnæðislána eru hærri heldur en þegar kemur að óverðtryggðum húsnæðislánum í nágrannalöndum okkar. Það er ljóst að slík vaxtalækkun mundi minnka greiðslubyrði íslenskra heimila mjög mikið.

Miðað við þann tíma sem ríkisstjórnin hefur starfað og þær áherslur sem lagt var upp með vekur það furðu að ekki hafi verið lögð fram áætlun um afnám verðtryggingar og raunhæfar lausnir í þágu þeirra sem sitja uppi með verðtryggðar skuldir. Þvert á móti berast okkur ítrekað fréttir af því að tekin sé staða með fjármálastofnunum og erlendum kröfuhöfum. Um 30.000 manns hafa nú skorað á ríkisstjórnina að grípa til aðgerða sambærilegum þeim sem fjallað er um hér að ofan. Það er ekki eftir neinu að bíða.

# Ákall til menntamálayfirvalda

Menntamál

Svanborg R. Jónsdóttir
fv. grunnskólakennari og doktorsnemi við menntavísindasvið



Nú stendur yfir endurskoðun aðalnámskráa grunnskóla með nýrri stefnu menntamálayfirvalda sem felur í sér kjarna sem settur er saman úr sex grunnþáttum: læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Meginmarkmið nýrrar stefnu eru m.a. að undirbúa nemendur til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi, með áherslu á getu og hugarfar sjálfbærni sem meðal annars felur í sér gagnrýna hugsun og lýðræði og skapandi færni. Þessi nýja stefna krefst nýs hugsunarháttar og skipulags af kennurum og skólastjórum en algengast er og fellur vel að hugsunarhætti og verklagi nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar.

Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt er námssvið sem samþættir þekkingu margra námsgreina og þekkingu úr lífinu sjálfu og gefur nemendum tækifæri til að takast á við raunveruleg viðfangsefni á skapandi hátt. Ég hafði góða reynslu af að kenna nýsköpunarmennt í tíu ár af þeim nærri 30 sem ég kenndi í grunnskóla og fannst mér þar nemendum með mismunandi getu og áhuga vera gefið tækifæri til að standa sig vel og taka virkan þátt í uppbyggingu eigin þekkingar á skapandi og skemmtilegan hátt sem bæði virti þeirra þekkingu og reynslu og ýtti undir þau að afla frekari þekkingar. Mér fannst sérlega ánægjulegt að sjá nemendur sem töldu sig ekki vera skapandi gleyma því í nýsköpunarmennt og skapa gagnlegar og frumlegar hugmyndir og koma þeim í birtanlegt form og kynna í sínu samfélagi.

Menntamálayfirvöld voru svo framsýn og metnaðarfull að setja fram skólastefnu og aðalnámskrá fyrir grunnskóla árið 1999 sem birtist í námskránni um Upplýsinga- og tæknimennt og fól í sér nýja sýn á hvernig mætti gefa nemendum tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og byggja hana enn frekar upp á skapandi hátt. Þessi sýn kom meðal annars fram í námssviðinu Nýsköpun og hagnýting þekkingar (les: nýsköpunar- og frumkvöðlamennt). Sú hugsun sem þar var kynnt hefur þó ekki komist til framkvæmda almennt í skólum en nýsköpunarmennt hefur þó verið framkvæmd í nokkrum íslenskum grunnskólum á þann hátt sem hún var hugsuð.

Í núverandi endurskoðun námskrár virðast menntamálayfirvöld ætla að gera þau reginmistök að gleyma (viljandi eða óviljandi) nýsköpunar- og frumkvöðlamennt þar sem þau hafa ekki skipað starfshóp til að sjá um endurskoðun þess kafla í námskránni (eða að móta sérstaka námskrá) og hefur þessu mikilvæga sviði verið kastað á milli námskrárhópanna sem hafa nógu miklið vald og virðingu til að fá sérstaka umfjöllun. Nýsköpunar og frumkvöðlamennt er námssvið sem getur eflt getu nemenda til að hafa áhrif á eigið líf, persónulega, í starfi, til að skapa störf og til að hafa áhrif almennt í eigin samfélagi. Mér hefur stundum dottið í hug að núverandi menntamálayfirvöld séu feimin eða hafi djúpstæða óyrta andúð á orðinu „frumkvöðla“–mennt þar sem það tákni það sem miður fór í íslensku samfélagi og sé andstætt þeirra hugsjónum. Ég þekki þó kjarna þessa orðs í verki og veit að í stað þess má nota orðið „athafnafærni“ eða „geta til aðgerða“ sem lýsir þá í leiðinni þeirri hugsun að slík geta og færni sé sú sem þarf til að efla sjálfbæra hugsun og getu. Það er ein ástæða þess að ég vil kalla þetta „mennt“ þar sem hún þarf að fela í sér menntun sem elur upp siðferði og ábyrgðartilfinningu. Ég hvet því menntamálayfirvöld til að sinna þessu námssviði og byggja enn betur undir það en áður og bið þau að stíga þannig framfaraskref sem styður þá stefnu sem þau hafa mótað.

> Mér fannst sérlega ánægjulegt að sjá nemendur sem töldu sig ekki vera skapandi gleyma því í nýsköpunarmennt og skapa gagnlegar og frumlegar hugmyndir og koma þeim í birtanlegt form og kynna í sínu samfélagi.

# Stöndum saman á Suðurnesjum

Atvinna

Árni Sigfússon
bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Ásmundur Friðriksson
bæjarstjóri Garðs

Eirný Valsdóttir
bæjarstjóri Voga

Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri Grindavíkurbæjar

Sigrún Árnadóttir
bæjarstjóri Sandgerðisbæjar

Síðustu misseri hefur kastljós fjölmiðla að miklu leyti beinst að erfiðu atvinnuástandi á Suðurnesjum. Því miður er það ekki að ástæðulausu. Það er í þessu ljósi sem forystumenn í sveitarfélögunum hér á Suðurnesjum hafa sameinast um að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að virkja sköpunargáfu og framkvæmdagleði okkar með því að blása til skemmtilegra og fræðandi vinnudaga næstu helgi. Þar er markmiðið að sem flestir finni leiðir til þess að koma gömlum eða nýjum hugmyndum á rekspöl, kynnist nýjum samstarfsmönnum og eflist af nærveru við annað skapandi og framkvæmdasamt fólk.

Fyrirkomulag Atvinnu- og nýsköpunarhelgarinnar er þannig að fólki gefst tækifæri til að vinna heila helgi ásamt leiðbeinendum að viðskiptahugmyndum sem eru svo kynntar í lok helgarinnar. Allir eru velkomnir, bæði þeir sem hafa nú þegar viðskiptahugmynd í maganum og allir aðrir sem geta hugsað sér að vinna að nýjum og spennandi verkefnum. Eins eru allir þeir velkomnir sem nú þegar hafa lagt af stað með atvinnurekstur. Þeir geta fengið góðar hugmyndir en um leið miðlað af reynslu sinni til þeirra sem eru skemmra á veg komnir. Það kostar ekkert að taka þátt en skráning fer fram á anh.is.

Atvinnu- og nýsköpunarhelgar munu fara fram um allt land á næstu mánuðum en við á Suðurnesjunum munum ryðja brautina með að halda fyrstu helgina. Sams konar helgar fara fram um allan heim allt árið um kring og verða t.d. í Nantes í Frakklandi og Seattle í Bandaríkjunum þessa sömu helgi. Þátttakendur á Suðurnesjum verða í beinu sambandi við þátttakendur í Evrópu og Bandaríkjunum og fylgjast þannig með framgöngu teymanna beggja vegna Atlantshafsins. Atvinnu- og nýsköpunarhelgin okkar er því hluti af stóru alþjóðlegu verkefni og erum við bæði stolt og spennt að deila sköpunargáfu og krafti Suðurnesjamanna með frumkvöðlum um allan heim.

Við hvetjum alla Suðurnesjamenn, á hvaða aldri sem er, til þess að láta þetta tækifæri ekki fara fram hjá sér. Það er aldrei að vita nema hugmyndir og samvinna sem verða til um þessa helgi geti leitt til nýrra og öflugra fyrirtækja.

> Við hvetjum alla Suðurnesjamenn, á hvaða aldri sem er, til þess að láta þetta tækifæri ekki fara fram hjá sér.

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

LYFJA
– Lifið heil

+20%
afsláttur
af Flux flúormunnskoli fyrir börn og fullorðna




Flux: 0,2% Naf flúormunnskol
Flux Junior: 0,05% Naf flúormunnskol
Flux Klorhexidin: 0,12% klórhexidín og 0,2% Naf

Gildir til 16. október

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 56464 09/11

**AF NETINU**

### Eggin og Alþingi

Ég var sjálfur í Alþingisgarðinum í janúar 2009 þegar margt hliðraðist til í íslenskri þjóðarsál og við skildum, saman sem þjóð, að það var okkar réttur að mótmæla, jafnvel okkar skylda. Ég mótmælti af öllum lífs og sálarkröftum í janúar 2009, en ég grýtti engu, heldur lét mótmælastöðuna nægja, kraftinn í eigin rödd og trommandi lætin í búsáhöldunum.

Mig langar því ekki í egg á laugardaginn; ég afþakka þau hér með formlega því ég tel mig ekki hafa unnið fyrir þeim. Ég tel engan þingmann hafa unnið sér inn eggjakast.

Samt hvet ég alla sem eru þreyttir, reiðir og pirraðir til að koma og mótmæla með nærveru sinni og krafti í rödd og trommandi látum. Það er miklu heiðarlegra en að blóta ríkisstjórninni uppí sófa.
En það er líka betri leið en að láta eggin tala.

davidstefansson.is

**Davíð Stefánsson**

Eirberg



## Nuddsæti og nuddpúðar

- Bjóðum úrval nuddsæta
- Einnig handhæga nuddpúða
- Shiatsu nudd og infrarauður hiti
- Fjarstýring með margskonar stillimöguleikum.

## Stuðningshlífar

- Einstök hönnun og gæði
- Bak, úlnliðs, ökkla- og hnéhlífar
- Góður stuðningur með öndun



## Vönduð höfuð- og vasaljós

- Kröftugt höfuðljós - 170 lumens
- Hannað fyrir atvinnumenn
- Þyngd aðeins 117 grömm
- Með fókus og dimmer






## Bakteygjubrettið

- Minnkar vöðvaspennu
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu

## Heilsuræktar- og stuðningsvörur

Bjóðum úrval af vönduðum þjálfunar- og stuðnings-vörum frá Sissel






## Swopper vinnustóllinn

- Styrkir bak- og kviðvöðva
- Fylgir hreyfingum líkamans
- Stuðlar að dýpri öndun



## Withings vogin

- Þyngd, vöðvamassi og fituhlutfall skráð
- Þráðlaus samskipti við tölvu og smartsíma
- Sendir gögnin til þjálfara eða notenda
- Skynjar hver notandinn er – allt að 8
- Framúrskarandi tækni og útlitshönnun

Opið virka daga kl. 9 -18 og **laugardaga** kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JÓN G. SÓLNES** bankastjóri og alþingismaður (1910-1986) var fæddur þennan dag.
*„Konan er sterkasta aflið og hefur alltaf verið.“*



*Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, vinur minn, afi okkar og langafi,*

**Björn Indriðason**
*Hátúni 4, Reykjavík, fæddur á Stóra-Kambi, Breiðuvík. 17.10.1935,*

lést á líknardeild Landakotsspítala þann 21. september. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna, þann 23. september.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildarinnar fyrir einstaka alúð og umhyggju á hans síðustu ævidögum. Þökkum einnig starfsfólki á Landspítalanum og Borgarspítalanum fyrir góða umönnun og hjúkrun.

**Þökkum auðsýnda samúð.**
**Helga Björg Björnsdóttir** **Hans-Petter Fransrud**
**Indriði Björnsson** **Ékaterina Gagunashvili**
**Óskar Heimir Ingvarsson** **Guðrún Matthíasdóttir**
**Sigrún Pálína Ingvarsdóttir** **Alfred Wolfgang Gunnarsson**
**Auður Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, stjúpa, amma og langamma,*

**Oddný Ólafsdóttir**
frá Vopnafirði, síðast til heimilis að Mímisvegi 2, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 23. september á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 30. september klukkan 13.

**Ásrún Kristjánsdóttir**
**Guðrún Kristjánsdóttir** **Ævar Kjartansson**
**Heiðrún Kristjánsdóttir**
**Sigrún Kristjánsdóttir** **Völundur Óskarsson**
**Sigurveig Kristjánsdóttir** **Ólafur Ágúst Ólafsson**
**Friðrik Steinn Kristjánsson** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Þökkum að alhug þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við fráfall okkar ástkæra bróður, mágs og frænda,*

**Gunnars Arnar Hámundarsonar**
Barónsstíg 43.

Innilegt þakklæti til starfsfólks Landsbanka Íslands Laugavegi 77.

**Hrafnhildur Hámundardóttir**
**Kolbrún Hámundardóttir** **Jón Guðnason**
**Jóhann Erlingsson** **Lise Tarkiainen**
**Guðm. Arnar Jónsson** **Gerða Gunnarsdóttir**
**Guðni Jónsson** **Anna Katrín Sveinsdóttir**
**Ægir Hrafn Jónsson** **Sigrún Björk Björnsdóttir**
**og frændsystkin.**



†

*Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreinn Þorvaldsson**
múrarameistari,
Kleppsvegi 82, Reykjavík,

lést í faðmi ástvina sinna á Landspítalanum við Hringbraut þann 26. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 5. október kl. 13.00.

**Guðrún Sigurborg Jónasdóttir og fjölskylda.**

STYKKISHÓLMUR: FÆR EDEN-VERÐLAUNIN SEM GÆÐAÁFANGASTAÐUR

## Stykkishólmur heillandi þorp

„Við höfum verið að byggja upp ferðaþjónustuna á síðustu árum í Stykkishólmi í sátt við náttúruna, þetta er staðfesting á því að við erum á réttri leið. Það kom okkur á óvart að við skyldum vera valin en það var mjög ánægjulegt,“ segir Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri Stykkishólms, en bærinn hefur verið útnefndur EDEN-gæðaáfangastaður í Evrópu 2011, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Alls hlaut tuttugu og einn áfangastaður ferðamanna um alla Evrópu heitið „Afburða áfangastaður ferðamanna í Evrópu í ferðamennsku og endurgerð staða árið 2011“ og fór verðlaunaafhending fram í Brussel á þriðjudaginn var, í tengslum við Ferðamáladag Evrópu. Stykkishólmur hlaut viðurkenninguna vegna markvissrar uppbyggingar gömlu húsanna í bænum sem fengið hafa nýtt hlutverk í ferðaþjónustu en í umsögn íslensku dómnefndarinnar segir að Stykkishólmur sé „heillandi fiskiþorp“ þar sem hægt sé að „losna úr ysnum og hægja á lífinu“.

Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri Stykkishólms, var nýkomin heim frá verðlaunaafhendingunni í Brussel þegar Fréttablaðið náði af henni tali. Hún er að vonum ánægð með árangurinn, og segir nú frekari kynningu á því sem Stykkishólmur hefur upp á að bjóða fram undan.

„Þetta er einstakt tækifæri til að vekja athygli á ferðaþjónustunni í bænum, á Snæfellsnesi og á Vesturlandi almennt. Nú munum við vinna með Ferðamálastofu og Markaðsstofu Vesturlands að því að kynna þennan Eden áfangastað en Vestfirðir fengu verðlaunin á síðasta ári.“

Eden-verkefnið byggir að stórum hluta á sjálfbærni og umhverfisvænni ferðamennsku. Gyða segir þá staðreynd að Stykkishólmur geti flaggað Bláfánanum, umhverfisvottun sem bærinn fékk árið 2003, hafa skipt miklu í vali staðarins.

Hún segir það hafa verið gagnlegt að hitta fólk úr ferðamálageiranum í Brussel. „Það var gaman að hitta fólk sem er að gera spennandi hluti í ferðaþjónustu í Evrópu. Eden-verkefnið byggir á áfangastöðum úr alfaraleið og við gátum borið saman bækur okkar. Til dæmis þekktu þeir sem við hittum þarna úti lítið til Íslands, annað en Reykjavík, Gullfoss og Geysi. Við vonum því að þetta skili jákvæði kynningu. Það er ákveðinn hópur fólks sem ferðast sérstaklega til Eden áfangastaða,“ segir Gyða og telur bæjarbúa í Stykkishólmi meira en tilbúna til að taka á móti gestum. **heida@frettabladid.is**



**AFBURÐAÁFANGASTAÐUR** Stykkishólmur hlaut Eden-verðlaunin sem afburðaáfangastaður í Evrópu, einn af tuttugu og einum áfangastað um alla Evrópu.



**GYÐA STEINSDÓTTIR**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bragi Einarsson**
Urðarvegi 80, Ísafirði,

sem andaðist sunnudaginn 25. september á Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 1. október, og hefst athöfnin kl. 14.

**Gróa Aradóttir**
**Ágústa Bragadóttir** **Hallur Páll Jónsson**
**Einar Daníel Bragason**
**Margrét Jónína Bragadóttir** **Sveinn Sigurður Sveinsson**
**Ólína Bragadóttir** **Ture Johanson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Kr. Þorsteinsson**
Smyrilsvegi 29, Reykjavík,

lést á Landspítala við Hringbraut laugardaginn 17. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. september kl. 11.00.

**Anna Árnadóttir**
**Ásta Kvaran Árnadóttir** **Böðvar B. Kvaran**
**Þorsteinn Árnason** **Hrefna E. Leifsdóttir**
**Sveinn Árnason** **Sigurlína Vilhjálmsdóttir**
**Erna Þórunn Árnadóttir** **Benedikt Sigmundsson**
**Ingibjörg Hólmfríður Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Þórir Ágúst Sigurðsson**
frá Brúarhrauni, Kópavogsbraut 1b,

sem andaðist á líknardeild Landspítala, Landakoti, 18. sept. sl., verður jarðsunginn frá Kolbeinsstaðakirkju, Kolbeinsstaðahreppi, laugardaginn 1. okt. 2011 kl. 14.00

**Hörður Sigurðsson**
**Guðrún Sigurðardóttir** **Sigvaldi Fjeldsted**
**Sigurveig Sigurðardóttir** **Björn Ingvarsson**
**Auður Sigurðardóttir** **Bergmann Þorleifsson**
**Kristján Sigurðsson** **María Einarsdóttir**
**Trausti Sigurðsson** **Guðrún Björnsdóttir**
**Kristín Björnsdóttir**
**Soffía Sveinsdóttir**
**og frændsystkini.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Bergur Jónsson**
rafmagnsverkfræðingur,
Löngulínu 27, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans, Landakoti, að morgni miðvikudagsins 28. september. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 11. október kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Bergs er bent á Hjálparsveit skáta, MS-félagið (s: 568 8620) eða aðrar líknarstofnanir.

**Ingunn Guðmundsdóttir**
**Magnús Bergsson** **Guðrún Elín Guðnadóttir**
**Bergþóra Bergsdóttir** **Reynir Þór Sigurðsson**
**Jón Örn Bergsson**
**Ásgerður Bergsdóttir** **Högni Sigurþórsson**
**og barnabörn.**



**Atvinnu- og nýsköpunarhelgi** verður haldin á Suðurnesjum um helgina. Tilgangurinn er að stuðla að því að góðar hugmyndir verði að veruleika. Þátttakendur mæta á staðinn, með eða án hugmyndar, og fá innblástur og leiðsögn við að byggja upp viðskiptahugmynd. Viðburðurinn fer fram í húsnæði Keilis á Ásbrú og hefst í dag klukkan 17.30. Skráning er hafin á anh.is




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457







Mads Holm finnst gott að grilla innmat. Hann er í forsvari fyrir norræna kokkakeppni.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Matur sem leynir á sér

Mads Holm, verkefnastjóri hjá Norræna húsinu, er í forsvari fyrir kokkakeppni sem stendur yfir á Norðurlöndunum. Keppnin er hugsuð fyrir ungt áhugafólk um matreiðslu á aldrinum 18 til 24 en markmiðið hennar er meðal annars að kynna norræna matargerð á alþjóðavettvangi.

„Sigurvegarar keppninnar, sem verða fimm talsins, vinna ferð til Washington," segir Mads. Hann segir þátttakendum uppálagt að matreiða holla, bragðgóða en einfalda máltíð úr norrænum hráefnum sem auðvelt væri að búa til í skólaeldhúsum í Bandaríkjunum. „Þeir eiga svo að skila stuttmynd eða ljósmyndaalbúmi sem sýnir hvernig þeir bera sig að við eldamennskuna. Umsóknirnar þurfa að vera á ensku eða skandinavísku, dómnefnd leggur mat á þær og velur fimm bestu."

Mads segir sigurvegarana fá tækifæri til að hjálpa til við að búa til mat fyrir nemendur í skólum Washington. „Þeir munu vinna með færum leiðbeinendum og matreiða í einu af norrænu sendiráðunum í Washington og á einum af betri veitingastöðum borgarinnar." Mads segir myndböndin ekki þurfa að vera flókin að gerð og þess vegna sé hægt að taka þau á símann. Nánari upplýsingar er að finna á www.nordicinnovation.org en umsóknarfrestur er til 10. október.

Mads gefur uppskrift að alíslenskum innmat í óvenjulegum búningi. „Ég kaupi mikið af hjörtum, lifur og nýrum á þessum árstíma og finnst gott að grilla þennan fína mat. Þetta þykir herramannsmatur í heimalandi mínu Danmörku auk þess sem hann er hollur og ódýr. Margir halda að börn fúlsi við svona mat en það er ekki mín reynsla. Ef hann er vel matreiddur borða þau hann með bestu lyst."

*vera@frettabladid.is*

## GRILLAÐ LAMBANÝRA OG LIFUR

**FYRIR 4**

1 lifur
4 nýru

*Hreinsið nýrun og lifrina og takið harðar himnur og sinar af. Skerið í litla bita. Þræðið bitana upp á spjót. Strjúkið létt yfir með olíu og kryddið með salti og pipar og ef til vill blóðbergi. Grillið í stuttan tíma, ekki lengur en í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Kjötið þarf að vera vel steikt og stökkt að utan en bleikt og mjúkt að innan.*

**Salat úr bankabyggi, grænmeti og kryddjurtum**

1 1/2-2 bollar bankabygg
1 lítil eða hálfstór rófa
3-4 gulrætur
1 blaðlaukur
1/2 gúrka
mikið af ferskum kryddjurtum til dæmis steinselju, graslauk og myntu
olía (ég nota repjuolíu)
edik t.d. eplaedik
salt og pipar



*Skolið bankabyggið vel og setjið í pott með ríkulegu vatni og látið sjóða í u.þ.b. 45 mínútur. Skerið grænmetið og laukinn í litla bita. Setjið grænmetið í pottinn hjá bygginu síðustu 5 mínúturnar af suðutímanum. Slökkvið undir og hellið vatninu frá. Látið kólna. Skerið gúrkuna í bita og saxið ríkulega af matjurtum. Gerið salatsósu úr olíu og ediki (4 hlutar af olíu á móti 1 hluta af ediki). Kryddið sósuna með salti og pipar og blandið öllu vel saman.*






**Huginn Arason** myndlistarmaður leiðir sögusmiðju um ósagðar sögur af Kjarval á Kjarvalsstöðum á sunnudag. Leiðsögnin, sem hefur fengið yfirskriftina Sérvizka Kjarvals, hefst klukkan 14.

SADDUR ÁN SAMVISKUBITS
395 KCAL
Fitness Burrito
Heilhveiti tortilla, baunir, kjúklingur, sterk/mild sósa, fajitas, ferskt salsa, kál og sýrður rjómi. 1.190 kr
385 KCAL
Hot´nSweet salat m. kjúkling
Iceberg, dressing, kjúklingur, kornsalsa, sweetchili sósa, nachos og sýrður rjómi (guacamole +85 kcal) 1.350 kr
383 KCAL
Tacos m. nautahakki
3 tacoskeljar, nautahakk, sterk/mild sósa, ferskt salsa, kál, ostur og sýrður rjómi.
1.340 kr
Culiacan MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is







Íslenska kokkalandsliðið heldur styrktarkvöldverð á Lava Restaurant í Bláa lóninu í kvöld. Um er að ræða undirbúning fyrir „Culinary Olympics". Gestum verður boðið upp á keppnismatseðilinn.

Heimild: Þráinn Freyr Vigfússon s. 695-2999

# Skopstæla þætti eins og X-Factor

**Sirkus Íslands efnir til tveggja sýninga á Ö-Faktor í Tjarnarbíói um helgina. Frábær skemmtun fyrir alla segir sirkusstjórinn Lee Nelson.**

Þetta er skopstæling á raunveruleikasjónvarpsþáttum eins og X-Factor, So You Think You Can Dance og America's Got Talent," segir sirkusstjóri Sirkuss Íslands, Lee Nelson, um sýninguna Ö-Faktor sem sýnd verður í Tjarnarbíói á morgun og sunnudag. Sýningin var sett upp í sumar og þá komust færri að en vildu, að sögn Lees, svo ákveðið var að bjóða þeim sem af henni misstu upp á þetta tækifæri til að sjá hana. Aðeins verða þessar tvær sýningar og hefjast þær báðar klukkan 14.

„Við stælum þessa þætti út í ystu æsar," segir Lee. „Við erum með dómara og kynni og alls kyns atriði: akróbata, loftfimleikafólk, áhættuatriði og fleira. Dómararnir rakka síðan atriðin niður eða hrósa þeim eftir því sem við á." En hvernig tengist sirkus raunveruleikasjónvarpi? „Það sem boðið er upp á í þessum þáttum eru skemmtiatriði og sirkus er byggður upp af skemmtiatriðum, ekki satt. Svo þetta er alls ekki svo ólíkt. Við náttúrulega gerum stólpagrín að öllu saman og ég get lofað fólki á öllum aldri góðri skemmtun. Það verða ekki nema þessar tvær sýningar þannig að þeir sem ætla sér að sjá Ö-Faktorinn þurfa að drífa sig," segir Lee.

Þrátt fyrir að sirkusstjórinn sé ástralskur að uppruna hefur hann búið á Íslandi í sex ár og segir listahópinn Sirkus Íslands alíslenskan, en um tuttugu manns eru virkir í hópnum. „Þetta er þriðja sýningin okkar og þær hafa allar vakið athygli og gleði áhorfenda. Við sýndum Ö-Faktor ellefu sinnum í sumar og það var alltaf fullt út úr dyrum."

fridrikab@frettabladid.is



Sýningin Ö-Faktor er skopstæling á raunveruleikasjónvarpsþætti, að sögn sirkusstjórans Lees Nelson.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál
GÆÐAFISKUR
Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.





Langur laugardagur í Flash
Valdir kjólar og skokkar
Áður 16990 Nú 7990
Mörg önnur frábær tilboð
Gildir föstud og laugardag
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



AFMÆLISHÁTÍÐ
TÖSKU- OG HANSKABÚÐIN FAGNAR 50 ÁRA AFMÆLI SÍNU
20%
afsláttur af öllum vörum vikuna 1.–8. október
Sérstakur 50% afmælisafsláttur af völdum vörum.
HAPPDRÆTTI
Heppinn viðskiptavinur vinnur glæsilega ferðatösku.
Kaffi og konfekt í tilefni dagsins.
Tösku og hanskabúðin
Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is



BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS
30. september 2011



## HILDUR HAFSTEIN

### Uppgötvaði lækningamátt steina

- UPPSKRIFT AÐ NÁTTÚRULEGRI FEGURÐ
- INNLITIÐ
- TÍSKA

TILBOÐ
Kr. 19.950
1 TB WD

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

1 TB UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.
720/1080i
HDMI
WD

# núna

✻ Hoppað í polla



**ÆSKULJÓMI** Precious-kremlínan frá L'occitane inniheldur Immortelle, blómið sem aldrei fölnar, og Bellis perennis, blóm ljóssins. Í Immortelle Brightening-línunni má meðal annars finna dagkrem, augnkrem og næturkrem sem gefa þér fallega húð sem ljómar af æsku! Vörurnar eru allar án parabena.

## meðmælin

### Uppistand og gaman

Listamaðurinn skemmtilegi Hugleikur Dagsson verður enn og aftur með uppistand á Café Rosenberg á sunnudag. Uppistandskvöld Hugleiks hafa slegið í gegn og að þessu sinni mun hann fjalla um klám, dauða, Brúðubílinn og önnur mál. Leikkonan Anna Svava mun hita upp fyrir Hugleik. Gamanið hefst klukkan 21.00 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.



### Jóðl og bjórdrykkja

Oktoberfest verður haldið hátíðlegt á Kexinu á þriðjudaginn næsta. Þýski sendiherrann á Íslandi mun sjálfur dæla fyrsta bjórnum og leðurbuxnaklæddir jóðlarar munu halda uppi stemningunni alla hátíðina. Þetta verður ekki bara bjórhátíð heldur einnig matarveisla og boðið verður upp á klassískar kræsingar á borð við bratwurst og schnitzel-samlokur. Gamanið hefst klukkan 17.00 á þriðjudag.



Arndís Sigurðardóttir gefur út sína fyrstu bók í nóvember:

# GERIR MASKA ÚR GERI

Arndís Sigurðardóttir, nemandi á frumgreinadeild í Háskólanum á Bifröst, gefur út sína fyrstu bók í nóvember. Bókin hefur hlotið titilinn Náttúruleg fegurð og inniheldur uppskriftir að ýmsum náttúrulegum húðkremum, möskum og hárvörum.

Arndís segist lengi hafa haft áhuga á náttúrulegum snyrtivörum og lífrænu mataræði og hóf í kjölfarið að prófa sig áfram með uppskriftir að eigin kremum og hárvörum. „Um tíma velti ég því fyrir mér að hefja framleiðslu á náttúrulegum snyrtivörum en fannst skemmtilegri hugmynd að gefa út bók með ýmsum uppskriftum sem ég hafði þróað í gegnum tíðina," segir Arndís sem viðurkennir jafnframt að árangurinn hafi verið misjafn, sumar uppskriftirnar heppnuðust vel á meðan aðrar heppnuðust verr. „Einu sinni gerði ég hárnæringu sem innihélt mæjónes og það gekk ekki vel, hárið varð stíft og leiðinlegt. En fólk þarf ekki að hafa áhyggjur, allar uppskriftirnar í bókinni hafa verið prófaðar á mér og öðrum með góðum árangri."



**Fyrsta bókin** Arndís Sigurðardóttir nemi gefur út sína fyrstu bók í nóvember. Hún nefnist Náttúruleg fegurð og inniheldur uppskriftir að náttúrulegum snyrtivörum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bókin inniheldur ekki aðeins uppskriftir að snyrtivörum heldur einnig fróðleiksmola um hráefnin og leiðbeiningar um hvaða hráefni henti hverri húðtýpu. Innt eftir því hvaða uppskrift sé í uppáhaldi hjá henni er Arndís ekki lengi til svars: „Uppáhaldsmaskinn minn er germaski sem er mjög góður fyrir feita og bólótta húð. Ég er alveg hætt að kaupa mér húðvörur og hvers kyns krem, nú bý ég þetta til sjálf úr hráefni sem ég á til heima í eldhúsi. Kosturinn við það er að þú veist nákvæmlega hvaða efni varan inniheldur og hún er að auki mun ódýrari."

Arndís segir að hjólin hafi fyrst farið að snúast eftir að hún fann útgefanda og viðurkennir að hún sé mjög spennt að sjá bókina tilbúna. „Bókin er svo fallega myndskreytt og ég hlakka mikið til að sjá hana tilbúna. Þetta verður ein af bókunum sem taka þátt í jólabókaflóðinu í ár og ég er til í slaginn," segir hún glaðlega að lokum. **- sm**






**Húðflúr** Kate Moss hannar skartgripi fyrir merkið FRED sem eru eftirmyndir af hennar eigin húðflúri. Hér er hún ásamt eiginmanni sínum Jamie Hince. NORDICPHOTOS/GGETY

Kate Moss með skartgripalínu:

# Húðflúr er fyrirmynd

Fyrirsætan Kate Moss hefur hannað skartgripalínu sem kemur í verslanir í október. Skartgripirnir eru framleiddir í samstarfi við merkið FRED en Moss leitaði ekki langt yfir skammt þegar hún sótti innblástur í hönnunina. Skartgripirnir eru nefnilega nákvæmar eftirmyndir af húðflúri fyrirsætunnar og er þar meðal annars að finna hjarta, akkeri, tvær svölur og mána.

Verðið á skartgripunum er frá 50.000 íslenskum krónum og upp úr. **- áp**

✻ augnablikið



**BLEIKKLÆDD** True Blood-leikkonan Anna Paquin mætti í þessum bleika kjól í gala-kvöldverð í Hollywood síðasta sunnudag. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Sérfræðingur í fallegum litum og mjúkum línum

verður í verslun okkar Skeifunni 6 á föstudag og laugardag.

SOFT LINE

**15%**

**afsláttur af öllum soft line vörum um helgina**

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal





**Svefnsófar í miklu úrvali**



Sigrún Lilja Guðjónsdóttir hannar úr fiskroði:

# FYLGIHLUTALÍNA ÚR ROÐI OG KRISTÖLLUM

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, sem hannar skó og fylgihluti undir heitinu Gyðja Collection, hefur sent frá sér nýja línu sem er meðal annars unnin úr íslensku laxaroði og Swarovski-kristöllum.

Sigrún Lilja segir skemmtilegt að vinna með fiskroð enda sé efnið bæði sterkt og meðfærilegt. „Það er gaman að vinna með þetta hráefni því áferðin og litirnir eru svo skemmtileg. Tískumerki á borð við Prada, Dior, Ferragamo og Nike hafa einnig verið að nota þetta hráefni í sína hönnun.“

Sigrún Lilja var í fyrra fengin til að hanna brúðarskó leikkonunnar Anítu Briem og eru þeir úr laxaroði og skreyttir með Swarovski-kristöllum. Skórnir þóttu svo vel heppnaðir að í kjölfarið var ákveðið að setja þá í almenna sölu og bera þeir heitið Aníta, í höfuðið á leikkonunni. „Ég ákvað svo að framleiða líka aðra skó til heiðurs Anítu og eru þeir silfraðir að lit og þaktir kristöllum allan hringinn. Þeir skór eru aðeins til í takmörkuðu upplagi og heita Aníta Crystal.“

Sigrún Lilja er ekki fyrsti hönnuðurinn sem nefnir vöru í höfuðið á leikkonu því tískuhúsið Hermès nefndi hina heimsþekktu Birkin-tösku í höfuðið á Jane Birkin. Innt eftir því hvort hún spái Anítu skónum sama langlífi og Birkin-töskunni verður Sigrún Lilja hugsi. „Skórnir eru þannig í sniðinu að þeir gætu auðveldlega orðið klassík og maður vonast vissulega til þess. Hugmyndin var að þeir verði mjög langlífir og að við getum svo haldið áfram að bæta við litum inn á milli. Þeir hafa í það minnsta fallið vel í kramið hjá viðskiptavinunum,“ segir hún að lokum.

Vörurnar fást í Debenhams í Smáralind og Duty Free Fashion í Leifsstöð. **- sm**



**Flott hönnun** Sigrún Lilja Guðjónsdóttir hefur sent frá sér nýja fylgihlutalínu sem er meðal annars unnin úr fiskroði og kristöllum.



**Kristalskreyttir** Aníta Crystal-skórnir voru framleiddir í takmörkuðu upplagi. Þeir eru nefndir í höfuðið á leikkonunni Anítu Briem.



**Vel skóuð** Falleg leðurstígvél frá Gyðju Collection.




Framtíðin ráðin hjá Roitfeld:

## Snýr aftur í blaðabransann



Nafn Carine Roitfeld hefur verið mikið í umræðunni í tískuheiminum síðan henni var sagt upp sem ritstjóra hins franska Vogue. Miklar vangaveltur hafa verið uppi um hvað Roitfeld ætli að taka sér fyrir hendur, en í nýju viðtali í Dazed Digital flettir Roitfeld hulunni ofan af framtíðarplönum sínum. Roitfeld ætlar að stofna nýtt tímarit.

Tímaritið verður á ensku og kemur út fjórum sinnum á ári en fyrsta tölublaðið kemur út næsta haust. „Það er ekki hagkvæmt að hafa tímaritið á frönsku og það verður fyrir alþjóðlegan lesendahóp. Það kemur út fjórum sinnum á ári vegna þess að ég vil að tímaritið verði eitthvað fyrir safnara. Mig langar til að gera eitthvað sem lítur vel út og er á sama tíma öðruvísi,“ segir Roitfeld í samtali við Jefferson Hack, ritstjóra Dazed en með Roitfeld í ritstjórn blaðsins verða ljósmyndarinn Mario Testino, stílistinn og tískuráðgjafinn Marie-Amelie Sauve og Stephen Gan, ritstjóri V Magazine. „Þetta er sannkallað draumateymi.“

Roitfeld var sagt upp störfum hjá franska Vogue vegna þess að hún þótti of djörf. Sérstaklega var það tískuþáttur með litlum stúlkum í aðalhlutverki sem stuðaði bæði lesendur og fjárfesta. Roitfeld er þekkt í tískuheiminum fyrir að dansa á línunni milli dirfsku og erótíkur en sjálf kallar hún stíl sinn fágaða erótík. Það verður því eflaust mikill hamagangur í tískuheiminum þegar dregur að útgáfu blaðsins. **- áp**

**Einkennisklædd** Þröng, hnésíð pils og skyrtur eru einkennisklæðnaður Roitfeld sem hún ber mjög vel. NORDICPHOTOS/GETTY



**Tískudrottningin** Carine Roitfeld ætlar að halda áfram í fjölmiðlum og stofnar nýtt blað ásamt Mario Testino meðal annarra.



FOR YOUR
the PIER
FYRIR HEIMILIÐ
Á VERÐI SEM KEMUR Á ÓVART!
SKILRÚM 59.900.-
NÝJIR LAMPAR
TILBOÐ
VERÐ AÐEINS
199.900.-
KOMINN AFTUR!
NÝTT
BOLLAKÖKU ÞEMA
MATARSTELL VERÐ FRÁ: 490.- STK.
SKARTGRIPASKÁPUR
69.900.-
KERTI FRÁ 690.-
4 LITIR
KOLLAR 9.990.-
KOMDU OG SMAKKAÐU TEID HJÁ OKKUR
TAKTU FLEIRI
TILBOÐ
ILMIR
VERÐ 2490.-
TAKTU 2 Á 3580 -
KERTI
VERÐ 129.-
TAKTU 10 Á 890.-
SJAMPÓ
HÁRNÆRING
STURTUSÁPA
1 STK. VERÐ 890.-
TAKTU 2 Á 1490.-
HANDSÁPA
VERÐ 590.-
TAKTU 2 Á 990.-
BAÐSALT
VERÐ 890.-
TAKTU 2 Á 1390.-
the PIER
KÖKUDISKAR
VERÐ FRÁ: 2.990.- STK.
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# tíska

* gulur, rauður og grænn

**MÝKIR HÚÐINA** Nú þegar hitastigið lækkar og rokið fer að berja mann í framan er vissara að muna eftir góðri vörn á húðina, eins og rakagefandi kremi og farða. Nýi farðinn frá Clinique nefnist Repairwear Laser Focus og er sérhannaður til að milda hrukkur og fela misfellur. Farðinn á ekki að setjast í hrukkurnar en á að yngja, mýkja og slétta húðina með tímanum.



Raf Simons er einn sá hæfileikaríkasti:

## Slær aftur í gegn

Aðalhönnuður Jil Sander-tískuhússins, Raf Simons, hefur slegið í gegn enn og aftur með fallegri og tímalausri hönnun með vorlínunni 2012. Simons gæti þó verið á förum frá Jil Sander því sá orðrómur hefur heyrst að hann taki við af Stefano Pilati hjá Yves Saint Laurent.

Simons er menntaður iðnhönnuður en sneri sér að fatahönnun skömmu eftir útskrift. Hann vakti fyrst athygli árið 1995 fyrir herralínu sem hann hannaði undir eigin nafni. Hann tók við sem aðalhönnuður Jil Sander árið 2005 og hlaut strax einróma lof fyrir nútímalega og einfalda en fallega hönnun sína.

Vorlínan 2012 innihélt meðal annars klassíska skyrtukjóla með stórum og miklum pilsum í anda sjötta áratugarins, hnésíð pils, fallega sniðnar stuttbuxur og skemmtilega peysur með mynstri sem minnti svolítið á verk Picasso. - sm



**Frábær** Hinn belgíski Raf Simons er einn sá hæfileikaríkasti í bransanum. Flíkur hans eru einfaldar en fallegar og nútímalegar. NORDICPHOTOS/GETTY



**Kvenlegt** Fallegur aðsniðinn kjóll frá tískuhúsinu Jil Sander.



**Falleg hönnun** Skyrtukjóllinn vakti eftirtekt enda er flíkin sérstaklega falleg.



**Fortíðarþrá** Flíkurnar voru margar í anda sjötta áratugarins.


# Skórnir sem talað er um!




hjá Hafnhildi

Opið virka daga frá kl. 10-18

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

laugardaga frá kl. 10-16


Á **RÚM**STOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Kynlíf eftir barneignir

Barneignir eru ekki „sexý“. Það getur verið gaman að leggja drögin að þeim og búa barnið til en það sem tekur við er ekki það besta sem kemur fyrir par kynferðislega. Ég er oft spurð að því hvenær fólk geti byrjað að stunda kynlíf aftur eftir barneignir. Svarið liggur ekki í ákveðnum fjölda vikna heldur er málið flóknara en svo. Nú get ég ekki talað fyrir allar mæður, aðeins sjálfa mig og þær þúsundir sem hafa tekið þátt í rannsóknum um málefnið. Foreldrarnir eru oft vansvefta og umönnun barnsins á hug þeirra allan. Að auki glímir móðirin við lífeðlislegar breytingar líkt og viðkvæmni á spangarsvæði, slappa grindarbotnsvöðva, leggangaþurrk, tilfinningalega viðkvæmni, breytta líkamsímynd og lekandi brjóst. Svo ekki sé minnst á fæðugjöf á tveggja klukkustunda fresti. Þessar aðstæður eru ekki þær rómantískustu.

Við barneignir breytist því ýmislegt innan sambandsins og kynlíf færist aftast á aðgerðalistann, ef það er þá yfirhöfuð á honum! Nýbakaðir feður eiga það til að upplifa sig afskiptalausa því barnið fær alla athygli móðurinnar. Barnið sýgur brjóst og hlýtur fulla aðdáun móður sinnar og er svo kjassað og knúsað og lítið verður eftir fyrir pabbann. Sumum kann að þykja það full mikil tilætlunarsemi af makanum að ætlast til þess að honum verði sinnt kynferðislega samhliða umönnun barns og heimilis. Það má vel vera og staðreyndin er sú að fyrsta árið í lífi barns er mesti álagspunkturinn á samband pars og eykur líkur á sambandsslitum. Þegar kynlíf er vandamál hefur það áhrif á alla anga sambandsins. Þó að kynlíf sé ekki á aðgerðalistanum fyrir daginn er það mikilvægur þáttur í lífi einstaklinga og sambands. Báðir einstaklingar þurfa á stuðningi hvor annars að halda og kynlíf er góð leið til að viðhalda innileika og jafnvægi innan sambandsins. Þó að mamman kjassi barnið hefur hún líka gott af því að vera kjössuð af pabbanum. Þetta er ekki spurning um að einn sinni öðrum heldur að báðir sinni hvor öðrum. Ef pabbinn vill fá athygli þarf hann að sinna mömmunni og sýna henni skilning og tillitssemi. Mamman endurgeldur síðan greiðann. Þessi endurgjöf er mikilvæg fyrir geðheilsuna, sambandið og barnið. Svarið við spurningunni um hvenær sé ráðlagt að stunda kynlíf eftir barneignir er háð nokkrum skilyrðum. Löngun, getnaðarvarnir, tími, skilningur og sleipiefni þurfa einnig að vera til staðar. Farið rólega af stað og munið að kynlíf er meira en bara typpi í píku. Njótið hvort annars og ykkar nýja hlutverks.



*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is*







## Haustlínan 2011

Bobbi sækir haustlitina til Marokkó í ár, flotta liti fyrir þær sem þora að vera öðruvísi. Sterklitaðir kremkenndir augnskuggar leggja áherslu á augun og hressilegur roði í kinnum og rjóðar varir minna á útiveru og ævintýri.

**20% afsláttur er á öllum vörum frá Bobbi Brown í dag, föstudag til 5. október.**

BOBBI BROWN

bobbibrown.com

Lyf & heilsa
Kringlunni

Vorförðunin árið fyrir næsta ár er hrein og bein:

# Klassík og hreinleiki

Tískuvikurnar eiga nú hug allra tískuunnenda sem fylgjast spenntir með straumum og stefnum næsta vors. Þó flíkurnar séu sannarlega í aðalhlutverki á slíkum viðburðum spila hár og förðun einnig veiga-mikið hlutverk og fullkomna í raun heildarútlitið.

Náttúrulegt og rómantískt útlit mátti sjá víða á tískupöllunum en inn á milli mátti einnig sjá þunga, dökka augnmálningu líkt og hjá Rodarte. **- sm**



**Rodarte, vor 2012** Dökk augnmálning og hár í anda svart/hvítu kvikmyndanna.

**Smokey eye augnfarðasett frá Dior.**



NORDICPHOTOS/GETTY

**Philosophy Di Alberta Ferretti, vor 2012** Rjóðar kinnar og sítt, krullað hár mátti sjá á sýningu Albertu Ferratti.





**Michael Kors, vor 2012** Náttúruleg fegurð var allsráðandi hjá Michael Kors.



**Léttur og rakagefandi farði frá Dior.**

**Varagloss frá MAC.**



**Augnskuggapalletta frá MAC.**



**Diesel Black Gold, vor 2012** Klassískt og töff hjá Diesel.





OUTLET LAGERSALA

Laugavegi 83

Nýtt kortatímabil

Ottobre festa

uno cucina italiana

Tilboð

3ja rétta matseðill

3.490 kr.



Forréttir

Bruschetta Mozzarella
Ótrúlega fersk – tómatar, fersk basilíka og Mozzarella.

Carpaccio classico
Nautacarpaccio með karamelluðum furuhnetum, klettasalati, parmesanosti og klettasalatspestó.

Calamari
Djúpsteiktur smokkfiskur með sólþurrkuðu tómataioli.

Hvítlauksbakaðir humarhalar
Humarhalar bakaðir í hvítlauk, ítalskri steinselju og parmesan.





• Þú velur einn rétt úr hverjum flokki.
• Gildir sunnudaga, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga út október.



Kynntu þér veisluþjónustuna á uno.is

Eftirréttir

Tiramisu a la Nino
Með karamellusósu. Sérstök uppskrift frá fjölskyldu Nino kokks frá Ítalíu.

Amaretto súkkulaði Brownie
Með vanillu gelato.

Möndlukaka
Með dulce de leche – frábær með kaffinu.

Ís kokksins

Aðalréttir

Humar og risarækju Linguini
Linguini pasta með risarækjum, humri, klettasalati og kirsuberjatómötum í kraftmikilli sósu.

Kjúklinga Tagliolini
Tagliolini með hægeldaðri kjúklingabringu, sveppum, spínati, rjómaosti, svörtum pipar og pancetta í rjómasósu.

Insalata con pollo
Romain salat með grillaðri kjúklingabringu, prosciutto mulningi, kirsuberjatómötum, gúrku, melónu, og sinnepsdressingu.

Graskers gnocchi
Gnocchi með valhnetum, sveppum, chili og gorgonzolasósu.

Ítalskur lúxusborgari
„Rustic“ ítalskur hamborgari sem búinn er til úr fyrsta flokks kjöti. Viðargrillaður 140 g hamborgari með osti, tómataioli, prosciutto, romaine salati, sveppum, rauðlauk, chili og heimalagaðri tómatsósu. Kemur með frönskum.

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Sími 561 1313 | uno.is

# Hámarksárangur

## markmiðasetning er lykill að hámarksárangri

Annie Mist hefur sett sér skýr markmið og uppsker ríkulega – Heimsmeistari í Crossifit með titilinn **"Fittest woman in the World"** er afrakstur strangra æfinga og góðrar næringar.

Markmið HREYSTI eru einnig skýr það er að útvega viðskiptavinum bestu fáanlega vöru til líkams- og heilsuræktar á betra eða sambærilegu verði en í Bretlandi og meginlandi Evrópu. Gleðilegur afrakstur er að á meðal viðskiptavina HREYSTI er stór hluti af afreksfólki Íslands sem leitar eftir ráðgjöf og vöru með hámarksárangur í huga.

**MAXIMUSCLE**

PROMAX DIET + THERMOBOL kr. 9.995




PROMAX DIET
Fyrsti næringardrykkurinn sem inniheldur brennsluefni til að styðja fitulosun og þyngdarstjórnun. 1,2 kg
kr. 7.995
Tilboð 2 stk. kr. 14.990

THERMOBOL
Vinsælasta fitubrennsluefnið okkar er örugg og náttúruleg samsetning af m.a. L-carnitine, grænu te og B-vítamínblöndu og er núna komið án koffíns. 90 hylki
kr. 6.995
Tilboð 2 stk. kr. 9.990

CYCLONE
Er frábær vara sem skilar þér árangri strax á fyrstu viku. Einstök samsetning af mysupróteini og nauðsynlegum næringarefnum sem styðja vöðvavöxt, auka styrk og úthald auk mikilvægrar endurhleðslu. 1,2 kg
kr. 7.995
Tilboð 2 stk. kr. 14.990

PROMAX
Söluhæsta prótein í Bretlandi, nauðsynlegt fyrir vöðvavöxt og einnig til grenningar, til að lágmarka vöðvaniðurbrot. Gott bragð og blandast vel.
908 g
kr. 6.995
Tilboð 2 stk. kr. 11.990

VIPERACTIVE
Úthugsaður orkudrykkur sem hleður orku, steinefnum og amínosýrum hratt og vel inn í vöðvana. Kemur í veg fyrir ofþornun, slappleika, vöðvakrampa og niðurbrot á vöðvum.
450 g
kr. 3.995
Tilboð 2 stk. kr. 6.990

**PhD**




PhD DIET WHEY
Grennandi máltíðardrykkur sem inniheldur brennsluefni, mjög bragðgóður. 2 kg
kr. 9.995

PhD CREATINE
Hreint kreatín, eykur orku og styrk. 550 g
kr. 3.995
Tilboð 2 stk. kr. 6.990

PhD L-GLUTAMINE
Hreint L-glútamín duft, amínosýrur sem viðhalda vöðvastyrk. 550 g
kr. 4.995
Tilboð 2 stk. kr. 7.990

PhD PHARMA WHEY +
Bragðgóð, verðlaunuð próteinblanda með viðbættu glútamíni og keðjuamínósýrum.
2,27 kg
kr. 9.995

**MULTIPOWER**




RED KICK
Orkuspark fyrir æfingar. Einhver magnaðasti orkudrykkurinn á markaðinum! Inniheldur koffein, guarana og kolvetni, tilvalið fyrir erfiðar æfingar.
500 g
kr. 2.995
Tilboð 2 stk. kr. 4.990

L-GLUTAMINE
styður vöðvavöxt, eykur upptöku próteins og minnkar vöðvaniðurbrot. Styður ónæmiskerfið og eykur úthald. Nauðsynlegt fyrir alla sem æfa af krafti eða eru í mikilli brennslu.
300 g
kr. 2.995
Tilboð 2 stk. kr. 4.990

CREATINE
duft, sem eykur orku og styrk.
450 g
kr. 2.995
Tilboð 2 stk. kr. 4.990




Annie Mist Þórisdóttir
**Heimsmeistari í Crossfit 2011**
notar **maxifuel**

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 23 ár
1988-2011

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Netverslun: www.hreysti.is
sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

# MIKILVÆGT AÐ HALDA Í DRAU

## Hildur Hafstein

**hefur verið með listina í fingrunum síðan hún man eftir sér. Hún hefur komið víða við en einbeitir sér nú að skartgripalínu sinni, Kora, sem er bæði fyrir augu og anda.**

*Viðtal:* Álfrún Pálsdóttir
*Myndir:* Anton Brink

Þetta gerðist í raun bara óvart, ég ætlaði ekki að opna lítið skartgripafyrirtæki en svona þróast hlutirnir. Þeir koma til þín á réttum tíma."

Í litlu bjórtu þakherbergi í miðbænum eyðir Hildur Hafstein vinnudeginum, umvafin litríkum steinum og fallegu handgerðu silfri.

„Nafnið Kora er í raun bara orðaleikur á heitinu orka. Svo eftir að ég fór að lesa mér til um nafnið Kora uppgötvaði ég að Kora er heiti á pílagrímagöngu í Nepal, sem er skemmtileg tilviljun því búddisminn hefur verið mér mikill innblástur en nú er ég einmitt að stúdera tíbeskan búddisma í HÍ."

Hildur byrjaði að prófa sig áfram í skartgripaframleiðslunni fyrir um þremur árum. Hún byrjaði að föndra heima hjá sér með vinkonurnar sem álitsgjafa.

„Ég byrjaði að gera hálsfestar og gefa vinkonum mínum og fjölskyldumeðlimum. Ég held að fyrsta hálsfestin sem ég gerði hangi um hálsinn á Helgu vinkonu minni og fyrsta armbandið fæddist svo eftir ferð til Kína."

### DROTTNINGIN Á HEIMILINU

Hildur býr í vesturbæ Kópavogs ásamt eiginmanni sínum, Sigurði Ólafssyni, og fjórum sonum á aldrinum þriggja til 15 ára.

„Ég er drottningin á heimilinu," segir Hildur hlæjandi og bætir við að það sé oft mikið líf og fjör á heimilinu. „Við búum í stóru húsi sem er yfirleitt stútfullt af börnum. Húsið köllum við stundum Sjónarhól eins og hús Línu Langsokks. Það var bara síðast í gær sem ég hugsaði „vá, hvernig geta verið svona mikil læti heima hjá mér" en það er gaman enda eru þetta allt ljúfir og góðir strákar. Það krefst samt mikils skipulags að reka stórt heimili og ég er í raun mjög heppin að geta unnið sjálfstætt og með sveigjanlegan vinnutíma."

Hildur lætur stórt heimili og mörg börn ekki stöðva sig í vinnunni og segist ekki skilja hvernig sumir geta gefið drauma sína upp á bátinn vegna barneigna. „Börnin hafa gott af því að fylgjast með foreldrum sínum gera það sem þá langar til. Börn þurfa ekki að vera nein fyrirstaða fyrir því að láta draumana rætast."

### SVAF MEÐ STEIN UNDIR KODDANUM

Þegar Hildur var nýbúin að eignast fjórða son sinn lenti hún í erfiðleikum sem urðu upphafið á því að hún fór að pæla í orkusteinum. Hún fór að grúska í fræðunum og setja steinana í eigin búning, blandaði þeim með gömlu ömmugulli og slitnum hippahálsfestum.

„Ég fékk hálfgert fæðingarþunglyndi í kjölfarið á minni síðustu fæðingu. Ég leitaði allra leiða til að ná mér út úr því en helst sótti ég í alls kyns óhefðbundnar aðferðir og lækningar. Þarna fór ég á kaf í steinapælingarnar," segir Hildur. Fyrsti steinninn sem hún keypti sér var fjólublár ametýst en máttur hans á að vera róandi og hjálpa til við svefn. „Ég svaf með hann undir koddanum í langan tíma og sem betur fer náði ég mér upp úr lægðinni en það er oft þegar maður er í öngstræti í lífinu sem maður uppgötvar eitthvað spennandi."



**Lifir drauminn** Hildur Hafstein lenti í fæðingarþunglyndi eftir fæðingu fjórða sonar síns en út frá þeirri lægð í lífinu þróaðist hugmyndin að skartgripalínunni Kora, sem eru armbönd og hálsmen úr orkusteinum.

Hildur fór í Prisma nám, sem var samstarfsverkefni Háskólans í Bifröst og Listaháskólans, þar sem nemendur eru í þriggja mánaða stífu námi. „Þetta var frábært nám sem blandar saman listum og heimspeki með áherslu á skapandi hugsun. Þar náði ég að þróa hugmyndina að skartgripalínunni og lokaverkefnið var ein stór steinasinfónía."

Hildur kláraði BA-gráðu í textílhönnun við Listaháskóla Íslands árið 2001, en það var rétt áður en náminu var breytt í fatahönnun eins og það heitir í dag.

„Þetta var skemmtilegt nám og í raun undirstaða fyrir það sem ég er að gera í dag, núna er ég bara að vinna í nýtt efni. Mér finnst nauðsynlegt að halda sér á tánum og prófa eitthvað nýtt reglulega. Ég hef verið í meistaranámi í menningarstjórnun en það situr nú á hakanum þar sem skartið á hug minn allan."

### LÆKNINGARMÁTTUR STEINANNA

Með hverri vöru sem Hildur selur er að finna upplýsingar um mátt hvers og eins steins. Þess vegna segir Hildur að skartgripirnir séu bæði fyrir augu og anda.

„Já, ég trúi á steinana. Þetta snýst náttúrulega í kjarnann um að hafa trú á sjálfum sér og þá virkar það sem þú trúir á," segir Hildur og bætir við að oft heilli skilaboðin jafnmikið og útlit skartgripanna fyrir viðskiptavinina.

Línan gengur vel og skartgripir Hildar eru seldir í búðum eins og Aftur, Epal, Boutique Bella og á hennar eigin heimasíðu, hildurhafstein.is, þar sem hægt er lesa nánar um skartgripalínuna. Hildi þykir vænt um velgengnina, einkum sökum þess að skartgripirnir hjálpuðu henni að komast í gegnum lægðina í sínu lífi.

„Það er gaman þegar hlutirnir gerast svona hálfpartinn óvart og ganga svo upp. Ég get samt verið óþolinmóð en er að læra að góðir hlutir gerast hægt."

> *Ég fékk hálfgert fæðingarþunglyndi í kjölfarið á minni síðustu fæðingu. Ég leitaði allra leiða til að ná mér út úr því en helst sótti ég í alls kyns óhefðbundnar aðferðir og lækningar.*

### TÍSKULJÓN

Hildur hefur starfað við ýmislegt innan fatabransans, meðal annars í fatabúð, séð um útstillingar og stíliserað myndatökur. Einnig hefur hún séð um búningahönnun fyrir leikhús og sjónvarpsþætti, meðal annars Idolið á Stöð 2 og svo klæddi hún Eurovision-hópinn árið 2005.

„Það var mjög lifandi og skemmtilegt að vinna í leikhúsi og sjónvarpi. Mikið fjör og skemmtilegt fólk en sá kafli er búinn fyrir mig í bili. Þetta er mikið álag og mikil tarnavinna. En það var gaman meðan á því stóð."

Hildur fylgist með tískunni og finnst gaman að pæla í nýjum straumum og stefnum í tískuheiminum. Áhuginn hefur hins vegar breyst með aldrinum sem og fataskápurinn.

„Ég er orðin vandlát á föt með aldrinum, það þarf að vera rétt snið og gott efni. Ég er lítið fyrir að kaupa mér tískubólur sem detta úr móð eftir þrjá mánuði," segir Hildur en hennar uppáhalds íslensku hönnuðir eru Bára Hólmgeirsdóttir sem er með Aftur, Farmers Market og Steinunn Sigurðardóttir.

„Það er frábært að sjá hvað er mikil gróska í íslenskri hönnun. Íslensk hönnun var svo lengi ekki samkeppnishæf en það er aldeilis að breytast hratt," segir Hildur og bætir við að það sé að miklum hluta metnaðarfullu starfi Listaháskólans að þakka.

### SKÓHÖNNUN Í BARCELONA

Hildur er í fyrsta sinn að reka sitt eigið fyrirtæki en það er í mörg horn að líta. Hún er viss um að það sé hægt að gera hlutina öðruvísi og ekki hafa málin svona flókin fyrir fólk sem stendur í eigin rekstri.

„Það er ekki verið að gera manni það auðveldara fyrir með allri pappírsvinnunni. Flækjustigið er hátt þó að þetta sé í raun afar einfalt," segir Hildur en hún kaupir megnið af efninu í skartgripina sína erlendis þó að hún búi þá svo



# OUTLET

FÖSTUDAGUR 30. SEPTEMBER 2011

**Kynningarblað**

buxur
skór
jakkar
kjólar
fylgihlutir
jakkaföt



# Korpu-outlet er stærsta outlet landsins

**Korpu-outlet við Korputorg er stærsti markaður landsins með fjölbreytt vöruúrval fyrir alla fjölskylduna. Það býður upp á vörur sem koma úr verslunum, vörur sem þar eru í umboðssölu og svo glænýjar vörur frá London og París.**



Hlíf fer líka reglulega í innkaupaferðir til helstu stórborga hátískunnar og kaupir inn fyrir Korpuoutlet. „Við höfum farið til London á kaupsýningar og núna síðast fórum við til Parísar.“ MYND/ANTON

Við erum stolt af því að bjóða upp á fallegar og vandaðar vörur á afslætti sem er að lágmarki 30% en getur farið upp í 80%,“ segir Hlíf Sævarsdóttir verslunarstjóri og röltir með blaðamanni um bjarta og vel skipulagða verslunina. „Við reynum að hlusta eftir rödd viðskiptavina okkar og leitum að þeim vörum sem þeir óska eftir, en alltaf á lægra verði en hinn almenni markaður býður upp á.“

En hvaða vörumerki býður Korpu-outlet upp á? „Við bjóðum upp á fjölmörg vörumerki frá verslunum Zöru, Debenhams, Útilífs og Hagkaupa en einnig erum við með Levi´s, Champion, Nike, Didriksons, Arena, Puma, Oroblu og Sanpellegrino svo eitthvað sé nefnt. Í þessum merkjum erum við með úrval af barnafötum, herrafötum og dömufötum, þannig að fjölskyldan getur dressað sig upp fyrir lítinn pening,“ segir Hlíf og brosir.

## Innkaupaferðir til hátískuborga

En Hlíf fer líka reglulega í innkaupaferðir til helstu stórborga hátískunnar og kaupir inn fyrir Korpu-outlet. „Við höfum farið til London á kaupsýningar og núna síðast fórum við til Parísar. Þar keyptum við mjög skemmtileg barnaföt og herraföt sem fara karlmönnum sérstaklega vel, enda í nýjustu tísku. Þá eru fylgihlutir alltaf vinsælir á haustin, enda þurfum við þá oft á húfum, hönskum, sokkum og skóm að halda og við birgðum Korpu-outlet svo sannarlega upp af því. Einnig bjóðum við upp á úrval af mjög fallegum og sígildum skartgripum sem fara vel með hausttískunni. Þetta er sá hluti outletsins sem er eins og í almennum verslunum, en samt alltaf á lægra verði en sambærilegar vörur á þeim markaði.

Hvaða verður í tísku núna í vetur og hvaða litir? „Svartur er vitaskuld alltaf vinsæll á veturna en sá litur sem verður hvað heitastur er karrígulur. Undanfarin ár höfum við séð mikið af dýramynstrum eins og hlébarðamynstur og það mun halda áfram nema hvað snákamynstrið mun koma sterkt inn. Þá eru leggings að fjara út en víðari buxur að koma í staðinn. Þá verða harembuxur inni, fylltir hælar, stuttir, þröngir leðurjakkar og hringtreflar svo eitthvað sé nefnt,“ segir Hlíf og auðvitað fæst þetta allt í Korpuoutlet.

## Útsölur og tilboð

Það er ekki nóg með að Korpuoutlet bjóði mikinn afslátt heldur er það reglulega með útsölur, sérstök tilboð, götumarkaði og „tax free“ daga. „Við erum alltaf á tánum fyrir viðskiptavini okkar. Við viljum að þeir fái sem mest fyrir sem minnst. Við auglýsum gjarnan þessa daga en erum einnig með Facebook-síðu þar sem við hvetjum fólk til þess að skrá sig til þess, einmitt, að fylgjast með þessum sérstöku afsláttum og tilboðum. Þar setjum við einnig fleiri upplýsingar inn eins og þegar við erum að fá nýjar sendingar og taka á móti nýjum vörum en við tökum upp vörur á hverjum degi.“



### ÓTRÚLEGT VERÐ Á LEVI´S-GALLABUXUM

**Korpu-outlet flytur** sjálft inn Levi´s gallabuxur frá Bandaríkjunum og getur því boðið þær á 9.995 kr. og 11.995 kr. en þetta er með lægsta verði sem þekkist á Íslandi. Buxurnar hafa verið einstaklega vinsælar hjá karlmönnum, enda fást öll nýjustu og flottustu sniðin. Þá hefur Champion-sportfatnaðurinn, sem hæfir karlmönnum en ekki síður konum og börnum, verið rifinn út en sem betur fer er von á stórri sendingu í næstu viku.



### GERSEMAR Í SKÓM

**Skóúrvalið er** mikið í verslun Korpu-outlet og langir rekkar af skóm, bæði á börn, herra og konur. Konurnar hafa einstaklega gaman af því að skoða úrvalið og sérstaklega vinsælar eru hælaskór og stígvél. Nú nýlega kom stór sending frá París sem í leynist mörg gersemin. Það er aldrei að vita nema nýir jólaskór finnist þar.






Fatnaður og töskur fyrir kvenþjóðina fást á góðu verði.



Barnaföt eru til í úrvali.



Hálsfestar og fleira skart.



„Hér er fjölbreytt vöruúrval," segir Stella Björg í Markaðinum Outlet á Laugavegi 83.

MYNDIR/VALLI

# Fólk á erindi hingað

**Markaður Outlet dregur að sér viðskiptavini sem vilja góða vöru á lágu verði, enda er hann í alfaraleið við helstu verslunargötu borgarinnar, nánar tiltekið á Laugavegi 83.**

„Þeir eru margir sem vilja ódýra vöru og við bjóðum hana," segir Stella Björg Kjartansdóttir í Markaði Outlet á Laugavegi 83. Markaðurinn hefur verið við lýði frá því í byrjun ágúst í sumar og að sögn Stellu Bjargar gengur hann vel, enda um fjölbreitt vöruval að ræða. „Við erum með Disney-fatnað sem er vinsæll og á góðu verði, til dæmis eru prinsessu- og Toy Story-úlpur á 4.900. Við erum með bæði hversdagsföt og fínni föt fyrir konur og stelpur, úrval af kjólum á 3.500, ermar á 1.790 og gollur í fimmtán til tuttugu litum á 2.500."

Talsvert er til af leikföngum á Markaði Outlet á Laugavegi og kemur til með að verða mun meira fyrir jólin að sögn Stellu Bjargar. „Við verðum líka með alls konar gjafakassa með húðkremi og fleira. Það kemur allt í nóvember," segir hún.

Sem verðdæmi nefnir Stella Björg Playboy-gallabuxur á 5.000, Playboy-boli á 2.500, töskur á 1.000 krónur og eyrnalokka á 300. Hún tekur fram að alls ekki sé um úreltar vörur að ræða, enda berist sendingar þétt að utan, beint á markaðinn. „Fólk á erindi hingað," segir hún. „Það er hægt að gera svo góð kaup."

# Nær 500 tegundir af skóm

**Eitt af best geymdu leyndarmálunum úti á Granda er Outlet skór á Fiskislóð 75 sem hefur verið opið í tíu ár.**

Outlet skór er lagersala með skó fyrir alla fjölskylduna og allt frá opnun hefur búðin notið mikilla vinsælda hjá tryggum hópi viðskiptavina sem fengið hafa þar skó við sitt hæfi á ótrúlega góðu verði. „Við opnuðum Outlet skó árið 2001, líklegast er þetta eitt elsta outlet í bænum," segir Árni Rudolf, annar eigendanna. „Við bjóðum upp á mjög gott úrval á góðu verði. Við erum með skó fyrir alla, mikið af barnaskóm, bæði léttum skóm sem eru vinsælir á vorin og fyrir skólann og eins stígvél og eitthvað af fóðruðum skóm. Þá erum við með herraskó, bæði hversdags og spari, en karlmenn koma mikið til okkar. Þeim finnst þægilegt að fara bara beint í hillurnar, ná sér í skó til að máta og eru yfirleit snöggir að ákveða sig. Þeir eru minna fyrir það að láta stjana við sig og þjónusta," segir Árni og hlær. „Konurnar hins vegar taka sér betri tíma, enda hafa þær flestar áhuga og gaman af skóm. Við erum með mikið úrval af léttum kvenskóm, fallega sparikskó eins og hælaskó og stígvél."

Árni segir að á Outletinu fáist mörg þekkt vörumerki eins og Skechers, X18, Spot-on og Every-one. Reglulega berast nýjar vöru á Outletið en Skókaup ehf., sem rekur Outlet skó, er innflutnings og dreifingarfyrirtæki sem selur skó um allt land. Oft verður eitthvað eftir af þeim skóm sem eru í dreifing og fara þeir þá í lagersöluna á Outlet skór. Við erum með mjög mikið úrval en í versluninni fást á milli 400-500 vörutegundir.

Árni bendir á að í Outlet skóm sé að lágmarki helmingsafsláttur frá búðarverði en hann geti alveg farið upp í 80 % þegar búið er að marglækka verðin. „Ódýrustu skórnir sem við erum með eru á bilinu 500-1000 kr. og við erum með X18 skó á 1900 kr. Annað dæmi sem ég get tekið eru t.d. herraskór sem má fá á aðeins 7.900 kr. Stundum höfum við verið með tilboðsdaga en þeir eru þá auglýstir sérstaklega."

Verslunin er opin alla virka daga eftir hádegi, frá 13-18 og á laugardögum 12-16. „Fólk veit orðið vel af búðinni og það er nokkuð jöfn umferð alla daga vikunnar."



Árni segir að í Outlet skóm fáist mörg þekkt vörumerki eins og Skechers, X18, Spot-on og Every-one.

MYND/VALLI



RED kuldaskór. Verð 8.900 kr. Stærðir 36-41.



X18 skór. Verð 1.900 kr. Stærðir 36-41.



Svört stígvél. Verð 3.900 kr..Stærðir 25-34.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Gallajakki frá Diesel, 9.000 krónur, buxur 4.194 krónur, bolur, 2.999 krónur, skór á 5.000 krónur.



Úlpa á 4.000 krónur, ný peysa frá London á 4.194 krónur, nýjar buxur frá London á 2.990 krónur og skór á 2.000 krónur.


„Við bjóðum upp á merkjavöru með allt að 70-80 prósenta afslætti," upplýsir Kári Sverrisson, sem sér um Outlet 10 ásamt Gunnari Þjóðólfssyni.


Úlpa á 4.000 krónur, skyrta á 2.000 krónur og buxur á 5.390 krónur.


Toppur á 3.000 krónur, hlýrabolur á 1.000 krónur, Diesel-gallabuxur á 4.000 krónur, skór á 5.000 krónur og armbönd á 1.000 krónur stykkið.

# Merkjavara fyrir minna

**Í Outlet 10 í Faxafeni fæst ný og nýleg merkjavara á góðu verði. Gæði og fjölbreytni í fyrirrúmi segir Kári Sverrisson, annar verslunarstjóra Outlet 10.**

Kaffiilmur, notalegt andrúmsloft og starfsfólk sem kappkostar að bjóða góða þjónustu tekur á móti þeim sem leggja leið sína í Outlet 10 í Faxafeni 10. Þar er að finna merkjavöru frá helstu tískuvöruverslunum landsins og það nýjasta í dömu- og herrafatnaði frá London.

„Og ekki má gleyma því að hér er allt saman á mjög góðu verði," segir Kári Sverrisson, sem sér um verslunina ásamt Gunnari Þjóðólfssyni. Til marks um það nefnir hann að nú sé verðhrun í Outlet 10. „Við höfum lækkað verðið til að rýma fyrir nýjum vörum frá London og bjóðum þá vörur sem kosta allt niður í 500 krónur. Hér er dömu- og herrafatnaður ásamt fylgihlutum sem kosta sáralítið og til dæmis er hægt að fá Diesel-gallabuxur á aðeins 4.000 og tvær saman á 7.000 krónur!"

Kári tekur fram að verðinu sé þó stillt í hóf allt árið um kring. „Við bjóðum upp á merkjavöru með allt að 70-80 prósenta afslætti. Hér eru til að mynda vönduð jakkaföt á 12.000 og kjólar á 5.000 krónur, sem kostuðu allt að 25.000 nýir út úr búð," upplýsir hann.

En hvaðan skyldu fötin koma? „Hluti kemur, eins og ég segi, beint að utan og hluti frá NTC og má þar nefna búðir eins og Company´s, Galleri 17, Kultur, GS Skór, Focus, Smash og Deres," svarar hann og segir gæði og fjölbreytt vöruúrval í fyrirrúmi. „Við gætum þess að hér sé hægt að fá allt frá hversdagsklæðnaði, peysum og gallabuxum upp í fínni föt, kjóla og jakkaföt, á allar manngerðir og alla aldurshópa," segir hann og hvetur fólk að kíkja við í Faxafeni.

„Enda er það bara fyrstur kemur, fyrstur fær. Sem betur fer fáum við á móti reglulega nýja sendingu þar sem þetta er svona ótrúlega fljótt að fara og mjög gaman að upplifa hvað Íslendingar eru miklu ófeimnari við að spóka sig í outlet-verslunum nú en áður og blanda saman ódýru og dýru sem er þá annars staðar frá," segir Kári og getur þess að hægt sé að fylgjast með nýjum vörum og tilboðum á Facebook-síðu Outlet 10.


Jakkaföt á 12.000 krónur, skyrta á 4.000 krónur og skór á 5.000 krónur.


Jakki á 5.000 krónur, Diesel-bolur á 2.000, buxur á 3.000 krónur og skór á 2.000 krónur.

DIESEL - ADIDAS - SPARKZ - SOLID - BRUUNZ BAZAAR - JUNK DE LUXE - MALENE BIRGER - NIKITA - MISS SIXTY - NÜMPH - MAVI - MATINIQUE - PAUL SMITH - MOMA SENDRA - BUNKER - G-STAR - MAO - MOSS - DKNY - BJÖRKVIN - TIGER OF SWEDEN - SAMSOE & SAMSOE - MIA - KILLAH - INWEAR - SISTERS POINT - JUST FEMALE SOAKED IN LUXURY - JOHN ZACK - PART TWO - RELIGION - BULLBOXER - AGAIN AND AGAIN - BRONX - IKKS OG FULLT AF FLEIRI FLOTTUM MERKJUM.




OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

OPIÐ: Mánudaga - föstudaga: 11 - 18, laugardaga: 11 - 18, sunnudaga: 12 - 17 - erum á facebook




„Við erum með fastan kúnnahóp en hann er að stækka auk þess sem útlendingar koma mjög mikið til okkar, enda eru þeir duglegri en við Íslendingar við að leita uppi outlet," segir Dagný Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Cintamani. MYND/VILHELM

# Útivistarfatnaður í sérflokki

**Cintamani-útivistarfatnaðurinn hefur heldur betur slegið í gegn og ekki skemmir fyrir að allan ársins hring er hægt að kaupa vörurnar á 30-80 prósenta afslætti í outlet-verslun fyrirtækisins eða í gegnum heimasíðuna www.cintamani.is.**

Megnið af okkar vörum er auðvitað Cintamani-vörur," segir Dagný Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri um outlet-verslun Cintamani við Austurhraun 3 í Garðabæ. „Við erum aldrei með útsölur heldur fara vörur úr síðustu línu alltaf beint yfir í þessa verslun. „Við erum líka með ýmis önnur merki, til dæmis Asics-hlaupaskóna, sem eru þeir vinsælustu á landinu og eru til í öllum stærðum og gerðum, allt frá barnastærðum til karlmannastærða, og sem hlaupaskór, handboltaskór eða fótboltaskór. Við erum líka með Casall-íþróttafötin í miklu úrvali og öllum stærðum, ekki bara stærstu og minnstu stærðirnar eins og algengt er á útsölum. Í lok næstu viku fáum við öll sýnishornin úr Cintamani sumar- og vetrarlínunni, fjölbreytt úrval í öllum stærðum."

Cintamani-vörurnar eru íslensk hönnun, en Dagný segir að öll fötin séu prófuð af útivistarfólki við íslenskar aðstæður áður en þau séu sett í framleiðslu. „Við fáum hann Harald jöklafara til að prófa jöklafötin okkar fyrir erfiðustu aðstæður, hlaupafólk til að prófa milligerðirnar og bara venjulegt fólk sem gengur á Esjuna og fer á Ægisíðuna að viðra hundinn sinn til að prófa léttustu línuna. Við erum í raun með alla flóruna af fötum og allt frá toppi til táar."

Dagný segir verslunina ganga mjög vel og kúnnahópurinn sé alltaf að stækka. „Við erum með fastan kúnnahóp en hann er að stækka auk þess sem útlendingar koma mjög mikið til okkar, enda eru þeir duglegri en við Íslendingar við að leita uppi outlet-verslanir. Margir þeirra eru fastir kúnnar í gegnum heimasíðuna okkar og þegar þeir koma til Íslands koma þeir hingað til að gera góð kaup." Og kaupin geta svo sannarlega verið góð því allar vörur í outlet-versluninni eru á 30-80 prósenta afslætti. Auk outlet-verslunarinnar er verslun Cintamani í sama húsi í Austurhrauninu og einnig eru búðir í Kringlunni og Bankastræti. „Svo erum við auðvitað með netverslun líka," segir Dagný „og outlet-vörurnar eru líka fáanlegar þar. Þannig að allan ársins hring geturðu fengið vörurnar okkar úr síðustu línu á verulegum afslætti, annað hvort með því að koma til okkar í Austurhraunið eða versla í gegnum heimasíðuna www.cintamani.is."



# MANA



til sjálf í höndunum. „Eins og er finnst mér mjög mikilvægt að gera alla skartgripina sjálf. Það er eitthvað fallegt við það að vera svona lítill en það er samt dýrt að framleiða allt á Íslandi og verð á öllu er einhvern veginn að hækka. Flestir sem gera eitthvað hérna heima láta framleiða fyrir sig í Austurlöndum þannig að ég er kannski ekki með hagkvæmustu rekstrareininguna.“

Hildur er ekki viss hvort hún vilji fara í útrás með skartgripina sína en það blundar í henni að taka merkið lengra. Skartgripirnir eru lítið verkefni sem hefur undið upp á sig og Hildur viðurkennir að hún sé með ýmsar hugmyndir í kollinum. „Nú er ég að koma með nýja línu í búðir eftir helgina og svo er ýmislegt í pípunum og stefnan er að fara lengra inn á fylgihlutamarkaðinn. Það væri draumur að fara aftur til Barcelona og læra skóhönnun. Bæta í lokin við skóm og fullkomna vörulínuna,“ segir Hildur brosandi.

### LIFIR DRAUMINN

Hildur gefur hluta af söluverði skartgripanna til góðgerðasamtakanna Sól í Tógó en það var alltaf hluti af hugmyndinni bak við skartgripalínuna.

„Ég hef verið að styrkja barn hjá þessum samtökum í nokkurn tíma og ákvað því að gefa hluta af söluverði skartgripanna til samtakanna. Að styrkja gott málefni er bara mjög gott og gefandi. Maður verður að gefa til þess að fá til baka,“ segir Hildur. Hún viðurkennir að hún sé á vissan hátt að upplifa drauminn sinn núna.

„Ég er að fást við ótrúlega skemmtilega og nærandi hluti, á yndislega drengi, mann, fjölskyldu og vini. Já, það er draumur.“

## * myndaalbúmið



Með einn vænan í minni uppáhaldsá, Straumfjarðará.



Armbönd úr nýju línunni sem er væntanleg í verslanir innan skamms.



Seljalandsfoss og synirnir, það vantar samt elsta soninn á myndina.



Ég reyndi að takast á við hestahræðsluna mína í sumar en það tókst ekki vel.





## Vertu við öllu búinn

### Lóperamíð Portfarma - jafngilt Imodium

- Verkar gegn einkennum niðurgangs
- Eykur endurupptöku vatns og salta
- Hægir á þarmahreyfingum

Heiti lyfs og virk innihaldsefni: Lóperamíð Portfarma 2 mg töflur. Hver tafla inniheldur lóperamíðhýdróklóríð 2 mg. Ábendingar: Til meðferðar við einkennum bráðs tilfallandi niðurgangs og langvarandi niðurgangs, þ.m.t. niðurgangur vegna of mikils hraða þarmainnihalds, með eða án hægðaleka, t.d. hjá sjúklingum með dausgarnarrauf, ristilrauf eða sturttæmingu (dumping). Skammtar og lyfjagjöf: Bráður niðurgangur: Hefja skal meðferðina með 4 mg (2 töflum). Þaðan í frá 2 mg (1 tafla) eftir hverja losun þunnra hægða. Þó skulu líða 2-3 klst. milli fyrsta og annars skammts. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 16 mg (8 töflur). Langvarandi niðurgangur: Hefja skal meðferðina með 4 mg (2 töflum). Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 2-16 mg (1-8 töflur) á sólarhring og leitast skal við að gefa minnsta viðhaldsskammt sem mögulegur er. Oft nægir að gefa lyfið 1-2 sinnum á sólarhring. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 16 mg (8 töflur). Nota má sömu skammta hjá öldruðum og sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Frábendingar: Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. Bráð iðrakreppa (dysenteria) sem einkennist af blóði í hægðum og háum hita. Bráð sáraristilbólga og sýndarhimnuristilbólga sem er afleiðing meðferðar með sýklalyfjum. Þegar forðast á hömlun þarmahreyfinga vegna hættu á alvarlegum afleiðingum slíks, t.d. garnastíflu, stórristli, eitrunarstórristli. Notkun handa börnum yngri en 12 ára. Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun: Við langvinna bólgusjúkdóma í þörmum getur lóperamíð dulið einkenni bráðrar versnunar. Í ljósi þess að meðferð með Lóperamíð Portfarma er við einkennum á í upphafi að veita meðferð við undirliggjandi orsök. Ofþornun og röskun á saltajafnvægi getur komið fyrir hjá sjúklingum með (alvarlegan) niðurgang. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi uppbótarmeðferð með vökva og söltum. Hætta skal meðferð með Lóperamíð Portfarma komi fram einkenni hægðatregðu eða önnur einkenni ófullnægjandi þarmahreyfinga. Komi klínískur bati ekki fram innan tveggja sólarhringa, þegar um bráðan niðurgang er að ræða, á að hætta notkun Lóperamíð Portfarma og íhuga aðra meðferð. Hjá alnæmissjúklingum í meðferð með Lóperamíð Portfarma á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þaninn kvið. Greint hefur verið frá stöku tilvikum eitrunarstórristils hjá alnæmissjúklingum sem eru með sýkingaristilbólgu, af völdum bæði veira og baktería, sem fá meðferð með lóperamíðhýdróklóríði. Nota skal Lóperamíð Portfarma með varúð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi, vegna skertra umbrota við fyrstu umferð um lifur. Fylgjast á sérlega vel með þessum sjúklingum með tilliti til hugsanlegra eiturverkana á miðtaugakerfi. Þó liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um lyfjahvörf. Gæta skal varúðar við notkun stórra skammta af lóperamíði samhliða lyfjum sem hamla P-glýkópróteini (kínidíni, rítónavíri, ciklósporíni, verapamíli, sem og sumra sýklalyfja af flokki makrólíða t.d. erýtrómýcíni og klaritrómýcíni). Lóperamíð Portfarma töflur innihalda laktósa. Sjúklingar með galaktósaóþol, laktasaskort eða vanfrásog glúkósa-galaktósa, sem eru mjög sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki nota lyfið. Meðganga: Klínísk reynsla af notkun lyfsins hjá þunguðum konum er takmörkuð. Rannsóknir á rottum hafa sýnt aukningu fósturláta við stóra skammta. Þar til frekari reynsla liggur fyrir á því ekki að nota lóperamíð á meðgöngu nema að vel athuguðu máli. Brjóstagjöf: Lóperamíð skilst út í brjóstamjólk, en ekki er líklegt að lyfið hafi áhrif á barnið þegar það er gefið móðurinni í ráðlögðum skömmtum. Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla: Svimi og slæving geta komið fram í tengslum við meðferð með lóperamíði. Þetta skal haft í huga þegar óskertrar árvekni er þörf, t.d. við akstur eða notkun véla. Lesið vandlega leiðbeiningar í fylgiseðli fyrir notkun.



**Flottur fundur** „Ég keypti þessa í Hjálpræðishernum á 800 krónur. Kosturinn við þá er að þeir eru hælaskór en án þess að vera sérstaklega háir. Ég nota þessa bæði í vinnuna og út að skemmta mér.“

## Uppáhaldsskórnir:

# Þægilegir og þykkbotna

Fatahönnuðurinn Sigríður María Sigurjónsdóttir, eða Sigga Mæja eins og hún er oftast kölluð, hefur skemmtilegan og persónulegan fatastíl. Föstudagur fékk hana til að velja fimm uppáhaldsskópörin sín, sem Sigga Mæja segir öll vera svolítið sjúskuð. Hún hrífst af 90's-tískunni og dreymir um að finna hið fullkomna rauða skópar.



**Útskriftargjöf** „Þessir Chie Mihara-skór eru dýrustu skórnir sem ég á og voru útskriftargjöf frá mínum heittelskaða. Þessa nota ég bara spari og ég reyni að ganga sem minnst á þeim til að skemma þá ekki.“



**Þolgóðir skór** „Ég nota Dr. Martens skóna mest af öllum. Mig hafði lengi langað í eitt par en tímdi ekki að kaupa þá nýja. Ég fann svo þessa, alveg ónotaða, í verslun Rauða krossins. Á botninum á þeim stendur að þeir þoli allt, jafnvel sýru, og svo eru þeir með þykkum sólum sem er fullkomið fyrir stubba eins og mig.“



**Arfurinn** „Ég erfði þessa frá systur minni sem var mikil 80's og 90's pía. Ég kalla þá „hógværu Vivienne Westwood-skóna“ mína. Ég veit þó ekkert hvaðan þeir koma en ég elska þá. Þeir eru samt aðeins notaðir við mjög sérstök tækifæri því þeir eru ekki sérstaklega stöðugir.“


**Kynning - auglýsing**

# Gallabuxur fyrir alla

**Í Gallabuxnabúðinni í Kringlunni og á Akureyri er gríðarlegt úrval af gallabuxum í fjölmörgum sniðum og stærðum. Því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og ekki sakar að verðinu er stillt í hóf.**

Hér finna bæði unglingsstelpur og langafar buxur sem smellpassa,“ segir Elísabet Blöndal, verslunarstjóri Gallabuxnabúðarinnar í Kringlunni. Buxurnar fást í hinum ýmsu stærðum allt frá 34 og upp í 56. „Við erum því með buxur fyrir dömur, herra, stráka, stelpur, afa og ömmur,“ segir hún glaðlega og bætir við að ávallt sé reynt að bjóða upp á mjög gott verð. Til dæmis sé hægt að fá buxur frá 5.900 krónum og upp í 13.900 kr.

Gallabuxnabúðin býður upp á ýmis merki. Vinsælast er Bessie, sem er danskt fyrirtæki en buxurnar eru framleiddar á Ítalíu. „Þá látum við líka sérsauma fyrir okkur buxur á Ítalíu,“ upplýsir Elísabet og segir sniðin fjölmörg. „Við erum með allt frá niðurþröngum til útvíðra, háar í mittið og niður í mjaðmabuxur,“ segir hún. Þar sem úrvalið er svo mikið er mikilvægt að fá aðstoð við valið og þar koma starfsmenn Gallabuxnabúðarinnar sterkir inn. „Afgreiðslufólkið er ótrúlega flinkt að finna buxur sem henta fólki. Maður fær heilmikið út úr því að hitta fólk sem segist lengi hafa leitað að buxum sem passa en finnur loksins fullkomnar buxur hjá okkur.“

Í Gallabuxnabúðinni fást þó ekki eingöngu buxur heldur einnig efri partar bæði fyrir dömur og herra. Þar má nefna herraskyrtur, -peysur og -jakka. „Fyrir dömurnar erum við líka með leðurlíkisjakka, toppa og peysur og eins og í öllu öðru reynum við að halda verðinu í algjöru lágmarki,“ segir Elísabet og nefnir sem dæmi leðurlíkisjakka sem kostar aðeins 9.900 krónur.

Gallabuxnabúðin er á tveimur stöðum á landinu, í Kringlunni og göngugötunni á Akureyri.



„Við erum með buxur fyrir dömur, herra, stráka, stelpur, afa og ömmur,“ segir Elísabet Blöndal.



Úrvalið af gallabuxum er ákaflega mikið í Gallabuxnabúðinni.



Einnig fást peysur, skyrtur og jakkar af ýmsum gerðum.





# UPPLIFÐU BURBERRY MEÐ OKKUR.

**Kynnum nýjan ilm frá BURBERRY í versluninni EVU Laugavegi 26, laugardaginn 1. október milli 13-17. Léttar veitingar í boði.**

**20%** afsláttur af öllum skóm
í versluninni EVU aðeins laugardaginn 1. október.

eva
Laugavegi 26 | s.512 1715 | www.ntc.is
erum á facebook

Kynning

**Farmers Market**
Eyjarslóð 9
www.farmersmarket.is



**BARÐASTAÐIR** peysukápa úr íslenskri ull frá Farmers Market. Stærðir S-L. Verð kr. 36.500



**HOF** er bræðingur af ponsjó og anorakk úr alpaca og ull. Stærðir S-L. Verð kr.32.500. Fæst einnig í dökkbrúnu.



**KELDUR** frakki úr íslenskri ull. Bryddingar, tölur og olnbogabætur úr nautsleðri. Stærðir XS-XL. Verð kr.48.500. Fæst einnig í gráu.



**LITLA-REYKJAHLÍÐ**
Fóðraður barnajakki úr íslenskri ull. Stærðir 110-140 (5-9 ára). Verð kr.15.500



**Motivo Selfossi**
www.motivo.is

Army græn úlpa með loð kraga frá Freequent
Verð 19.900kr.

**Still**
Laugavegur 58
www.stillfashion.is

Gul kápa/peysa kr. 25.900
Síður bolur (kjóll) kr: 5,900
Trefill/Sjal kr: 5,900





Grár jakki/Peysa kr: 25,900
Bolur kr: 7,900
Belti leður kr: 4,900



„Mér líður einna best í vinnuhorninu mínu þar sem ég föndra mikið, skrifa og mála.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aron Bergmann Magnússon á góða granna:

# HEIMILIÐ EINS OG SUMARBÚSTAÐUR

Aron Bergmann Magnússon, myndlistarmaður og leikmyndahönnuður, vinnur um þessar mundir við gerð gamanþátta Mið-Íslands-hópsins sem sýndir verða á Stöð 2 eftir áramót. Aron er búsettur í litlu húsi í Þingholtunum ásamt dætrum sínum tveim og þar fær listin sitt pláss. Föstudagur fékk að líta í heimsókn til Arons og skoða uppáhaldshluti hans.

Innlit

***Aldur:*** 31 árs.

***Í hvaða hverfi býrðu og hver er helsti kostur hverfisins?*** Ég bý í Þingholtunum. Helstu kostir hverfisins eru góðir nágrannar, það er mjög fjölskylduvænt og stutt að fara í miðbæinn.

***Hvað einkennir heimili þitt?*** Það er mjög heimilislegt og svolítið eins og að koma upp í sumarbústað.

***Hvar líður þér best í íbúðinni?*** Það eru tveir staðir. Annars vegar í vinnuhorninu mínu þar sem ég föndra mikið, skrifa og mála. Og hins vegar í svefnherberginu þar sem ég og stelpurnar mínar tvær liggjum og lesum fyrir svefninn, spjöllum og eigum góðar stundir.

***Hvernig er týpískur laugardagsmorgunn hjá þér?*** Annað hvort að gera mig til fyrir vinnu eða eiga rólegan morgun með litlu skvísunum mínum.



„Uppáhaldsflíkurnar mínar eru skyrtur sem ég keypti í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. Þær eru flottar í sniðinu og það er gaman að sjá skyrtur með öðruvísi sniði en venjulega. Ég á nokkuð mikið af fötum og er nokkuð duglegur að ganga frá þeim inn í skáp, þar sem það er frekar leiðinlegt að ganga um í krumpuðum flíkum.“



„Uppáhaldsskartið mitt er fuglahálsmenn sem ég fékk í Aftur. Ég er lítið með skart en þetta hálsmen er alveg að virka fyrir mig.“



„Uppáhaldshluturinn er þessi gömlu upptökutæki sem ég hef beðið eftir að fá í hendurnar til að geta tekið upp samtöl mín við dæturnar og vini.“



Afmælistilboð Nings
Nings í 20 ár
Afmælistilboð
fyrir tvo eða fleiri
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Woksteiktar karrýnúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Stökkt svínakjöt með Orange sósu
Ferskt salat og hrísgrjón.
20 ára
1991 - 2011
NINGS Kókos
NINGS Mangó
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1795
krónur á mann
3590
krónur fyrir tvo
Ef þú hringir inn pöntun og sækir færð þú frían Nings-ís
Heilsutilboð
fyrir tvo eða fleiri
Tröllatrefjar með eggjum kjúklingi og grænmeti
Tofukjöt og grænmeti í massaman karrýsósu
Ferskt salat og hrísgrjón.
2 L. Egils Kristall
Kristall
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1745
krónur á mann
3490
krónur fyrir tvo
NINGS
og kroppurinn blómstrar
1991 - 2011
20
ára
Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is



ILVA
einfaldlega betri kostur

**NUD.** Perustæði, tausnúra. L3 m. **7.995,-**
**GLOBE.** Mött sparpera, E27 5W Ø10 cm. **4.495,-**

Fallegt heimili
þú átt það skilið

**ILVA Korputorgi, 112 Reykjavík**
**sími 522 4500 www.ILVA.is**



## Hefur þú prófað ZUMBA?

Dansaðu þig í form með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap

**Zumba fyrir byrjendur**
Þri og fim kl. 18.30

**Zumba fyrir lengra komna**
Þri og fim 17.30

Hefst 8. ágúst - Fjórar vikur
Verð kr. 11.900 eða 7.900
í áskrift (3 mán binditími)




HEILSUBORG
*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*

Skráning á
mottaka@heilsuborg.is
eða í síma 560 1010




Dolce & Gabbana

Emilio Pucci

Sportmax

Gucci

Tískan í Mílanó:

# Munstur og magabolir

Tískuvikunni í Mílanó lauk á þriðjudaginn en þar kynntu ítölsku tískuhúsin vorlínur sínar fyrir næsta ár. Litagleði, áberandi munstur og magabolir eru það sem koma skal næsta vor ef Ítalirnir fá að ráða för.

Innblásturinn að vorlínu Pucci var greinilega sóttur í raðir sígauna og innihélt hún meðal annars síð, flæðandi pils og magaboli. Aðrir hönnuðir sem hrifust af magabolum voru Versace, Dolce & Gabbana og Missoni. Sportmax, Emporio Armani og Just Cavalli sýndu munstraðar flíkur í pastellitum en Gucci og Marni léku sér með dekkri og sterkari liti. *- sm*



Just Cavalli

Emporio Armani

Versace

Sportmax

NORDICPHOTOS/GETTY




MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN

# KAUPTU 4
# OG FÁÐU 6

## PRÓTEINDRYKKURINN
## SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF




**HOLL OG UPPBYGGILEG NÆRING EFTIR GÓÐA ÆFINGU.**
**HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSYKURSÓÞOL.**

---

**MJÓLKURSAMSALAN**

WWW.MS.IS

ÍSLENSKA SÍA.IS MSA 56078 08/11

MEZINA

ROSEBERRY

Nýtt og áhrifaríkt efni fyrir þvagfærin

Öflugt þrívirkt fæðubótarefni sem slegið hefur í gegn á Norðurlöndunum

ROSEBERRY inniheldur þykkni úr trönuberjum ásamt hibiscus og C-vítamíni. Þessi þrívirka blanda hefur reynst vel við þvagfæravandandamálum.

2-3 töflur á dag fyrir svefn




Innflutningsaðili: Gengur vel ehf.

Fæst í apótekum heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Fer í prufurnar fyrir Dans Dans Dans:

# Undirbýr brjálað atriði

Já, verður maður ekki láta á þetta reyna og dansa sig áfram," segir Sigrún Birna Blomsterberg dansari, en hún ætlar að spreyta sig í nýjum raunveruleikaþætti Ríkissjónvarpsins Dans Dans Dans og undirbýr nú atriði fyrir áheyrendaprufurnar.

Sigrún er mjög ánægð með þáttinn sem hún telur mikla lyftistöng fyrir danssamfélagið. „Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka þátt en var hvött áfram af vinum og vandamönnum," segir Sigrún og bætir við að hún sé vinkona Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur, sem er kynnir í þáttunum, og að hún hafi einnig hvatt Sigrúnu eindregið til þátttöku.

„Ég held ég hafi ekki tekið þátt í keppni síðan í djassballettkeppnum í Tónabæ fyrir mörgum árum. Það er því pínu stressandi að standa svona einn á sviði en ég ætla bara að gefa allt í þetta og er búin að undirbúa brjálað atriði. Það þýðir ekkert annað."

Þættirnir Dans Dans Dans fara í loftið í byrjun nóvember en prufur fara fram um helgina í Laugardalshöllinni. Sigrún er orðin þekkt nafn í dansheiminum hér á landi, en hún rekur sitt eigið dansstúdíó ásamt því að halda námskeið. Hún segist vita af mörgum dönsurum sem ætla að taka þátt. „Það er mikill áhugi á þessu og ég býst við svakalegri samkeppni. Ég held kannski að reynsla mín á sviði og mín mikla orka geti hjálpað mér. Ég lofa allavega brjáluðu atriði af minni hálfu." *- áp*



**Reynir fyrir sér í raunveruleikaþætti** Sigrún Birna Blomsterberg ætlar að spreyta sig í prufum fyrir nýja dansþáttinn Dans Dans Dans og lofar brjáluðu atriði.

**Kynning - auglýsing**



„Boot Cut er það gallabuxnasnið sem konurnar heillast mest af," segir Sarah. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Útvíðar skálmar á leiðinni inn aftur

**Í Next í Kringlunni fást gallabuxur í úrvali bæði á fullorðna og börn og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Sarah Cartwright er verslunarstjóri.**

Við eigum mikið úrval af gallabuxum á alla fjölskylduna á fínu verði," segir Sarah Cartwright, verslunarstjóri Next í Kringlunni og nefnir sem dæmi að ódýrustu gallabuxurnar í dömudeildinni séu á 4.990 og í barnadeildinni á 2.490 krónur. „Við erum með mörg snið líka. Boot Cut er það sem konurnar heillast mest af, enda er það klæðilegt, hentar flestu vaxtarlagi og öllum aldri," segir hún: „Buxurnar eru þröngar yfir lærin en víkka örlítið fyrir neðan hné."

Skinny er enn vinsælt snið hjá yngri aldurshópum, þar er átt við buxur sem eru þröngar alveg niður. „Og nú eru útvíðar skálmar á leiðinni inn aftur, „70-lúkkið", segir Sarah glaðlega.

„Við erum með buxur í þeim dúr líka. Litirnir eru hefðbundnir, sá dökkblái er alltaf vinsæll og líka svartur og ljósblár."

Aðrar buxur en gallabuxur eru einnig í úrvali og ýmsum litum í Next. Þá er það svokallað chinosnið sem algengast er í buxum úr kakíefnum. Það lýsir sér í vídd að ofan og þröngum skálmum.

Versace-línan fyrir H&M í hinu rússneska Vogue:

# Leitar til fortíðar

Margir bíða óþreyjufullir eftir línunni sem tískuhúsið Versace hannaði fyrir verslunarrisann H&M, en hún er væntanleg í verslanir 19. nóvember næstkomandi. Hluti línunnar var einnig notaður í myndaþátt fyrir rússneska Vogue sem þykir óvenjulegt því blaðið notar helst aðeins hátískuflíkur í slíka myndaþætti.

Donatella Versace segist hafa tvinnað klassískri Versace-hönnun inn í H&M línuna. „Sem hönnuður lít ég ávallt til framtíðar og aldrei til fortíðar, en sem systir Gianni vildi ég nota klassíska Versace-hönnun og snið í línuna."

Línan inniheldur fjörtíu kvenmannsflíkur, tuttugu herraflíkur auk fylgihluta. Flíkurnar eru mjög í anda Versace og eru kjólarnir margir þröngir, litríkir og með áberandi munstri. *– sm*



**Fortíðarþrá** Donatella Versace sótti innblástur til eldri Versace-lína við hönnunina. NORDICPHOTOS/GETTY



**Litrík lína** Hluti Versace-línunnar fyrir H&M var notaður í tískuþátt hins rússneska Vogue.


María Ólafsdóttir
Starf: Gullsmiður
Áhugamál: Veggtennis
Egils
V
SPORT
MEÐ LIME- OG SÍTRÓNUBRAGÐI
B-VÍTAMÍN
STEINEFNI
AÐEINS 2 KKAL Í 100 ML
SVARAÐU ÞORSTANUM
V SPORT er nýr, bragðgóður og hitaeiningasnauður íþróttadrykkur. Hann inniheldur nauðsynleg vítamín og steinefni og bætir upp vökva- og steinefnatap eftir áreynslu.
Af hverju að drekka hitaeiningarnar sem þú varst að brenna?
Fáðu þér svalandi V SPORT og náðu enn betri árangri
Innihald í 500 ml
Níasín 12 mg 75%
Fólasín 150 µg 75%
Kalk 120 mg 15%
Magnesíum 55 mg 15%
Bíótín 37,5 µg 75%
B5 4,5 mg 75%
B6 1,05 mg 75%
B12 1,90 µg 75%
Hlutfall af ráðlögðum dagskammti
FITON / SÍA



# YFIRHEYRSLAN

**Ásgrímur Már Friðriksson, fatahönnuður og einn stjórnenda þáttarins Nýs útlits sem sýndur er á Skjáeinum.**

**Ertu A- eða B-manneskja?** Er B-manneskja föst í lífi A-manneskju.

**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Ég er að lesa Madame Bovary.

**Uppáhaldsliturinn:** Í augnablikinu er það blár.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Hermannagrænir skór frá merkinu Swear, keyptir í 17.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Afganskan hund.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Lagið I Think I Like You með Donora.



**Uppáhaldshönnuðurinn:** Íslensku hönnuðirnir eru Eygló, Ziska, REY, YR og Aftur og uppáhalds erlenda merkið er klárlega Givenchy.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Kaffi, kaffi, kaffi. Það er svo mikið að gera hjá mér þessa dagana að kaffið er í uppáhaldi.











Anna María Jónsdóttir tók við verðlaununum fimmtudaginn 22. september. „Við erum gríðarlega stolt af þessum verðlaunum. Þau sýna og sanna að innihaldið í aada er það sem skiptir mestu máli," segir Anna María Jónsdóttir.

# Engiferdrykkurinn aada fær alþjóðleg verðlaun

**Engiferdrykkurinn aada frá My Secret vann til alþjóðlegra verðlauna fyrir besta innihaldið í drykk.**

Íslenski engiferdrykkurinn aada frá My Secret vann síðastliðinn fimmtudag í alþjóðlegu drykkjarvörukeppninni Water Innovation Awards sem haldin var í Rio de Janeiro í Brasilíu. Drykkurinn aada frá My Secret var tilnefndur til verðlauna í fjórum flokkum en það mun vera í fyrsta sinn sem drykkur hlýtur svo margar tilnefningar í keppninni og bar sigur úr býtum í flokknum Drykkurinn með besta hráefnið.

„Aðstandendur keppninnar sýndu innihaldi drykkjarins mikinn áhuga og að hann væri búinn til úr íslensku vatni og úrvalshráefnum. Við notum einungis ferskt hráefni og ekkert þykkni sem er mikill gæðastimpill við framleiðslu á drykknum."

„Við erum gríðarlega stolt af þessum verðlaunum þau sýna og sanna að innihaldið í aada er það sem skiptir mestu máli," segir Anna María Jónsdóttir, sem tók á móti verðlaununum. „Við fengum einnig tilnefningu fyrir bestu sjálfbæru umhverfisvænu framleiðsluna, besta nýja drykkinn með virkni og svo besta nýja fyrirtækið."






# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI


**TOYOTA**
**Notaðir bílar Kletthálsi**
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2007, ekinn 91 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000 Tilboð 2.290.000. Rnr.200461. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2011, ekinn 11 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.390.000. Rnr.140756. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



TOYOTA Tacoma doublecab trd 4x4. Árgerð 2005, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.160017. uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

**bifreidar.is**
bifreiða- & vinnuvélanetsalan



WHITFIELD Plógur. Verð 750. þús. Rnr.103035.

**bifreidar.is**
**Réttarhals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**http://www.bifreidar.is**

**bíll.is**
bestir í bílum...



SUN LITE 900. Árgerð 2007. Flott Pallhús með Truma miðstöðinni WC Sturtu Vetrargeymsla Fylgir Frítt með Verð 2.590.000. Skoðar ýmis skipti Rnr.133986.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Range Rover Vogue TDV8 Árgerð 2007, ekinn 63þ.km. Mjög gott eintak sem er með öllu. Er á staðnum. Verð 8.890.000kr. Raðnúmer 131833. Sjá nánar á www.stora.is



Audi Q5 Premium 2.0T Árgerð 2011, ekinn 17þ.km, ssk, leður. Flott eintak sem er á staðnum! Verð 8.750.000kr. Raðnúmer 131791. Sjá nánar á www.stora.is



BMW X5 3.0i Árgerð 2006, ekinn 125þ. km, ssk, leður, lúga. Þetta eintak er gullmoli. Verð 3.990.000kr. Raðnúmer 152127. Sjá nánar á www.stora.is



Opel Astra OPC Árgerð 2006, ekinn 81þ.km, bsk, leður. Flottur bíll sem er á staðnum. Frábært verð 1.850.000kr. Raðn. 152124. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**100 bílar.is** bílasala



TOYOTA Land cruiser 90 Vx. Árg 1997, ekinn 214 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, Mjög fallegur bíll í góðu standi, 8 manna og vel búinn, Ásett verð 1.550.000. Rnr.116990. Er á staðnum



Nýr bíll, DODGE Ram 1500 Sport METAN, sjálfsk, 390hö, Allur hugsanlegur Lúxus búnaður, Stórglæsilegir bílar, Verð aðeins 7.490þús.kr, Rnr.115659, ATH aðeins 2 stk eftir, eru á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

**SUZUKI**



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

**City Runner**



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer.3 skynjarar. Örfá stk eftir. Tilboð núna meðan birgðir endast. 14.900 krónur. Áður 25.900. City Runner S: 567 1040 Laugarvegur 168.



Vorum að fá nýja sendingu af okkar vinsælu Ál-römpum, fyrir flestar tegundir bíla. Taka allt að 150kg. Verð 37,500 kr. Tilboð núna 14.900 kr. Örfá stk eftir!

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 14 til 17 mánudaga til föstudaga.**

**Gefðu vatn**
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**NETBÍLAR**
www.netbilar.is




Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á netbilar@netbilar.is eða í síma 588-5300.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**


## Bílar til sölu



**Útsala!**
VW Passat árg.'01. 1,6. Bsk. Sk.'12. Bíll í góðu standi. Mikið endurnýjaður. Vetrardekk og Sumardekk á álfelgum. Verð 470þús. Uppl. í S. 666 6550.



Til sölu Hundai Getz árg 2006. 1400 cc beinskiptur Dökk grár, ekinn 62.000 km Sparneytinn, lítið ekinn bíll í mjög góðu standi. Ásett verð 1.150.000 Tilboð 980.000.- Uppl. í síma 8957055



Toyota Avencis '03. beinsk. nýsk. ek. 200þkm. 70þ á vél. V. 850 þ. uppl. 893 2132.



TOYOTA AVENSIS 6/2001, SJÁLFSKIPTUR, SKOÐAÐUR, SUMARDEKK, VETRARDEKK, EKINN 200.Þ.KM. VERÐ 690 Þ. S.8958956



Til sölu Range rover 4.0 árg 1998 ekinn 122 000 km, Flottur bill . Tilboð 590.000. Billinn er til sýnis á bílasöluni Bílaland uppl í síma 8585136



Volvo S40, Árg.'00, 2.0 l. Sjálfskiptur. Ek. 168.000. Álfelgur. Ný tímareim. Verð 590.000. S: 8971565.



Til sölu vw bora árg. 99 1,6 beinskiptur ek. 191 þús. ný tímareim ný skoðaður vetrardekk topp bíll verð 420 þús. ATH kortagreiðslur. gsm 868 2352.



Til sölu VW Polo árg. 2000. Ek. 102 þús. Topp eintak. Uppl. í s. 664 1999

**160 Þús. Ekkert prútt**
Dodge neon árg.'96. Ek. 61þús. Góður bíll. Uppl. í s. 897 1995.

## 0-250 þús.



**95 þús!**
Ford mondeo 2.0 sjálfskiptur, árgerð '98 ek. 148 þús. óskoðaður og komið ryð! keyrir fínt verð 95 þús. með bifreiðagjöldum! s. 841 8955.



**4x4 sjálfskiptur á 230 þús!**
Daihatsu Terios 1,3 16v 4x4 árg.'97 ek.120 þús., sjálfskiptur, ásett verð 390 þús. TILBOÐ 230 þús. stgr! þarfnast smá ummhyggju! s. 841 8955.



**Ódýr spargrís !!!**
Ford Fiesta 1.2 árg. '98, ekinn aðeins 132þús, beinskiptur, ný skoðaður og í góðu ástandi, eyðir mjög litlu og er á vetrardekkjum, Tilboðsverð aðeins 220þús, s: 659-9696.

## 250-499 þús.

Skipti á Nissan Patrol og fjórhjóli Nissan Patrol, árgerð 1993, óskráður en í skoðunarhæfu ástandi. Góð grind. Ný gangbretti fylgja. Nýr Intercooler. Breyttur fyrir 35" en er á góðum, nýlegum 33" dekkjum. Búið að skipta nýlega um bremsur og legur að framan. Óska eftir skiptum á góðu fjórhjóli. Uppl. í síma 695 8461

## 500-999 þús.



**4X4 TURBO DISEL SJÁLFSSKIPTUR**
HYUNDAI H-1 STAREX 4X4 TURBO DISEL,árgerð 2000, ek.175 þús,sjálfskiptur,7 manna með fjórum kapteinstólum,hátt og lágt drif,stigbretti! ofl.frábær ferðabíll sem kemst allt! verð 950 þús, TILBOÐ FÆST Á 790 ÞÚS. STGR s. 841 8955.



**TILBOÐ 870 ÞÚS!**
JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 4X4 V8 árgerð 2001 ek.154 þús km,60 years anniversary edition, álfeglur, glerlúga, cruize control, kastarar, ljóst leður,ný heilsársdekk ofl. GOTT EINTAK! ásett verð 1,290- TILBOÐ 870 stgr.841 8955

## Bílar óskast

**0-250 staðgreitt**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Pallbílar

Stórlækkað verð! Til sölu er Ford F150 2002, verð aðeins 690 þús. Uppl. í 892 0807 eða 897 4585.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



Man 35-430, 8x4, árg. 3/12 2004. Ek. 140 þ. km. Kojuhús, stell með loftpúðum,tengi fyrir vagn. álpallur, rafdrifið segl. Mjög góður bíll. Ásett verð 9,2 millj. Ekkert áhvílandi. Uppl. í s. 893 7065 & 567 0333.

## Mótorhjól



Til sölu Aupa ob 250cc árg. 2009 ek. 480 km skoðað 2013 topp hjól verð 285 þúsund. Og eða skipti á bíl. ATH. kortagreiðslur. Uppl. s. 868 2352.

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

## Kerrur



Kerra fyrir bát (Fjord Dolphin) að stærð: L 7,75m - B 2.92m Verð kr. 300.000 Upplýsingar: s. 856 3405.

## Tilkynningar

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### Tilkynning um afturköllun starfsleyfa í heild eða að hluta

*Afturköllun starfsleyfis Vaxta hf.- verðbréfamiðlunar*
Fjármálaeftirlitið hefur afturkallað starfsleyfi Vaxta hf. - verðbréfamiðlunar, kt. 701097-2039 sem verðbréfamiðlun, þar sem félagið hefur afsalað sér starfsleyfi sínu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Afturköllun starfsleyfis Vaxta hf. verðbréfamiðlunar miðast við 27. september 2011

*Afturköllun starfsleyfis Landsbanka Íslands hf. að hluta*
Fjármálaeftirlitið hefur afturkallað starfsleyfi Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, að hluta, þar sem kveðinn hefur verið upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Afturköllunin nær til starfsleyfis bankans sem viðskiptabanka, en fyrirtækið heldur eftir leyfi til að stunda starfsemi samkvæmt a, b og c lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og b, c og d lið 2. tölul., a, b, c, d og e lið 7. tölul., 9., tölul og 11. tölul. 1. mgr. 20. gr., sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 161/2002. Umrætt leyfi er takmarkað við þá starfsemi sem er nauðsynleg vegna bústjórnar og ráðstöfunar hagsmuna þrotabús, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 161/2002.

Afturköllun starfsleyfis Landsbanka Íslands hf. að hluta miðast við 15. september 2011.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Fiskislóð, Hólmaslóð**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturhöfn, lóðir við Fiskislóð og Hólmaslóð. Í breytingunni felst að lóðinni Hólmaslóð 3 er skipt í tvær lóðir, Djúpslóð 7 og 8, einnig er hluti lóðar tekin upp í mön og stíg. Hólmaslóð 1 er skipt upp í Hólmaslóð 1 og 3 með mön og stíg á milli. Hluti af Fiskislóð, 33 til 43, breytist í Djúpslóð 1 til 8, sem er tillaga að nýju götuheiti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Laugardalur**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi deiliskipulagi Laugardals vegna staðsetningu brettavallar norðan Engjavegar og vestan Þróttheima. Afmarkaður verður átta hundruð fermetra reitur þar sem heimilt verður að útbúa allt að fimm hundruð fermetra brettavöll. Jafnframt verða felld úr gildi eitt hundrað átta tíu og sex áður fyrirhuguð bílastæði á svæðinu og stækkar því grænt almenningssvæði um það sem því nemur.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 30. september 2011 til og með 11. nóvember 2011. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 11. nóvember 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 30. september 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Til sölu

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu þvottavélar, þurrkara, ísskápa og frystikista. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

Ofn fyrir bakari elektrolux AR 170 S verð 300000 og skurdarvel verð 80000 til sölu. simi. 843 0859




## Óskast keypt

**Gína óskast**
**Óska eftir að kaupa kvengínu og einnig buxnagínu Vinsamlegast hafið samband við Jónu Maríu í síma 772-6658**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Ýmislegt



Plastgeymsla útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893 3503 eða 845 8588.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Gott nudd - 105 Rvk**
Bið upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Kem einnig í heimahús. Einnig opið á kvöldin. S. 894 4817.

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**
Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SKAPAÐU Í VETUR SKRÁÐU ÞIG Á NÁMSKEIÐ**
Skartgripasmíði, Tréútskurður, hnífasmíði, gler og 15 önnur. Sjá HANDVERKSHUSID.IS, skráning S:555-1212

## Kennsla

Einkatímar í píanó og söng Boðið upp á einstaklingskennslu í píanó, söng og tónfræði frá 3ja upp úr. Hef margra ára reynslu og er með M. A. í tónlist. Sími: 699 4613.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Til leigu**
**í Grafarvogi.**
**Snyrtilegt skrifstofuhúsnæði á 1 hæð við Fossaleyni 16.**
**Gott aðgengi og bílastæði.**
**Eldhúskrókur og snyrting í rýminu.**
**Til afhendingar 1 sep.**
**Upplýsingar í S. 517-3440**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 3herb 108fm íbúð í hamrahverfi leiga 150þ á mán, trygging eða bankaábyrgð 450Þ. S. 695-1095

Til leigu til skamms tíma, stór 2ja herb. íbúð í Álfheimum. Með húsgögnum. Uppl. s. 899 6400

Mjög gott 6ja herb. raðhús í Kópavogi til leigu frá 15.des. í 2 ár. Stutt leiksk. barnask. og verslanir. Húsgögn geta fylgt. Nánari uppl. s. 896 2896.

**3ja herbergja íbúð**
Stórholti, í góðu standi. Verð 160 þús. Uppl. s. 824 6692.

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar-, lager og geymsluhúsnæði í Hafnarf til leigu. Bjóðum einnig vetrargeymslu fyrir hjólhýsi Uppl 6601060

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**
**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**
**Í símaskrá ja.is undir; geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**
**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

270m2 geymsluskemma í Hafnarfirði til sölu eða leigu. Uppl. 696 4490.

Tökum að okkur geymslu á felli-hjól-pallhýsum-tjaldvögnum (Garður) suðurnes gsm: 8671282

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!**
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Hýsing fyrir ferðavagna. Rúma klst. frá Rvk. Örfá pláss laus. Verð frá 22 þ. fyrir veturinn. S. 897 9814.

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
UPPHITAÐ,hreint og lyktarlaust. Myndir á Facebook og Google undir: Húsvagnageymslan Eyrarbakka. S: 564-6501.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsmann 20 ára og eldri vantar við ýmis létt störf á skóvinnustofu, föstudaga e. hádegi og laugardaga frá kl. 11-14. Vinna getur aukist og hugsanleg sumarvinna í boði. Kjörið fyrir skólafólk. Umsóknir sendist á skoari@islandia.is

**Sölumaður - húsgögn og innréttingar.**
Óska eftir starfsmanni í tímabundið markaðs- og söluátak. Reynsla, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð áskilin. Umsókn sendist á santon@mi.is

## Viðskiptatækifæri

**Ertu 40 ára eða eldri ?**
Leitum eftir jákvæðu samstarfsfólki við markaðssetningu á hinni eilífu æsku. LifeWave hefur slegið í gegn á heimsvísu. www.lw-global.com/is eða 564 5959.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Ýmislegt



**Nýja Postulakirkjan**
VERTU MEÐ ! Sunnudagur kl. 11:00 og 14:00. FRIÐRIKSKAPELLA, 101 Reykjavík. www.nac-iceland.org Fyrir persónulega fyrirbæn s. 845 3399.

## Einkamál




**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.

**Konur í ævintýraleit**
Nú er mikið um nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

# MYNDAVÉLARÝMING AÐEINS Í TVO DAGA

**Rýmum fyrir nýjum vélum og bjóðum því myndavélar og tökuvélar með miklum afslætti. Mjög takmarkað magn.**
**Rýmingin er aðeins í dag og á morgun!**




CASIO JVC Nikon OLYMPUS Panasonic TOSHIBA

## VERÐ FRÁ KR. 9.990

**Takmarkað magn - Fyrstur kemur fyrstur fær!**

**Opið föstudaga 9 - 18.30 og laugardaga 11 - 16**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU




698 KR.1/2 KG

**GEVALIA KAFFIBAUNIR** 500 GRÖMM
EBONY MÖRKROST & ITALIENSK ESPRESSO




579 KR.KG

498 KR.KG

**SS ÓSOÐIÐ SLÁTUR**
LIFRARPYLSA 579 KR.KG BLÓÐMÖR 498 KR.KG.




198 KR.10 STK

3000 PAKKAR Í BOÐI

**EMMESSÍS ÁVAXTASTANGIR**
10 STK. Í KASSA

## GERÐU ÞÍNA EFTIRLÆTIS PIZZU HEIMA



379 KR. PK

**PIZZA TOPPUR 400G**
RIFINN OSTUR Á PIZZUNA




359 KR. 153 G

**BÓNUS PEPPERONI** 153 GR




898 KR. 153 G

**FERSKT BLANDAÐ HAKK**
NAUT 40% - LAMB 40% - GRÍS 20%




198 KR. 400 GRÖMM

259 KR. 400 GRÖMM

**BÓNUS FERSKT PIZZADEIG 400 GRÖMM**
VENJULEGT EÐA SPELTI



998 KR. 1 KG

**BÓNUS SÚKKULAÐITERTA**
ÞRIGGJA HÆÐA : 1 KG




129 KR. 1 LTR.




79 KR. 500ML




MARGNOTA
**BURÐARPOKI**
195 KR. STK



HUNDA-NAGBEIN 13 SM.
2 STK 259 KR.




HUNDANAG
298 KR.



HUNDA-NAGSTYKKI 24 SM.
359 KR.




HUNDANAG
198 KR.



HUNDA-NAGBEIN 21 SM.
259 KR.

## ICEPET HUNDAFÓÐUR




HUNDAFÓÐUR 12 KG. POKI 3598 KR.
HUNDAFÓÐUR 2 KG. POKI 898 KR.
HVOLPAFÓÐUR 5 KG. POKI 1998 KR.

## ICEPET KATTAFÓÐUR




KATTAFÓÐUR 7 KG.
2798 KR.

KATTAFÓÐUR 2 KG.
998 KR.


BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## ...STUDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU




FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR




FERSKUR ÚRB. GRÍSAHNAKKI




FERSKUR GRÍSABÓGUR




FERSKT ALI GRÍSAHAKK




ALI HUNANGSKRYDDAÐAR
ÚRB. GRÍSAKÓTILETTUR




ALI BARBECUE KRYDDAÐAR
ÚRB. GRÍSAKÓTILETTUR




BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR




ÍSLANDSLAMB; HÁLFUR FROSINN
LAMBASKROKKUR NIÐURSAGAÐUR




BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI




BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR




BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR




FROSIN LAMBAHJÖRTU




KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBAFILLET I.FLOKKUR




FROSIN LAMBALIFUR




KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI I.FLOKKUR

## FROSIÐ LAMBAKJÖT HAUST SLÁTRUN 2011




KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSINN LAMBABÓGUR / FRAMP.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** óhreinindi, **8.** hækkar, **9.** mærð, **11.** átt, **12.** þvaðra, **14.** rót, **16.** tvíhljóði, **17.** auð, **18.** þangað til, **20.** slá, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vilji, **3.** rún, **4.** rafall, **5.** rjúka, **7.** árdegi, **10.** spor, **13.** ílát, **15.** lítill, **16.** umfram, **19.** gyltu.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. júdó, 6. im, 8. rís, 9. lof, 11. na, 12. drafa, 14. grams, 16. au, 17. tóm, 18. uns, 20. rá, 21. knús.
**LÓÐRÉTT:** 1. vild, 3. úr, 4. dínamór, 5. ósa, 7. morgunn, 10. far, 13. fat, 15. smár, 16. auk, 19. sú.





Leikstjórinn Rúnar Rúnarsson er spenntur að sjá viðbrögð Íslendinga við Eldfjalli, hans fyrstu kvikmynd í fullri lengd.

**Meðal annars efnis**



**Kerlingarpontur og hrákadallar**
Úrval gripa sem tengjast tóbaksnotkun á Íslandi í gegnum aldirnar er nú til sýnis í Horni Þjóðminjasafnsins.

**Ganga á Guðs vegum**
Trúmál í brennidepli hjá frambjóðendum Repúblikana.



Allt sem þú þarft


# Af undraverðum vélum

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Gamall brandari er eitthvað á þá leið að spyrjirðu þrjá hagfræðinga um mat á viðfangsefni fáirðu fjórar skoðanir. Í brandaranum er sannleikskorn, hagfræðingar eru oft æði ósammála um hvernig nálgast á fræðin. Ein er þó hugmynd sem hagfræðingar eru nær allir sem einn sammála um. Henni má lýsa með dæmisögu.

**DAG** einn boðar snjall uppfinningamaður til blaðamannafundar. Á fundinum kynnir hann nýjustu uppgötvun sína; vél sem á undraverðan hátt framleiðir kjöt með minni tilkostnaði en gengur og gerist. Í framhaldinu hefur hann sölu á kjöti til verslana og það á talsvert lægra verði en aðrir framleiðendur. Neytendur geta nú keypt kjöt á lægra verði en áður og hafa það betra sem mismuninum nemur. Bændur neyðast til að lækka verð, sem veldur því að búum fækkar og hagkvæmni í greininni eykst.

**FLESTIR** harma fækkun í bændastétt en bæta þó við að varla sé tækt að standa í vegi fyrir framförum. Sumir kvarta undan því að nýja kjötið sé ekki jafn gott og það gamla og láta sig því hafa það að borga áfram hærra verð. Allir sammælast þó um það að samfélagið sem heild hafi notið góðs af tækniframförunum.

**FRÉTTAHAUKUR** einn fer nú að grennslast fyrir um þessa undraverðu vél. Hann kemst að lokum að raun um að uppfinningamaðurinn hefur alls enga vél í fórum sínum. Þvert á móti hefur hann stundað smygl á erlendu kjöti til landsins framhjá öllum tollamúrum. Uppfinningamanninum er stungið í steininn og ódýra kjötið tekið af markaði. Hver er lexían? Jú. Frjáls viðskipti, sem margir gjalda varhug við, geta haft sömu áhrif og tækniframfarir, sem flestir fagna.

**NÚ** ber auðvitað ekki að taka þessa dæmisögu of alvarlega. Raunveruleikinn er flóknari en svo að lítil dæmisaga eins og þessi nái utan um hann. Til ýmissa álitaefna ber að taka tillit til í samhengi frjálsra viðskipta. Má þar nefna sjónarmið um umhverfisvernd, öryggi og áhrif á ójöfnuð. Að vísu er gripið til þessara og skyldra sjónarmiða oftar en þegar þau eiga rétt á sér. En þau eiga það þó klárlega í sumum tilfellum.

**HINS** vegar er það alveg ljóst að frjáls viðskipti eru langoftast til hagsbóta. Þær stéttir sem búið hafa við tollvernd geta vissulega borið skarðan hlut frá borði þegar tollar eru skyndilega afnumdir. En þá má líka koma til móts við þær stéttir með hluta þess ábata sem frjálsu viðskiptin leiða af sér. Þetta vill því miður of oft gleymast í umræðu um tolla á Íslandi.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

# menning

menning@frettabladid.is

**SOFFÍA KYNNIR VERK SÍN** Soffía Sæmundsdóttir, sem dvaldi í listamannaíbúðinni Varmahlíð í sumar, kynnir verk sín í máli og myndum í Listasafni Árnesinga í Varmahlíð á sunnudag frá klukkan 15 til 18. Soffía er hvað kunnust fyrir málverk af mannverum í landslagi, klædd í eins konar þjóðbúninga en óstaðsett. Hún vinnur málverk sín ýmist á striga eða tré. Soffía hefur líka verið mjög virk í Grafíkfélaginu og vinnur í þann miðil sem og teikningar.

# Langar að vinna aftur með Íslenska dansflokknum

**Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í kvöld verkið Fullkominn dagur til drauma á stóra sviði Borgarleikhússins. Höfundur verksins er Slóvakinn Anton Lachky, meðlimur danshópsins Les Slovaks.**



**TEIKNIMYND** Anton Lachky, höfundur dansverksins Fullkominn dagur til drauma, segir dansarana um margt minna á teiknimyndapersónur við túlkun sína á verkinu.
MYND/ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN

„Ég er mjög innblásinn af dönsurum Íslenska dansflokksins,“ segir Anton Lachky, höfundur dansverksins Fullkominn dagur til drauma, sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld. Dansunnendur muna ef til vill eftir Lachky frá því á Listahátíð í vor. Þar kom hann fram með danshópi sínum, Les Slovaks, sem er skipaður fimm karldönsurum frá Slóvakíu.

Það var einmitt á sýningu með þeim hópi í Amsterdam fyrir tveimur árum, sem Lachky hitti fyrir Katrínu Hall, listrænan stjórnanda Íslenska dansflokksins. „Ég hitti Katrínu í Amsterdam, þar sem hún var áhorfandi að sýningunni okkar. Síðan þá höfum við verið í sambandi og unnið að því að finna tíma sem hentaði bæði mér og þeim. Og nú er ég hingað kominn!“

Lachky ber dönsurum Íslenska dansflokksins vel söguna, en hann vann náið með hverjum og einum þeirra til að ná fram því besta úr þeim. „Ég get sagt að þetta er besti hópur sem ég hef unnið með sem gestahöfundur. Þessir dansarar hafa sjálfir svo sterka persónuleika og það voru þeir sem leiddu verkið inn á þá braut sem það átti að fara. Ég leyfði mér að nota persónuleika þeirra og ýkja þá dálítið.“ Útkomunni líkir hann við að horfa á svart-hvíta bíómynd eða teiknimyndapersónur dansa.

Lachky hefur verið í Reykjavík undanfarnar sjö vikur og hefur notið sín vel. „Þetta hefur verið frábær tími. Ég er hrifinn af Reykjavík og mér finnst gott að vera hérna. Ég vonast til að fá tækifæri til að koma aftur og vinna með Íslenska dansflokknum einhvern tímann í framtíðinni.“

Tónlistin í verkinu er Sálumessa eftir Verdi, sem fjallar um allar dýpstu tilfinningar mannsins, örvæntingu og gleði, von og eyðileggingu og að lokum eilífan frið. Sigrún Úlfarsdóttir sér um búningana í verkinu og Aðalsteinn Stefánsson sér um ljósahönnun.

Alls taka átta dansarar úr Íslenska dansflokknum þátt í Fullkomnum degi til drauma. Verkið er sýnt á stóra sviði Borgarleikhússins og hefst sýningin klukkan 20.

holmfridur@frettabladid.is



**ANTON LACHKY** Hefur notið þess að vinna með dönsurum Íslenska dansflokksins, sem hann segir hafa sterka persónuleika sem gaman hafi verið að vinna með. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Myndlist ★★★

**„Þar sem ég bjó og það sem ég lifði fyrir“**

Hildur Hákonardóttir

**Listasafn ASÍ**

## Að vefa saman líf og list

Hildur Hákonardóttir, myndlistar- og veflistakona, kennari, skólastjóri, höfundur, matjurtaræktandi – og margt fleira, sýnir nú verk frá ýmsum tímabilum á ferli sínum í Listasafni ASÍ. Í Arinstofu eru m.a. bráðskemmtileg prjónaverk hennar frá áttunda áratug síðustu aldar, þau gætu líka verið gerð í gær, svo tímalaus eru þau. Hér sameinast húmor og gáskafull ádeila en verkin ögruðu þó meira á sínum tíma en þau gera í dag. Myndasaga segir sögu kvennafrídags, teikningar og vefnaður sýna fjölbreytta efnisnotkun listakonunnar.

Á gangi eru fleiri ofin verk, bæði frístandandi og á vegg, annars vegar ævintýraleg en þó með tengslum við samtímann; verkið Rótleysi frá 1970, og síðan náttúrustemning frá 1984, Fjöllin. Í Ásmundarsal sem sjá má fjögur, svarthvít, ofin veggverk, öll í stærra lagi. Hér eru áherslurnar bæði frásagnarlegar og grafískar. Teikning, samspil svarts og hvíts og lifandi þráða vinna saman en um leið hafa myndirnar innihald; minna á látna skáldkonu, á stöðu kvenna, á hlutskipti þegna í þjóðfélaginu. Þessi verk eru frá sjöunda og áttunda áratugnum.

Í Gryfju heiðrar Hildur minningu annars látins skálds, hins bandaríska Henrys Davids Thoreau en titill sýningarinnar er fenginn úr bók hans, Walden. Thoreau bjó um tíma einn úti í skógi og stundaði sjálfsþurftarbúskap til þess að skilja betur sjálfan sig og lífið. Eins og hann hefur Hildur verið í nánum tengslum við náttúruna í lífi sínu. Hún hefur ræktað sjálf og skrifað bækur um matjurtir.

Hildur er ekki síður kunn fyrir baráttu sína fyrir réttindum kvenna og bókina Ég þori, get og vil um þá baráttu. Hún var líka ein af þátttakendum SÚM-hópsins, það er því óhætt að segja að hún hafi komið víða við.

Af sýningunni sem og viðtölum við Hildi er ljóst að hún lítur á lífið og listina sem eina, órofna heild. Gaman gæti verið að fá að sjá stærri og yfirgripsmeiri sýningu á verkum Hildar þar sem ekki væru endilega dregin mörk milli hinna ýmsu þátta heldur fengju listin og skrifin og ræktunin að blómstra hlið við hlið, í þeim samhljómi sem þeim er eiginlegur.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Hnotskurn:** Forvitnileg sýning sem varpar ljósgeisla á umfangsmikið ævistarf frjórrar lista- og baráttukonu og vekur upp forvitni áhorfandans sem langar til að sjá meira.








**HRAFNHILDUR HAGALÍN** Ræðir þýðingu sína á leikritinu Eldhafi eftir Wajdi Mouwad, sem sýnt verður í Borgarleikhúsinu í vetur.

# Rætt um leikhúsþýðingar á degi þýðenda

Alþjóðlegur dagur þýðenda er í dag. Í tilefni af því efnir Bandalag þýðenda og túlka til dagskrár í Kassa Þjóðleikhússins við Lindargötu. Dagskráin í ár er haldin í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið. Verða nýjar þýðingar á nokkrum öndvegisverkum komandi vetrar til umfjöllunar.

Hrafnhildur Hagalín ræðir um þýðingu sína á Eldhafi Wajdi Mouawad, Sigurður Karlsson ber saman þýðingar sínar á leikgerð og skáldsögu Sofie Oksanen, Hreinsun, og Friðrik Erlingsson fjallar um nýja þýðingu sína á söngleik Alains Boublil og Michels Schönberg, sem byggður er á Vesalingunum eftir Victor Hugo.

Dagskráin hefst klukkan 15 og stendur til 17. Aðgangur er ókeypis og öllum velkominn á meðan húsrúm leyfir.

# Norrænir músíkdagar í næstu viku

Hundrað og sextíu listamenn flytja rúmlega sextíu tónverk eftir rúmlega fimmtíu norræn tónskáld á Norrænum músíkdögum, sem verða settir í Hörpu 6. október næstkomandi. Á dagskránni eru fjórtán tónleikar, allt frá sinfóníutónleikum til kammer-, kór-, raf- og barnatónleika og meðal flytjenda eru Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput-hópurinn, Kammersveit Reykjavíkur og Aldubáran Sinfonietta frá Færeyjum og fjöldi þekktra einleikara, til dæmis Víkingur Heiðar Ólafsson, Einar Jóhannesson, Anna Petrini og Eva Alkula.

Fjöldi verka verður frumfluttur á hátíðinni, þar á meðal tónverk og hljóðgjörningar eftir þrjár íslenskar konur. Ragnhildur Gísladóttir, tónskáld og söngkona, Hafdís Bjarnadóttir, tónskáld og djassgítarleikari, og Sólrún Sumarliðadóttir, tónskáld og sellóleikari úr hljómsveitinni Aaminu, koma fram saman í fyrsta sinn.

Norrænir músíkdagar voru fyrst haldnir árið 1888. Í gegnum tíðina hafa sum af þekktustu tónskáldum sögunnar fengið verk sín flutt í fyrsta sinn, til dæmis Sibelius og Grieg. Tónskáldafélag Íslands er aðalskipuleggjandi hátíðarinnar í nánu samstarfi við Norræna tónskáldaráðið.

Hátíðin, sem stendur til 9. október, hefst með stórtónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og finnskra einleikara á harmónikku og fiðlu í Eldborg. Við það tækifæri verður frumflutt verk eftir ungt íslenskt tónskáld, Einar Torfa Einarsson, sem pantað var sérstaklega vegna viðburðarins.

Miðasala er hafin og má nálgast miða á tónleikana í Hörpu og á midi.is. Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á nordicmusicdays.is.



**VÍKINGUR OG SINFÓNÍAN** Bæði Víkingur Heiðar Ólafsson og Sinfóníuhljómsveit Íslands verða meðal flytjenda á Norrænum músíkdögum, sem verða settir í næstu viku.



**ÚR VERKI KARIN REICHMUT** Reicmut er frá Sviss og verður gestalistamaður í Skaftafelli í október og nóvember.

# Tvær sýningar í Skaftfelli

**Tvær nýjar sýningar eftir gestalistamenn Skaftfells á Seyðisfirði verða opnaðar nú um mánaðamótin, önnur eftir Barböru Amalie Skovmand Thomsen, sem er gestalistamaður í Skaftfelli í ágúst og september, og samstarfskonu hennar Ullu Eriksen. Hin sýningin er eftir Karin Reichmut, sem er gestalistamaður í Skaftfelli í september og október.**

**Thomsen og Eriksen hafa aðstoðað hvor aðra í mörg ár en verkin sem þær sýna í Bókabúðinni, er þeirra fyrsta verk sem þær vinna sameiginlega.**

**Svissneski listamaðurinn Karin Reichmut sýnir ný verk á Vesturveggnum.**

**Sýningar í Skaftfelli eru opnar föstudaga til sunnudaga frá 14 til 20 eða eftir samkomulagi.**

# Rætt um (mis)notkun sögunnar

**Notkun og misnotkun sögunnar verður til umfjöllunar á afmælismálþingi Sagnfræðingafélags Íslands á laugardag. Fjórir sagnfræðingar halda erindi tengd efninu; Íris Ellenberger, Guðni Th. Jóhannesson, Lára Magnúsdóttir og Guðmundur Hálfdanarson.**

**Málþingið er haldið í stofu 132 í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Ísland. Dagskráin hefst klukkan 13 og lýkur 16.30.**







**Besti barinn:** Atli Bollason lífskúnstner

# Faktorý og Vínbarinn í uppáhaldi



„Faktorý er búinn að koma sterkur inn og ég myndi segja að Vínbarinn sé vanmetinn. Það er búið að vera mikið af skemmtilegum danstónlistarkvöldum á Faktorý. Þar er pláss til að skekja skankana. Ég reyni að elta það dálítið. Það er líka mjög fínt að fara á Vínbarinn eftir vinnu á föstudegi og kíkja svo á Faktorý um miðnættið.“






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Föstudagur 30. september

#### Tónleikar

**18.00** Hljómsveitin Of Monsters and Men flytur lög og áritar plötur í 12 Tónum, Skólavörðustíg 15. Allir velkomnir.

**20.00** Tónleikarnir Í minningu Sissu eru haldnir í Hofi á Akureyri. Tónlistarmenn á borð við Óskar Pétursson, Friðrik Dór, Kristmund Axel og Pál Óskar koma fram. Tónleikarnir eru til styrktar Minningarsjóðs Sigrúnar Mjallar Jóhannesdóttur. Miðaverð er kr. 2.900.

**20.00** Tónleikarnir Nýdönsk í nánd verða haldnir í Samkomuhúsinu á Akureyri. Þar leikur hljómsveitin Nýdönsk lög sín ásamt því að segja sögur á bak við lögin og textana, skandalana og stórsigrana. Leikstjóri er Gunnar Helgason. Miðaverð er kr. 3.900.

**20.00** Bubbi Morthens heldur tónleika í Bergi á Dalvík. Miðaverð er kr. 2.500.

**20.00** Fengjastrútur leikur ný ágeng verk eftir íslenska og erlenda höfunda í Hafnarhúsinu á hátíðinni Sláturtíð á vegum S.L.Á.T.U.R. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Um helgina verður haldin trúbadorahátíð á Ob-La-Dí-Ob-La-Da á Frakkastíg 8. Eggert Jóhannson, Gímaldin, Skúli Mennski, Andrea Gylfa og Egill Ólafsson koma fram í kvöld. Miðaverð er kr. 1.000.

**22.00** Rokkabillyband Reykjavíkur heldur tónleika á Café Rosenberg.

**22.00** Hljómsveitin Trums heldur tónleika á Hressó. Eftir tónleikana þeytir DJ Elli skífum.



**23.00** Hljómsveitin **Gullkistan** stígur á svið á Kringlukránni og spilar gamla gullmola rokksögunnar. Þessa nýju hljómsveit skipa Ásgeir Óskarsson, Gunnar Þórðarson, Jón Ólafsson og Óttar Felix Hauksson. Miðaverð er kr. 1.500.

#### Leiklist

**19.00** Sýningin Hárið í leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar er sýnd í Hörpu. Miðaverð er kr. 3.950.

**20.00** Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir Á botninum eftir Maxim Gorkí í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13. Leikstjóri er Rúnar Guðbrandsson. Miðaverð er kr. 1.500.



**22.00 Pörupiltar og tvíeykið Viggó og Víóletta** sýna leiksýninguna **Uppnám** í Leikhúskjallaranum í Þjóðleikhúsinu. Miðaverð er kr. 2.900.

#### Fundir

**12.00** Dr. Diana Panke, stjórnmálafræðiprófessor við University College Dublin á Írlandi, heldur erindi um hversu mikil áhrif smáríki hafa í ákvarðanatöku innan Evrópusambandsins. Fundurinn er á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Rannsóknaseturs um smáríki og fer fram í Odda 201 í Háskóla Íslands.

#### Nýsköpun

**17.30** Atvinnu- og nýsköpunarhelgi Innovit og Landsbankans hefst á Suðurnesjum. Þátttakendur mæta á staðinn og fá innblástur og leiðsögn við að byggja upp viðskiptahugmynd. Viðburðurinn fer fram í húsnæði Keilis á Ásbrú og þátttaka er ókeypis.

#### Dansleikir

**23.30** Hljómsveitin SOS frá Húsavík slær upp dansleik á Spot í Kópavogi. Ína Valgerður Pétursdóttir syngur. Miðaverð er kr. 1.500.

#### Kvikmyndahátíð



**16.00** Kvikmyndahátíðin RIFF stendur fyrir smiðjum um óháða kvikmyndagerð á Kexi Hosteli. Tvær fara fram í dag. Fyrri um heimildamyndir með Peter Wintonick og Frank Matter kl. 16. Seinni smiðjan er um kvikmyndatöku með Josef Mayerhofer og **Ara Kristinssyni** kl. 18. Þátttökugjald fyrir eina smiðju er kr. 700. Gjald fyrir sex smiðjur er kr. 3.000 en kr. 2.000 fyrir handahafa hátíðarpassa.

#### Uppistand



**22.00** Uppistand með **Hugleiki Dagssyni** og Önnu Svövu Knútsdóttur á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 2.000.

#### Tónlist

**20.00** Húsbandið leikur tónlist á Prikinu. DJ Gísli Galdur þeytir skífum eftir kl. 23.

**21.00** DJ Glimmer spilar tónlist á Trúnó.

**22.00** DJ Benni þeytir skífum á Vegamótum.

**22.00** DJ KGB stjórnar tónlistinni á Boston.

**22.00** DJ Dramatik þeytir skífum á Barböru.

**22.00** Housekell stjórnar tónlistinni á Kaffibarnum.



**23.00** Captain Fufanu þeyta skífum á Faktorý.

**23.00** DJ Halli Valli spilar tónlist á Bakkusi.

**23.30** DJ Hlynur Mastermix þeytir skífum á Esju.

**23.30** DJ Biggi þeytir skífum á Den Danske Kro.

#### Fyrirlestrar

**12.15** Bernhard Gál og Belma Beslic-Gál úr Vortex Project halda fyrirlestur um margmiðlun í listsköpun sinni í Hafnarhúsinu á hátíðinni Sláturtíð á vegum S.L.Á.T.U.R. Aðgangur er ókeypis.

**13.20** Arnþór Helgason, formaður Kínversk-íslenska menningarfélagsins, heldur fyrirlesturinn Stiklur um samskipti Íslendinga og Kínverja frá 1760 til 2000 í Lögbergi 102 í Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er haldinn í tilefni af 40 ára afmæli stjórnmálasambands Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína. Aðgangur er ókeypis.

#### Eldri borgarar

Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug kl. 9.30 og listasmiðju sem hefst kl. 13.30 á Korpúlfsstöðum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





PIPAR\TBWA-SÍA

Einstakur viðburður: **Dr. David Suzuki á Íslandi**
**Laugardaginn 1. október kl. 16.00**
**í sal 105 á Háskólatorgi**

**Hinn víðfrægi heimildarmyndagerðarmaður, þáttastjórnandi og umhverfisfræðingur Dr. David Suzuki, fyrrum prófessor við University of British Columbia, heldur hátíðarfyrirlestur á málþingi í Háskóla Íslands, HVAÐ GETUM VIÐ GERT?**

Málþingið fjallar um hvers vegna svo erfitt reynist að fá viðbrögð almennings og stjórnvalda í umhverfismálum og hvað geti verið til ráða. Að loknum fyrirlestri leiðir Dr. Brynhildur Davíðsdóttir umræður. Fundarstjóri verður Dr. Guðrún Pétursdóttir.

Til málþingsins bjóða Alþjóðleg kvikmyndahátíð (RIFF), Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Stofnun Sæmundar fróða, sem fagnar með því 5 ára afmæli sínu.

**Fyrir málþingið, kl. 14.00 verður heimildarmynd um Dr. Suzuki, „Force of nature: The David Suzuki Movie“, sýnd í sama sal á vegum RIFF.**

**ATH! Aðgangur að málþinginu er ókeypis, en miðaverð á kvikmyndasýninguna er 1.100 kr.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011 | HÁSKÓLI ÍSLANDS STOFNUN SÆMUNDAR FRÓÐA | HÁSKÓLI ÍSLANDS ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI | Reykjavík International Film Festival




**Á DRULLUMALLI** Fjöldi unglinga mætti á tónleikaröðina Drullumall sem hóf göngu sína í skúr við Austurbæjarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Spila fyrir unglinga

Tónleikaröðin Drullumall hóf göngu sína á miðvikudagskvöld í skúr við Austurbæjarskóla. Verkefnið er ætlað fyrir unglinga í 8. til 10. bekk og eru það félagsmiðstöðvar Kamps í miðborg Reykjavíkur og Hlíðum sem hrintu því af stað í von um að efla grasrótina í íslensku tónlistarlífi.

Hljómsveitirnar Gang Related og Ofvitarnir spiluðu á fyrsta kvöldinu en engin grunnskólasveit er hluti af verkefninu. „Kveikjan að verkefninu var að það vantar alveg þær hljómsveitir. Ég var búin að senda póst um alla Reykjavík og fékk engin svör frá unglingaböndum sem vildu spila og mér finnst það áhyggjuefni,“ segir Andrea Marel, verkefnastjóri félagsmiðstöðvarinnar 105 í Háteigsskóla. „Við viljum breyta því og kveikja hjá þeim áhuga til að stofna hljómsveitir og spila.“

Allar hljómsveitir sem taka þátt í tónleikaröðinni gefa vinnu sína. Auk Gang Related og Ofvitanna hafa hljómsveitirnar Benn Hemm Hemm, Prinspóló og Reykjavík boðað komu sína. Tónleikarnir verða haldnir síðasta miðvikudag hvers mánaðar í félagsmiðstöðvum Kamps. - fb

# Föstudagstilboð í

# Office1

# 1 kr.

# blaðið




1 pakki - 500 blöð

**500 kr.**

1 kassi - 2.500 blöð

**2.500 kr.**

**Ég ætla að spara í ár!**

**Office1**

Skeifan 550-4110 | Hafnarfjörður 550-4120 | Selfoss 550-4190 | Egilsstaðir 550-4160

folk@frettabladid.is



**1 MILLJÓN DALA** borgaði fyrirsætan Holly Madison fyrir að láta tryggja á sér brjóstin. Það eru um 120 milljónir íslenskra króna.



Bíó ★★

**Inside Lara Roxx**
Leikstjóri: Mia Donovan

**Sýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík**

## Gölluð vara úr góðu efni

Lara Roxx er fyrrverandi vandræðaunglingur sem fluttist frá Kanada til Kaliforníu og lék í klámmyndum til að framfleyta sér. Eftir að hafa leikið í fáeinum myndum smitaðist hún af HIV-veirunni, en hún var ein þriggja kvenna sem smituðust af sama karlinum. Öll léku þau í klámmyndum.

Í Inside Lara Roxx fylgjumst við með baráttu stúlkunnar við sjúkdóminn, en auk þess að vera HIV-smituð glímir hún við geðræna kvilla og eiturlyfjafíkn. Lara fellur ekki inn í staðalmynd „klámstjörnunnar". Hún er langt frá því að vera heimsk, er með skakkar tennur og virðist ekki hafa látið breyta sér líkamlega. En hún hefur tekið slæmar ákvarðanir og verður nú að laga líf sitt að afleiðingunum.

Þessi sæmilega heimildarmynd gefur áhorfandanum innsýn í líf þessarar ólánsömu konu en hvergi er kafað sérlega djúpt. Myndatakan er augunum erfið á köflum og „sögumennska" konunnar á bak við myndavélina er handahófskennd og þurr. Ég verð þó að hrósa myndinni fyrir það að fara ekki auðveldustu leiðina, sem væri að kæfa áhorfandann í dramatískri tilgerð. Efnið býður upp á það en leikstýran hefur vit á því að gera það ekki.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Umfjöllunarefnið er áhugavert en framkvæmdin ófullnægjandi.

**krakkasíðan**
krakkar@frettabladid.is



**„Draugar eru ekki eins slæmir og margir telja. Ætli þeir hjálpi manni ekki bara í gegnum lífið, án þess að maður taki eftir því?"**

**Ísak og Viktoría leika í bíómyndinni: „Hrafnar, sóleyjar og myrra".**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**

# Kátur Clooney á frumsýningu

**Það eru mörg fræg nöfn á leikaralista myndarinnar The Ides of March og því mikið um dýrðir á rauða dreglinum við frumsýningu myndarinnar í Beverly Hills á dögunum. George Clooney mætti í nýpressuðum svörtum jakkafötum og einnig nýja kærasta kappans, leikkonan Stacy Keibler, en hún brosti breitt í gulllituðum kjól. Sjarmörinn Ryan Gosling, sem er í aðalhlutverki eins og Clooney, var flottur að venju í flöskugrænum jakkafötum og lakkskóm. Leikkonan unga Evan Rachel Wood mætti töffaraleg í hvítum jakkafötum og Marisa Tomei var í vínrauðum kjól með eins konar leðursvuntu. Báðar leika þær í myndinni.**



**FLOTTIR SAMAN** Ryan Gosling og George Clooney leika aðalhlutverkin í myndinni sen fjallar um spillingu í stjórnmálum í Bandaríkjanna.



**KÖFLÓTT** Leikkonan Kate Mara í munstruðum kjól en hún er frægust fyrir að vera systir Rooney Mara sem leikur Lisbeth Salander í bandarískri útgáfu af Körlum sem hata konur.



**JAKKAFÖT** Evan Rachel Wood ákvað að bregða sér í hvít jakkaföt í tilefni dagsins.

**VÍNRAUTT** Marisa Tomei var glæsileg í kjól í tískulitnum í ár, vínrauðum.

**GULLKJÓLL** Stacy Keibler, hin nýja kærasta Clooneys, lét sig ekki vanta á frumsýninguna.




GEGGJUÐ MEGA
LAGERSALA
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
499
ÁÐUR 1.490
Syrpa
LÁGMARK
50%
AFSLÁTTUR
Blindrammar
VERÐ FRÁ
99
Disney vörur
199
ÁÐUR 490
Andrés Önd blöð
JÓLASVEINAR ATHUGIÐ! FULLT AF DÓTI Í SKÓINN!
VERÐ FRÁ
49
Samsung
RV520 15,6"
99.999
áður
119.999
-flottar fartölvur-
síðustu eintök
með afslætti
packard bell
SAMSUNG
hp
aðeins brot af úrvalinu !!
Scott
útvarpsvekjarar
verð frá
1.999
Wii og DS leikir
20% afsláttur
*ekki 3DS
mikið úrval
Ódýrt DVD
aðeins 2 verð
499
799
Skullcandy
heyrnartól
20% afsláttur
Ion
trommusett
49.999
áður
59.999
Tónlist
frá 299
Ion
DJ Pro
24.999
áður
29.999
Nordica
Poppvél
7.999
áður
9.999
Ion
Tailgater
29.999
áður
39.999
Samsung
heimabíó
39.999
áður
59.999
Samsung C350
DVD - 5.1 kerfi
Ion
plötuspilari
17.999
áður
24.999
Ion
Pics 2 SD
22.999
áður
29.999
Samsung D5005
Blu Ray - 2.1 kerfi
Samsung
heimabíó
69.999
áður
89.999
XBOX og
PC leikir
frá 499
Samsung
D555
129.999
áður
149.999
SAMSUNG
40" LED D555
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
LAGER SALA
BT
Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is - SKEIFUNNI 11 - BT sími 550-4444 - www.bt.is
Auglýsingin gildir til 3. október 2011 eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.




# Þór þrumuguð í diskóstuði

„Við settumst aðeins yfir þetta, ég og Kiddi Hjálmur [Guðmundur Kristinn Jónsson] og enduðum í einhverju diskóstuði," segir Bragi Valdimar Skúlason, sem hefur samið lagið Elding fyrir teiknimyndina Hetjur Valhallar: Þór sem verður frumsýnd um miðjan október. Myndin er dýrasta kvikmynd Íslandssögunnar og er leikstýrt af Óskari Jónassyni. Með hlutverk Þórs í myndinni fer Atli Rafn Sigurðarson en Þórhallur Sigurðsson, Laddi, talar fyrir hamarinn.

Bragi fékk Bryndísi Jakobsdóttur til að syngja lagið en segist ekki hafa þurft að setja sig í sérstakar stellingar. „Nei, alls ekki, mér fannst hins vegar eldingin hafa eilítið gleymst af því að Þór er jú þrumuguð. Hann er svolítið upptekinn af hamrinum sínum sem er eflaust efni í nokkra sálfræðitíma."

Hljómsveitararmur Baggalúts, sem Bragi er í forsvari fyrir, hefur síðan tekið afgerandi forystu í jólatónleikakapphlaupinu mikla þann 3. desember því uppselt er á tvenna tónleika hljómsveitarinnar í Háskólabíói. „Við unnum jólakapphlaupið í ár, við ætluðum okkur alltaf að vera á undan IKEA og það tókst," en hljómsveitin er jafnframt að ljúka við plötu þar sem hægt verður að finna gamlar syndir og lög sem hafa ekki áður komið út á geisladiski. - fgg



**SYNGUR FYRIR ÞÓR** Bryndís Jakobsdóttir syngur nýtt lag Baggalútsmannsins Braga Valdimars fyrir teiknimyndina Hetjur Valhallar: Þór.

# Gillz tekur upp í sólinni

**Egill Gillzenegger og leikstjórinn Hannes Halldórsson eru á leiðinni til Spánar þar sem tökur á nýrri sjónvarpsþáttaröð hefjast. Blikinn Egill ber mikla virðingu fyrir KR-ingnum Hannesi.**

Tökur á annarri þáttaröð Egils Einarssonar, Lífsleikni Gillz, hefjast á mánudag eftir rúma viku við strendur sólarparadísarinnar Benidorm. Þar ætlar kraftajötunninn að kenna samlöndum sínum hvernig á að haga sér eins og sannur heimsborgari. „Alveg svakalega ömurlegt að þurfa að fara í sex daga vinnuferð í sólina á Spáni," segir Egill og stráir salti í sár þeirra sem þurfa að húka í haustlægðunum hér.

Mannasiða-þáttaröðin sló eftirminnilega í gegn í fyrra en þar fór Egill í gegnum það hvernig svokallaðir „rasshausar" geta látið af hegðun sinni. Kennslan mun halda áfram í næstu þáttaröð en þó verður bryddað upp á einhverri nýbreytni. „Rasshausarnir" verða þó á sínum stað og meðal þeirra sem aðstandendur þáttanna hafa rætt við eru Þorsteinn Guðmundsson, Pétur Jóhann Sigfússon og Gunnar Hansson. Að sögn Egils er líklegt að Þorsteinn fari með í sólina og hann lofar því að kenna áhorfendum hvernig þeir geti verið alvöru heimsborgarar.

Og þótt Egill sé yfirleitt kokhraustur karl beygir hann sig og hneigir fyrir leikstjóra þáttanna, sjálfum Hannesi Halldórssyni. „Það er ekkert annað hægt, hann er tvöfaldur meistari með KR, er að fara að spila við Ronaldo með íslenska landsliðinu á föstudaginn eftir viku og þykir síðan líklegur kandídat í að verða valinn besti leikmaður ársins," segir Egill og bætir því við að ofan á allt sé hann einn efnilegasti leikstjóri þjóðarinnar.

freyrgigja@frettabladid.is



**STÓRSKOTALIÐ**

**Egill Einarsson** og **Hannes Þór Halldórsson** eru á leiðinni til Benidorm, væntanlega með Þorsteini Guðmundssyni. Þar verður fyrsti þátturinn í nýrri þáttaröð tekinn upp en hann hefur hlotið heitið Heimsborgarinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hollywood Reporter á Íslandi

„Þetta er alveg frábært og mikill heiður," segir Hrönn Marinósdóttir hjá Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, Riff.

Blaðamaðurinn Georg Szalai frá hinu virta bandaríska kvikmyndatímariti Hollywood Reporter er staddur á hátíðinni og er þetta í fyrsta sinn sem fulltrúi tímaritsins mætir á hana. „Hann er svakalega áhugasamur og ætlar að skrifa fullt af greinum um hinar ýmsu hliðar Íslands og kvikmyndagerðarinnar," segir Hrönn Marinósdóttir hjá Riff.

Szalai ætlar að taka viðtöl við Arnar Þórisson hjá fyrirtækinu Caoz sem frumsýnir teiknimyndina um Þór 14. október. Einnig ræðir hann við Einar Hansen sem hefur unnið við að kynna Ísland sem hentugan tökustað fyrir erlenda framleiðendur.

Blaðamaður frá New York Times er einnig á landinu og er það sömuleiðis í fyrsta sinn sem fulltrúi þaðan sækir Riff heim. Grein um hátíðina birtist í þessu fræga blaði á næstu dögum. Að auki verður Hrönn sjálf í viðtali við blaðamann breska blaðsins The Guardian. Blaðamaðurinn fór með henni og hópi kvikmyndaáhugamanna í óvissuferð í gær í helli í Bláfjöllum undir yfirskriftinni Í iðrum jarðar.

Rúmensk sjónvarpsstöð hefur sömuleiðis verið hér á landi í tilefni þess að rúmenskri kvikmyndagerð er gert hátt undir höfði á hátíðinni, sem lýkur á sunnudag.

Hrönn er annars mjög ánægð með aðsóknina á Riff og telur að hún hafi aukist um 10 prósent frá því í fyrra, þegar gestirnir voru 25 þúsund talsins. - fb



**ÁNÆGÐ** Hrönn Marinósdóttir hjá Riff er mjög ánægð með aðsóknina á hátíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óvenjuleg kvöldstund

Tónleikar ★★★

**Sóley og Skúli Sverrisson**
Kvikmyndatónleikar á RIFF

**Fríkirkjan 28. september**

Eitt af því sem kvikmyndahátíðin RIFF leggur áherslu á er að bjóða upp á sérviðburði þar sem kvikmyndir eru sýndar á óvenjulegum stöðum og stundum tengdar við önnur listform. Einn slíkur viðburður var í Fríkirkjunni á miðvikudagskvöldið. Þar komu fram tónlistarmennirnir Sóley og Skúli Sverrisson, en tónlist beggja var tengd við myndefni sem sýnt var á stórum skjá fyrir ofan sviðið. Sóley lék lög af nýju plötunni sinni We Sink með myndverk eftir Ingibjörgu Birgisdóttur á skjánum, en Skúli lék eigin tónlist við kvikmynd Jennifer Reeves, Þegar það var blátt.

Sóley spilaði ein ásamt trommuleikara og fyrir vikið voru lögin hennar í einfölduðum útsetningum. Sóley er skemmtileg á sviði, töffari og flottur tónlistarmaður. Hún skilaði sínu vel og myndverk Ingibjargar voru ágæt viðbót.

Kvikmyndin Þegar það var blátt er óður bæði til óspilltrar náttúru og til 16 mm filmunnar, en hvort tveggja er óðum að hverfa. Myndin var að hluta til tekin upp á Íslandi. Hún er mjög tilraunakennd. Klippingar eru hraðar og það er mikið um að myndskeiðum sé blandað saman svo að útkoman verður stundum nánast óhlutstæð. Að auki málaði Jennifer eitthvað á filmuna sjálfa. Skúli samdi tónlist við kvikmyndina sem var leikin af hljóðrás myndarinnar, en að auki spilaði hann ofan á þá tónlist í Fríkirkjunni, á bassa og gítar. Tónlist Skúla var mjög flott, þetta var samfellt verk sem reis og hneig og fylgdi myndinni vel. Upplifunin var sérstök og eftirminnileg þó að það sé merkilegt hvað kirkjubekkirnir geta verið óþægilegir þegar maður horfir á klukkutíma tilraunakvikmynd. Á heildina litið var þetta óvenjuleg og ánægjuleg kvöldstund.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Eftirminnileg kvöldstund með lifandi tónlist og kvikmyndaefni.



# Ánægð eftir skilnaðinn

**Leik- og söngkonan Jennifer Lopez er komin aftur til starfa sem dómari í sjónvarpsþáttunum American Idol og að sögn samstarfsmanna hennar er ekki á henni að sjá að hún hafi verið að skilja.**

**„Við erum byrjuð að vinna að nýju og Jennifer stendur sig vel. Hún er sterk og alveg frábær einstaklingur," sagði Randy Jackson, dómari American Idol. Hann segir Lopez ávallt í góðu skapi og að henni virðist líða vel eftir skilnaðinn við Marc Anthony. Hún hefur dembt sér í vinnu og hefur endurvakið söngferil sinn með útgáfu nýrrar plötu.**



**ÁNÆGÐ** Jennifer Lopez er hamingjusöm og ánægð eftir skilnaðinn við Marc Anthony.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Hrifinn af Gosling

**Hjartaknúsarinn fimmtugi George Clooney er gríðarlega ánægður með kollega sinn Ryan Gosling og segir hann afar hæfileikaríkan. Gosling leikur á móti Clooney í myndinni The Ides of March, sem Clooney leikstýrir einnig. Evan Rachel Wood, Paul Giamatti og Philip Seymour Hoffman leika einnig í myndinni. „Það besta við myndina er að fylgjast með Ryan Gosling frá upphafi til enda. Hann er frábær leikari," sagði George við Us Weekly. „Hann er einn sá besti í bransanum. Hann er bara þrítugur, 25 ára eða 15 ára. Alla vega er hann ótrúlega hæfileikaríkur."**



**HÆFILEIKARÍKUR** George Clooney er virkilega ánægður með leikarann Ryan Gosling.




SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CONTAGION | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| CONTAGION Luxus VIP | kl. 3:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | L |
| JOHNNY ENGLISH | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. (5:50 vip) - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 4 - 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | kl. 3:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CONTAGION | kl. 10:10 | 12 |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 8 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | L |
| THE LION KING | kl. 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | L |
| 30 MINUTES OR LESS | kl. 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGUR LJÓNANNA 3D | kl. 6 | L |
| CONTAGION | kl. 8 | 12 |
| DRIVE | kl. 10:10 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | L |
| HRAFNAR SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 8 | L |
| SHARK NIGHT | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| CONTAGION | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 5:30 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 7 |
| SHARK NIGHT | kl. 8 - 10:40 | 3D | L |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR & MYRRA | kl. 5:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CONTAGION | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 3D | L |
| THE LION KING - 3D ótextuðu M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8:10 - 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 4 - 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| ABDUCTION | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | L |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 8 | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:20 | 16 |

SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 ÍSL.TAL | KL. 4 - 6 | L |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 4 - 6 | L |
| ELDFJALL | KL. 6 - 8 | L |
| ELDFJALL LÚXUS | KL.4 - 6 | L |
| ABDUCTION | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| ABDUCTION LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 8 - 10.10 | L |
| WARRIOR | KL. 10 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL.3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 8 - 10.15 | 7 |
| ELDFJALL | KL. 6 - 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| ABDUCTION | KL. 8 - 10 | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| ABDUCTION | 5.50, 8 og 10.15 |
| RAUÐHETTA 2 - 3D | 4 og 6 - ISL TAL |
| JOHNNY ENGLISH | 4, 6, 8 og 10.15 |
| COLOMBIANA | 8 og 10.15 |
| STRUMPARNIR - 3D | 3.50 - ISL TAL |




**VINSÆL** Hljómsveitin Of Monsters and Men nýtur gríðarlegra vinsælda um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vinsælasta hljómsveit Íslands

**Hljómsveitin Of Monsters and Men á bæði vinsælustu plötuna og vinsælasta lagið á Íslandi. Nýtt lag er væntanlegt sem heitir King and Lionheart.**

„Þetta er ógeðslega skemmtilegt. Það er alveg geggjað að það sé tekið svona vel í þetta,“ segir Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona Of Monsters and Men.

Hljómsveitin, sem vann Músíktilraunir í fyrra, situr í efsta sæti Tónlistans með sína fyrstu plötu, My Head Is an Animal, og er þar fyrir ofan Helga Björns og Reiðmenn vindanna. Á aðeins tveimur vikum hefur platan selst í um fimm hundruð eintökum. Sveitin er einnig í efsta sæti Lagalistans á undan Mugison með hið vinsæla Little Talks sem hefur hljómað ótt og títt á öldum ljósvakans í sumar. „Little Talks gekk framar vonum. Það kom okkur svolítið á óvart að það var spilað á öllum stöðum,“ segir Nanna Bryndís. „Svo vorum við að vona það besta með plötuna. Það er búin að fara mikil vinna og tími í þetta og okkur þykir öllum rosalega gaman að sjá að það séu einhverjir að fíla þetta.“

My Head Is an Animal, sem hefur að geyma huggulegt og grípandi þjóðlagapopp, átti upphaflega að koma út í febrúar, síðan í lok mars og eftir það í lok júlí. Núna er hún loksins komin út. Að sögn Nönnu Bryndísar vanmátu þau tímann sem fór í upptökuferlið og því urðu þau að fresta plötunni hvað eftir annað. „Við vildum gera þetta eins flott og við gátum. Við vildum ekki vinna þetta undir einhverri tímapressu.“

Tvennir útgáfutónleikar Of Monsters and Men verða í Gamla bíói 6. október og er uppselt á þá síðari. Enn eru örfáir miðar eftir á þá fyrri. Á Airwaves-hátíðinni um miðjan október spilar hljómsveitin síðan á fimm til sex tónleikum, þar af á þrennum sem eru hluti af formlegu dagskránni.

Miðað við vinsældir Nönnu Bryndísar og félaga má búast við því að erlendir útsendarar eigi eftir að leggja við hlustir. „Þessi Airwaves-hátíð er orðin svo stór að það kemur þangað hellingur af útsendurum þannig að það er um að gera að standa sig vel.“

Nýjasta lagið sem er farið í spilun af plötunni nefnist King and Lionheart og mun það vafalítið fylgja Little Talks fast á eftir í vinsældum. Næstu tónleikar Of Monsters and Men verða í verslun 12 Tóna í kvöld kl. 18.

freyr@frettabladid.is


Reykjavík International Film Festival

22. SEPT – 2. OKT.

FÖSTUDAGURINN 30. SEPTEMBER

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Superclásico | Bíó Paradís 1 |
| 14:00 | Gullna Eggið: Hópur B | Bíó Paradís 2 |
| 14:00 | Sonurinn góði | Bíó Paradís 3 |
| 14:00 | Órói | Bíó Paradís 4 |
| 14:00 | Les Petites Formes **Ókeypis barnasýning** | Norræna Húsið |
| 16:00 | Michel Petrucciani | Bíó Paradís 1 |
| 16:15 | Rímur, taktar og líf | Bíó Paradís 2 |
| 16:00 | Gauragangur | Bíó Paradís 3 |
| 16:15 | Markmaðurinn hjá Liverpool | Bíó Paradís 4 |
| 16:00 | Haustgull | Norræna Húsið |
| 17:00 | 18 dagar | Iðnó |
| 17:45 | Martha Marcy May Marlene | Háskólabíó 2 |
| 18:00 | Kötturinn hverfur | Háskólabíó 3 |
| 18:00 | Snjórinn á Kilimanjaró | Bíó Paradís 1 |
| 18:30 | **Grænn sjóræningi: Saga Paul Watsons Q&A** | Bíó Paradís 2 |
| 18:15 | Rigningin líka | Bíó Paradís 3 |
| 18:00 | Kurteist fólk | Bíó Paradís 4 |
| 18:00 | Líf og dauði Celso Jr. / Skorað á ómöguleik... | Norræna Húsið |
| 19:15 | **Vögguvísa í Phnom Penh Q&A** | Iðnó |
| 20:00 | Andandi | Háskólabíó 2 |
| 20:00 | Tröllaveiðarinn | Háskólabíó 3 |
| 20:15 | **Á feigðarflani í Wisconsin Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 20:45 | Gullna Eggið: Hópur C | Bíó Paradís 2 |
| 20:30 | Vendipunktur | Bíó Paradís 3 |
| 20:00 | Árstíðir / Allt, alltaf, allsstaðar | Bíó Paradís 4 |
| 20:00 | **Flamengó Q&A** | Norræna Húsið |
| 21:30 | Black Power Mixtape 1967-1975 | Iðnó |
| 22:00 | **Rautt fylki Q&A** | Háskólabíó 1 |
| 22:00 | Endurreisn | Háskólabíó 3 |
| 22:30 | Við þurfum að ræða um Kevin | Bíó Paradís 1 |
| 23:00 | Elskan | Bíó Paradís 2 |
| 22:15 | Veiðimaðurinn | Bíó Paradís 3 |
| 22:15 | **Utan Q&A** | Bíó Paradís 4 |
| 22:00 | Innan í Löru Roxx | Norræna Húsið |






22:00 **RAUTT FYLKI** / RED STATE **Q&A** MEÐ KEVIN SMITH

Þrír unglingsstrákar svara auglýsingu frá eldri konu í leit að drengjum sem eru til í að stunda með henni hópkynlíf. Kynórar piltanna verða þó fljótlega að martröð þegar í ljós kemur að um er að ræða brellu sem íhaldssamur bókstafstrúarsöfnuður stendur fyrir.

Eftir sýningu situr leikstjóri myndarinnar, Kevin Smith, fyrir svörum í gegnum gervihnött.

16:00 **HEIMILDARMYNDIR - FRÁ HUGMYND AÐ FRAMLEIÐSLU**

...með Peter Wintonick (CA) og Frank Matter (CH)
Ef þú hefur rekist á áhugaverða persónu eða góða sögu á lífsleiðinni og hugsað með þér að einhver ætti að gera heimildarmynd um viðkomandi málefni en ekki vitað hvernig þú ættir að bera þig að – þá er þetta vinnusmiðjan fyrir þig!

Vinnusmiðjan fer fram á KEX Hostel.

RIFF.IS

DHL Iceland Express Síminn CENTER HOTELS



BÍÓ ★ PARADÍS

HEIMILI RIFF 2011
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / CAFÉ OG BAR OPIÐ 11:30-23:00 / www.bioparadis.is / midi.is

Reykjavík International Film Festival Sept. 22 - Oct. 2 2011

**VELKOMIN Á HEIMILI RIFF:** ■ OPIÐ FRÁ 11:30 ■ LÉTTIR RÉTTIR Í HÁDEGINU ■ EÐALKAFFI OG MEÐLÆTI ■ LÉTTVÍN OG BJÓR ■ HANDHAFAR RIFF KORTA FÁ GÓÐAN AFSLÁTT ■ “HAPPY HOUR” 17-19 ■ ÓKEYPIS Á RIFF FYRIR ATVINNULAUSA KL. 14 ALLA DAGANA. ■ EKKI ÞARF AÐ KAUPA MIÐA (NEMA ÞÚ ÆTLIR Í BÍÓ)



**MEÐ HALLBIRNI** Klaufar með kántrígoðsögninni Hallbirni Hjartarsyni.

# Nýtt lag frá Klaufum

**Lagið Ást og áfengi með kántríhljómsveitinni Klaufum er á leið í almenna útvarpsspilun. Það var samið í samvinnu við lagahöfunda í Nashville og er með íslenskum texta eftir Jónas Friðrik. Lagið var frumflutt á Kántríhátíð á Skagaströnd í ágúst þar sem hljómsveitin heimsótti að sjálfsögðu „kúrekann“ Hallbjörn Hjartarson. Mannabreytingar hafa orðið hjá Klaufum. Hljómsveitina skipa nú þeir Guðmundur Annas Árnason, Birgir Nielsen, Kristján Grétarsson, Friðrik Sturluson og Sigurgeir Sigmundsson. Næsta ball sveitarinnar verður á Spot 15. október.**

# Fjölgun í fjölskyldunni

**Bandaríska söngkonan Jessica Simpson er sögð ganga með sitt fyrsta barn undir belti. Simpson hyggst giftast kærasta sínum, íþróttakappanum Eric Johnson, í nóvember.**

**Nýverið hélt parið upp á afmæli Johnsons ásamt vinum en athygli vakti þegar Simpson neitaði að skála fyrir unnusta sínum í kampavíni og telja nú slúðurmiðlar að söngkonan sé ólétt. „Hún er þegar komin með skrítnar langanir í mat. Hún borðar súkkulaði, nachos, ostapopp og óáfengar margarítur. Þau líta á þetta sem frábæra brúðkaupsgjöf og eru mjög spennt,“ var haft eftir innanbúðarmanni.**



**ÓLÉTT** Jessica Simpson er sögð ganga með sitt fyrsta barn undir belti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hjálmar með nýtt lag

**Hjálmar hafa sent frá sér nýtt lag sem nefnist Ég teikna stjörnu. Það verður á væntanlegri plötu hljómsveitarinnar, Órar, sem kemur út 3. nóvember. Hjálmar eru lagðir af stað í tónleikaferð til Finnlands, Rússlands og Eistlands, eins og Fréttablaðið greindi frá dögunum. Þar koma þeir fram á sjö tónleikum og fara í hljóðver með finnska tónlistarmanninum Jimi Tenor. Hjálmar verða fulltrúar Íslands á stórri bókakaupstefnu í Turku í Finnlandi. Þeir halda einnig tónleika með Jukka Poika, sem er einn vinsælasti tónlistarmaður Finna og spilar einmitt reggí eins og Hjálmar.**

# Tileinkar föður sínum plötuna

Trommuleikarinn Einar Scheving hefur gefið út sína aðra sólóplötu, sem nefnist Land míns föður. Hún er óður til Íslands og á henni eru lög Einars við texta nokkurra af þjóðarskáldunum, auk vel þekktra íslenskra þjóðlaga.

„Ég bjó úti í Bandaríkjunum í níu ár og lærði frekar að meta þjóðlagaarfinn og íslenska músík við það beinlínis að búa erlendis. Taugin verður sterkari við fjarlægðina,“ segir Einar.

Platan var tekin upp á aðeins þremur dögum og auk Einars spiluðu inn á hana Skúli Sverrisson, Óskar Guðjónsson, Eyþór Gunnarsson, Guðmundur Pétursson og Davíð Þór Jónsson. Söngvarar voru KK, Sigríður Thorlacius, Ragnar Bjarnason, Ragnheiður Gröndal, Egill Ólafsson og Sigurður Guðmundsson.

Einar tileinkar föður sínum, Árna Scheving, sem lést árið 2007, plötuna. „Ég steig mín fyrstu spor í bransanum með honum, þótt það hafi kannski meira verið í dansiballaformi. Hann var gríðarlega músíkalskur og það var mjög gott að bera undir hann hugmyndir þó að sýn okkar á músík hafi verið mjög ólík.“ Einar tileinkaði föður sínum einmitt Íslensku tónlistarverðlaunin sem hann fékk fyrir síðustu plötu sína. Hann dó tveimur mánuðum eftir að hún kom út.

Veglegur 32 blaðsíðna bæklingur fylgir með Land míns föður. Þar eru textar við lögin og gamlar ljósmyndir sem flestar voru teknar af Magnúsi Ólafssyni. „Mér fannst þessar myndir tóna svo vel við stemninguna á plötunni,“ segir Einar.

- fb



**NÝ PLATA** Trommuleikarinn Einar Scheving hefur gefið út aðra sólóplötu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# sport

sport@frettabladid.is



**HEIÐAR HELGUSON** hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ákveðið að hætta að gefa kost á sér í íslenska landsliðið, í bili að minnsta kosti. Hann hætti einnig árið 2006 en sneri aftur tveimur árum síðar. Ekki náðist í Heiðar í gær en hann á alls 55 leiki að baki og hefur skorað í þeim tólf mörk. Heiðar er á mála hjá QPR í Englandi.



**ÓLAFUR** Stýrir landsliðinu í síðasta sinn gegn Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsliðið valið:

## Aron Einar og Gylfi aftur inn

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hefur valið leikmannahóp sinn fyrir leikinn gegn Portúgal ytra 7. október næstkomandi. Verður það lokaleikur Íslands í undankeppni EM 2012 og jafnframt lokaleikur Ólafs.

Hermann Hreiðarsson er meiddur og þeir Heiðar Helguson, Jón Guðni Fjóluson og Veigar Páll Gunnarsson eru ekki í hópnum. Inn koma þeir Aron Einar Gunnarsson, Gylfi Þór Sigurðsson og Gunnleifur Gunnleifsson sem allir voru meiddir síðast.

### Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Gunnleifur Gunnleifsson | FH |
| Stefán Logi Magnússon | Lilleström SK |
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| **Varnarmenn** | |
| Indriði Sigurðsson | Viking FK |
| Kristján Örn Sigurðsson | Hønefoss BK |
| Birkir Már Sævarsson | SK Brann |
| Sölvi Geir Ottesen Jónsson | FC København |
| Arnór Sveinn Aðalsteinsson | Hønefoss BK |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | IFK Gautaborg |
| Hallgrímur Jónasson | SönderjyskE |
| **Miðvallarleikmenn** | |
| Aron Einar Gunnarsson | Cardiff City FC |
| Helgi Valur Daníelsson | AIK |
| Jóhann Berg Guðmundsson | AZ |
| Eggert Gunnþór Jónsson | Hearts |
| Rúrik Gíslason | OB |
| Birkir Bjarnason | Viking FK |
| Matthías Vilhjálmsson | FH |
| Gylfi Þór Sigurðsson | TSG Hoffenheim |
| **Sóknarmenn** | |
| Eiður Smári Guðjohnsen | AEK FC |
| Kolbeinn Sigþórsson | AFC Ajax |
| Alfreð Finnbogason | KSC Lokeren OV |

### ÚRSLIT

*Evrópudeild UEFA*

**OB - Fulham 0-2**
Rúrik Gíslason kom inn á sem varamaður tólf mínútum fyrir leikslok.

**AEK - Sturm Graz 1-2**
Eiður Smári Guðjohnsen spilaði allan leikinn fyrir AEK. Elfar Freyr Helgason var ekki í hópi liðsins.

**Metalist Kharkiv - AZ Alkmaar 1-1**
Jóhann Berg Guðmundsson var í byrjunarliði AZ.

**Standard Liege - FC Kaupmannahöfn 3-0**
Sölvi Geir Ottesen og Ragnar Sigurðsson spiluðu báðir allan leikinn fyrir FC Kaupmannahöfn.

**Tottenham - Shamrock Rovers 3-1**
0-1 Stephen Rice (51.), 1-1 Roman Pavlyuchenko (61.), 2-1 Jermain Defoe (63.), 3-1 Giovani Dos Santos (66.).

**Stoke - Besiktas 2-1**

# Tíu marka maður fjögur ár í röð

**FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson skoraði tvö mörk gegn ÍBV í 21. umferð Pepsi-deildar karla um síðustu helgi og varð um leið fyrsti leikmaðurinn í efstu deild á Íslandi til þess að skora tíu mörk eða fleiri fjögur tímabil í röð. Atli Viðar komst í góðan félagsskap í fyrra en nú sló hann öllum köppunum við.**



**FIMMTÍU MÖRK Á FJÓRUM ÁRUM** Atli Viðar Björnsson hefur skorað 50 mörk í 80 leikjum með FH frá 2008. Hér er hann í leik á móti Breiðabliki í sumar á Kaplakrikavellinum þar sem 10 af 11 mörkum hans í ár hafa litið dagsins ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Atli Viðar Björnsson hefur raðað inn mörkum í FH-liðinu undanfarin ár og hefur nú náð einstökum árangri í efstu deild á Íslandi. Atli Viðar er fyrstur til að ná fernunni – að skora tíu mörk eða fleiri fjögur sumur í röð.

KR-ingurinn Þórólfur Beck varð fyrstur til að skora tíu mörk (eða meira) þrjú tímabil í röð, en hann skoraði 42 mörk í aðeins 27 leikjum á árunum 1959 til 1961. Sautján ár liðu þar til Ingi Björn Albertsson bættist í hópinn en Atli Viðar varð síðan áttundi meðlimurinn í klúbbnum í fyrra og settist síðan í forstjórastólinn á sunnudaginn var.

„Það eru heldur betur miklir framherjar þarna. Það er heiður að vera nefndur í sömu andrá og þessir menn,“ sagði Atli Viðar þegar hann fékk að heyra listann.

Atli Viðar er reyndar búinn að skora yfir tíu mörk fimm tímabil í röð því hann skoraði 14 mörk í 17 leikjum með Fjölni í b-deildinni sumarið 2007 en hann var þar á láni frá FH.

„Það hefur gengið vel síðustu ár og ég hef líka verið heppinn með meiðsli og slíkt. Ég hef náð að spila flestalla leiki þessi tímabil. Á fyrri hluta ferilsins þá sleit krossband tvisvar og ég var mjög óheppinn,“ segir Atli Viðar. Hann er búinn að skora nákvæmlega 50 mörk á þessum fjórum tímabilum og það vekur athygli að ekkert þeirra hefur komið úr víti.

„Það er algengt að helstu markaskorararnir taki vítin líka en það hafa verið nóg af mönnum í FH sem hafa viljað taka vítin í gegnum tíðina og ég hef ekki verið mikið að blanda mér í þá baráttu,“ segir Atli Viðar en hann hefur skorað 11 mörk í 19 leikjum í sumar.

„Þetta er búið að vera ágætt tímabil. Mín markmið þegar farið er inn í mótið er alltaf að liðið nái árangri og helst hefði ég vilja vinna einhverja titla. Það var ekki og maður er því ekkert alltof hress með niðurstöðuna. Það er leikur á laugardaginn og okkur langar til að klára annað sætið með stæl,“ segir Atli Viðar en hann er búinn að afskrifa það að ná í gullskóinn enda fjórum mörkum á eftir Garðari Jóhannssyni fyrir síðustu umferðina.

„Ég held að það sé nokkuð ljóst að Garðar vinnur gullskóinn og ég held að hann sé mjög vel að honum kominn. Hvort sem ég fæ skó eða ekki þá er það ekki eitthvað sem skiptir miklu máli. Aðalmálið er að við vinnum leikinn og klárum annað sætið úr því sem komið er,“ segir Atli Viðar sem hefur rétt misst af gullskónum undanfarin tvö tímabil en hann fékk silfurskóinn sumarið 2009 og bronsskóinn í fyrra.

„Ég á engan gullskó, það er rétt og vonandi kemur hann í hús áður en ferillinn endar,“ segir Atli Viðar.

Hann hefur skorað 73 mörk fyrir FH í efstu deild og vantar nú aðeins ellefu mörk til að jafna markamet Harðar Magnússonar sem skoraði á sínum tíma 84 mörk fyrir FH í efstu deild.

„Hörður Magnússon er algjör hetja í FH og í Hafnarfirði. Hann er einn besti senter sem hefur spilað í íslenska boltanum og ef ég næ einhvern tímann að nálgast hann í þessu þá verð ég verulega stoltur af því,“ segir Atli Viðar. Hann vonast til þess að eiga nokkur góð ár eftir í boltanum.

„Þegar maður hefur lent í svona meiðslum þá áttar maður sig á því að fótboltinn gæti verið búinn á morgun. Það er því bara að njóta lífsins á meðan þetta varir og lifa fyrir daginn í fótboltanum,“ sagði Atli Viðar.

**ooj@frettabladid.is**

### Flest ár í röð með 10 mörk

**4 Atli Viðar Björnsson 2008-2011**
(FH 11 - FH 14 - FH 14 - FH 11)
**3 Þórólfur Beck 1959-1961**
(KR 11 - KR 15 - KR 16)
**3 Ingi Björn Albertsson 1976-1978**
(Valur 16 - Valur 15 - Valur 15)
**3 Sigurlás Þorleifsson 1977-1979**
(ÍBV 12 - ÍBV 10 - Víkingur 10)
**3 Guðmundur Steinsson 1984-1986**
(Fram 10 - Fram 10 - Fram 10)
**3 Hörður Magnússon 1989-1991**
(FH 12 - FH 13 - FH 13)
**3 Mihajlo Bibercic 1993-1995**
(ÍA 13 - ÍA 14 - KR 13)
**3 Gunnar Heiðar Þorvaldss. 2002-04**
(ÍBV 11 - ÍBV 10 - ÍBV 12)

### Atli Viðar sumarið 2008

**Árangur:** Íslandsmeistari með FH
**Leikir:** 18 **Mörk:** 11
**Sæti:** Fjórði markahæstur
**Skipting markanna:**
**Heima/Úti:** 8/3
**Fyrri/Seinni hálfleik:** 7/4
**Vinstri-hægri-skalli-víti:** 4-7-0-0

### Atli Viðar sumarið 2009

**Árangur:** Íslandsmeistari með FH
**Leikir:** 21 **Mörk:** 14
**Sæti:** Silfurskórinn
**Skipting markanna:**
**Heima/Úti:** 7/7
**Fyrri/Seinni hálfleik:** 8/6
**Vinstri-hægri-skalli-víti:** 2-11-1-0

### Atli Viðar sumarið 2010

**Árangur:** 2. sæti með FH
**Leikir:** 22 **Mörk:** 14
**Sæti:** Bronsskórinn
**Skipting markanna:**
**Heima/Úti:** 8/6
**Fyrri/Seinni hálfleik:** 8/6
**Vinstri-hægri-skalli-víti:** 4-9-1-0

### Atli Viðar sumarið 2011

**Árangur:** Mótinu er ekki lokið
**Leikir:** 19 **Mörk:** 11
**Sæti:** Er í 3. sæti
**Skipting markanna:**
**Heima/Úti:** 10/1
**Fyrri/Seinni hálfleik:** 4/7
**Vinstri-hægri-skalli-víti:** 1-8-2-0





HEIMSENDIR
ER Í NÁND!
Tryggðu þér áskrift í tíma
Skemmtilegri í 25 ár
HEIMSENDIR
NÝTT!
HEFST 9. OKTÓBER
Glæný þáttaröð frá þeim sömu og færðu okkur Næturvaktina, Dagvaktina og Fangavaktina.
HEFST 24. OKTÓBER
GLEE
Ferskur og einn mest umtalaði þátturinn í heiminum í dag.
ÞRIÐJUDAGA
CHUCK
Tölvunördinn og ofurhetjan Chuck Bartowski er mættur aftur.
ÞRIÐJUDAGA
NÝTT!
TERRA NOVA
Ný og spennandi ævintýraþáttaröð úr smiðju Steven Spielberg.
HEFST 5. OKTÓBER
NÝTT!
GREY'S ANATOMY
Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 frá upphafi.
HEFST 19. OKTÓBER
NÝTT!
MEDIUM
Ótrúlega spennandi þáttur með Patriciu Arquette.
HEFST 20. OKTÓBER
NÝTT!
HELL'S KITCHEN
Gordon Ramsey, kölski kokkanna snýr aftur í eldhúsið.
FÖSTUDAGA
TÝNDA KYNSLÓÐIN
Björn Bragi og Þórunn Antonía í ferskasta skemmtiþættinum í dag.
FÖSTUDAGA
SPURNINGABOMBAN
Logi Bergmann í laufléttum og skemmtilegum spurningaþætti.
FÖSTUDAGA
THE X-FACTOR
Simon Cowell fer á kostum í sjónvarpsviðburði vetrarins.
LAUGARDAGA
SPAUGSTOFAN
Þeir eru mættir aftur. Endurnærðir og ferskari sem aldrei fyrr.
15. OKTÓBER
THE INTERNATIONAL
Æsispenandi kvikmyndmynd með Clive Owen og Naomi Watts.
TALSETT BARNAEFNI Á HVERJUM DEGI
HEFST 30. OKTÓBER
NÝTT!
THE MENTALIST
Spennuþáttur af bestu gerð.
HEFST 30. OKTÓBER
NÝTT!
MAD MEN
Hann er kominn aftur. Margverðlaunaður og aldrei betri.
SUNNUDAGA
60 MINUTES
Virtasti og vinsælasti fréttaskýringaþáttur heims.
Þú færð meira
fyrir peningana með áskrift að Stöð 2 því Stöð 2 Extra, Stöð 2 Bíó og plúsrásirnar fylgja frítt með fyrir aðeins
237 kr. á dag
BÍÓ
EXTRA
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
Boðgreiðslutilboð VISA
· Ef þú gerist áskrifandi og greiðir með VISA kreditkorti færðu allt að 30% afslátt.
· 10% aukaafsláttur í þrjá mánuði.
· 12 vinsælustu fjölvarpsstöðvarnar fylgja frítt með fyrsta mánuðinn.
Gildir til 3. október.
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR BÍÓ BÍÓ EXTRA EXTRA AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## ÚRSLIT

### N1-deild karla

**HK - Grótta 25-22 (11-9)**

**Mörk HK (skot)**: Atli Ævar Ingólfsson 6 (6), Bjarki Már Elísson 5 (10/1), Bjarki Már Gunnarsson 4 (8), Ólafur Bjarki Ragnarsson 4 (10), Ólafur Víðir Ólafsson 2 (2), Leó Snær Pétursson 2 (5), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (2), Tandri Már Konráðsson 1 (6).
**Varin skot**: Arnór Freyr Stefánsson 18/1 (40/1) 45%.
**Hraðaupphlaup**: 4 (Bjarki Gunn. 2 Bjarki Elís, Vilhelm).
**Fiskuð víti**: 1 (Atli).
**Utan vallar**: 10 mín.
**Mörk Gróttu (skot)**: Þorgrímur Ólafsson 6 (9), Árni Benedikt Árnason 6 (10/1), Jóhann Gísli Jóhannesson 5 (10), Friðgeir Elí Jónasson 2 (6), Ágúst Birgisson 1 (2), Benedikt Reynir Kristinsson 1 (3), Hjálmar Þór Arnarsson 1 (2).
**Varin skot**: Lárus Ólafsson 16 (37/1) 43%, Magnús Sigmundsson 3 (7) 43%.
Hraðaupphlaup: 5 (Jóhann 2, Árni, Ágúst, Þorgrímur).
**Fiskuð víti**: 1 (Jóhann).
**Utan vallar**: 8 mín.
**Dómarar**: Bóas Börkur Bóasson og Hörður Aðalsteinsson, þrælfínir.

**Valur - Afturelding 25-20 (11-12)**

**Mörk Vals (skot)**: Sturla Ásgeirsson 8/2 (9/2), Anton Rúnarsson 6 (12), Finnur Ingi Stefánsson 4 (9), Valdimar Fannar Þórsson 2 (2), Sigfús Sigurðsson 2 (4), Sveinn Aron Sveinsson 1 (1), Atli Báruson 1 (2), Einar Guðmundsson 0 (1), Gunnar Harðarson 0 (3), Magnús Einarsson 0 (1), Agnar Smári Jónsson 0 (2).
**Varin skot**: Hlynur Morthens 19 (19/3, 50%), Ingvar Kristinn Guðmundsson 0/1 (1, 50%)
**Hraðaupphlaupsmörk**: 5 (Finnur Ingi 3, Sturla og Sveinn Aron)
**Fiskuð víti**: 2 (Sigfús 2)
**Utan vallar**: 6 mínútur.
Mörk Aftureldingar (skot): Hilmar Stefánsson 5/3 (7/4), Jóhann Jóhannsson 3 (9/1), Þorlákur Sigurjónsson 3 (4), Eyþór Vestmann 2 (3), Daníel Jónsson 2 (5), Þrándur Gíslason Roth 2 (5), Sverrir Hermannsson 1 (10), Helgi Héðinsson 1 (1), Einar Héðinsson 1 (1), Pétur Júníusson 0 (1).
**Varin skot**: Davíð Svansson 9 (27, 0%.), Hafþór Einarsson 4(9/2 , 30%.)
**Hraðaupphlaup**: 3 (Hilmar, Jóhann og Þorlákur)
**Fiskuð víti**: 5 (Þrándur, Jón Andri, Hilmar, Jóhann og Einar)
**Utan vallar**: 8 mínútur.

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **2** | **1** | **1** | **0** | **46-41** | **3** |
| Akureyri | 2 | 1 | 0 | 1 | 51-44 | 2 |
| **Haukar** | **1** | **1** | **0** | **0** | **27-22** | **2** |
| Fram | 1 | 1 | 0 | 0 | 28-23 | 2 |
| **FH** | **2** | **1** | **0** | **1** | **47-48** | **2** |
| HK | 2 | 1 | 0 | 1 | 47-49 | 2 |
| **Grótta** | **2** | **0** | **1** | **1** | **43-46** | **1** |
| Afturelding | 2 | 0 | 0 | 2 | 40-56 | 0 |

### NÆSTI LEIKUR

Ásvellir: Haukar - Fram sunnudag kl. 16.00

# Þægilegir sigrar Vals og HK

**HK og Valur unnu bæði sína fyrstu sigra í N1-deild karla í gær með sigrum á Gróttu og Aftureldingu. Mosfellingar byrjuðu vel á móti Val en heimamenn sigu fram úr í seinni hálfleik. HK-ingar voru alltaf skrefi framar gegn Gróttu.**



**ÁTÖK** Atli Ævar Ingólfsson, línumaður HK, í baráttu við Gróttumanninn Friðgeir Elí Jónasson í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HANDBOLTI** HK vann nokkuð þægilegan sigur á Gróttu, 25-22, í frekar slökum handboltaleik. HK var alltaf skrefi á undan. Valsmenn unnu á sama tíma góðan sigur á Aftureldingu, 25-20.

Heimamenn í HK tóku öll völd á vellinum strax í upphafi og komust í 5-1. Þá hrökk markvörður Gróttu, Lárus Ólafsson, í gang en hann varði 14 skot í fyrri hálfleik og aðeins munaði tveimur mörkum á liðunum í hálfleik, 11-9.

Lárus gaf eftir í markinu í síðari hálfleik og HK gekk á lagið. Náði þægilegu forskoti, 20-15, og það bil náði Grótta aldrei að brúa. Gróttumenn voru baráttuglaðir og duglegir en talsvert vantar upp á gæðin í liðinu til að það geti tekið stig af sterku liði eins og HK.

„Það er sterkur karakter í þessu liði eins og sjá mátti í dag. Við gefumst aldrei upp,“ sagði þjálfari Gróttu, Guðfinnur Kristmannsson, en honum finnst fínt að enginn búist við neinu af Gróttuliðinu. „Verkefnið gæti ekki verið auðveldara þannig séð. Leiðin liggur aðeins upp á við.“

HK-liðið er að slípast saman. Það lék ekki vel í gær en nógu vel til að vinna. „Það tekur tíma að finna taktinn en við vorum nógu góðir til að vinna í dag án þess að vera að fara á taugum undir lokin. Það var jákvætt,“ sagði Kristinn Guðmundsson, annar þjálfara HK.

**Valsmenn góðir í seinni hálfleik**

Góður síðari hálfleikur skilaði Val sigri gegn Aftureldingu sem hafði eins marks forystu í hálfleik. Valsmenn unnu að lokum sannfærandi sigur.

Hlynur Morthens átti stórleik og varði 19 skot. Sturla Ásgeirsson var einnig fínn fyrir heimamenn en hann gerði 8 mörk.

„Þeir voru grimmari en við í fyrri hálfleiknum en við komum síðan sterkir til baka í þeim síðari,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, eftir leikinn.

„Hlynur (Morthens) var frábær í kvöld og sóknarleikur okkar varð betri eftir því sem leið á leikinn. Það var mun meiri léttleiki yfir leik okkar í síðari hálfleiknum, en menn voru bara ekki með í byrjun. Við þurftum að dreifa álaginu mikið í kvöld og ungu strákarnir stóðu sig virkilega vel í kvöld.“

„Við erum mjög óánægðir með okkar leik og sérstaklega í síðari hálfleiknum,“ sagði Gunnar Andrésson, þjálfari Aftureldingar, eftir leikinn.

„Þetta var þokkalegt hjá okkur í fyrri hálfleik en síðan misstum við alveg dampinn í þeim síðari. Við erum að elta þá allan síðari hálfleikinn og gerðum allt of mörg mistök í öllum leiknum. Við erum alls ekki nægilega ánægðir með þessa byrjun á tímabilinu og verðum heldur betur að vinna í okkar málum.“ - hbg, sáp



**LAUFEY** Skoraði dýrmætt útivallarmark í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Meistaradeild kvenna:

## Laufey tryggði Val jafntefli

**FÓTBOLTI Valur náði í gær góðu jafntefli gegn Glasgow Celtic, 1-1, í Skotlandi. Þetta var fyrri viðureign liðanna í 32- liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu en þau mætast aftur á Vodafonevellinum í næstu viku.**

**Heimamenn byrjuðu betur og komust yfir á 16. mínútu. Valsmenn unnu sig betur inn í leikinn og uppskáru jöfnunarmark á 59. mínútu sem Laufey Ólafsdóttir skoraði eftir óbeina aukaspyrnu í vítateig heimamanna.**

**Gunnar Rafn Borgþórsson, þjálfari Valskvenna, var ánægður með jafnteflið. „Við hefðum auðvitað viljað vinna leikinn. Við áttum til að mynda skot í slá og fengum góð færi þar að auki. En það fengu Skotarnir líka sem þeir hefðu getað nýtt betur,“ sagði Gunnar Rafn við Fréttablaðið í gær.**

**„Þetta er því nokkuð sanngjörn niðurstaða og það er gott að geta farið héðan með útivallarmark í farteskinu. Við vorum nokkuð stressaðar fyrstu 20 mínúturnar en þegar við áttuðum okkur betur á þeirra leik gekk okkur betur. Það er ljóst að það verður erfitt verkefni að ætla að fara áfram því við erum að mæta afar sterku liði. En við ætlum okkur áfram,“ bætti þjálfarinn við. - esá**




Íslandsmeistararnir eru komnir á blað eftir góðan sigur fyrir norðan í gær:

# FH hristi af sér flugþreytuna

**HANDBOLTI** FH vann Akureyri 20-24 í uppgjöri liðanna sem spiluðu um Íslandsmeistaratitilinn í vor. Akureyri komst í 5-0 en þá vaknaði FH-vélin og kom sér inn í leikinn.

Sveinbjörn Pétursson byrjaði frábærlega og varði reyndar vel allan fyrri hálfleikinn. FH komst ekki í takt við leikinn fyrr en Daníel Andrésson fór að verja, og það gerði hann vel. Hann var maður leiksins, varði alls 22 skot.

FH minnkaði muninn og staðan í hálfleik var 12-11. FH komst svo yfir í upphafi seinni hálfleiks en Baldvin Þorsteinsson og Daníel voru í sérflokki í gær. Örn Ingi var skammt undan. Akureyringurinn Baldvin lék heimamenn grátt og virðist vera í frábæru formi. „Ég hef æft vel í sumar. Kristján Arason sagði mig vera of feitan í fyrra, það er helvíti hart frá honum komið. Öxlin var ekki 100% í fyrra en hún er góð núna og mér líður vel,“ sagði Baldvin.

Einar Andri Einarsson, annar þjálfara FH, segir að liðið hafi verið töluvert betra megnið af leiknum. „Við byrjuðum skelfilega, líklega var þetta flugþreyta. Þegar kviknaði á okkur gekk þetta vel. Við spiluðum frábæra vörn og Danni fyrir aftan var magnaður,“ sagði Einar.

Sveinbjörn segir að lið Akureyrar þurfi að fara í naflaskoðun. „Það má ekki gerast að leikurinn hrynji þegar það vantar tvo menn, þó að þeir séu lykilmenn (Heimir Örn er meiddur og Hörður Fannar meiddist í seinni hálfleik, innsk.). Við þurfum að skoða þetta vel, ekki bara þeir sem koma inn á heldur við allir, þar á meðal ég. Við tókum kolrangar ákvarðanir í sókninni og það er bara ekki boðlegt,“ sagði Sveinbjörn. – hþh



**DANÍEL ANDRÉSSON** Var öflugur í marki FH og þótti besti maður leiksins á Akureyri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Akureyri - FH 20-24 (12-11)**

**Mörk Akureyrar (skot)**: Bjarni Fritzson 5 (6), Hörður Fannar Sigþórsson 4 (4), Geir Guðmundsson 4 (10), Oddur Gretarsson 4 (7), Guðmundur Hólmar Helgason 2 (6), Jón Heiðar Sigurðsson 1 (3).
**Varin skot**: Stefán Guðnason 5 (10, 50%), Sveinbjörn Pétursson 14/2 (19, 42%).
**Hraðaupphlaup**: 2 (Hörður, Oddur). **Utan vallar**: 6 mínútur.
**Mörk FH (skot)**: Baldvin Þorsteinsson 8/1 (10/2), Örn Ingi Bjarkason 5 (8), Ragnar Jóhannsson 3 (10), Ólafur Gústafsson 2 (5), Andri Berg Haraldsson 2 (7/1), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (4), Þorkell Magnússon 1 (3), Ari M. Þorgeirsson 1 (1), Halldór Guðjónsson 0 (1).
**Varin skot**: Daníel Andrésson 19 (39, 56%),
**Hraðaupphlaup**: 5 (Baldvin 3, Örn, Ólafur). **Fiskuð víti**: 3 (Baldvin, Örn, Atli).
**Utan vallar**: 10 mínútur.
**Dómarar**: Anton G. Pálsson og Arnar Sigurjónsson. Arnar á margt ólært en Anton var góður.




# Okkar hlutverk er að dreifa

## fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

**Heyrðu í okkur næst þegar þú þarft á öruggri og hagstæðri dreifingarþjónustu að halda.**

**Póstdreifing** - Suðurhraun 1 - 210 Garðabær - Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

**Póst dreifing**

> Stöð 2 Kl. 19.50

**Spurningabomban**

Það verður systkinaslagur í Spurningabombunni hjá Loga Bergmann í kvöld. Tónlistarbræðurnir Friðrik Dór og Jón Jónsson mæta systkinunum Pétri og Margréti Marteinsbörnum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER EKKI ALVEG VISS

# *Ísbjarnarblús á RÚV*

Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, lýsti því yfir í kosningabaráttu Besta flokksins að hann vildi fá hvítabjörn í Húsdýragarðinn. Menn ættu ekki að skjóta þessa risavöxnu og fallegu birni heldur koma þeim í öruggt skjól rétt við Laugardalshöllina.

Vissulega gæti verið athyglisvert að sjá 750 kílóa bjarndýr í nágrenni við hestana og hreindýrin en eftir að hafa séð heimildarmyndina Polar Bear: Spy on Ice, sem sýnd var á mánudagskvöld á RÚV, er ég ekki alveg jafn viss um ágæti þessarar hugmyndar hjá Jóni Gnarr.



**GRIMM** Hvítabjörn er fyrst og fremst grimmt dýr.

Fyrir það fyrsta myndi ég óttast um afdrif selanna sem jafnan hafa glatt gesti Húsdýragarðsins, ekki síst þegar þeir eru fóðraðir, (það myndi samt trekkja meira ef hvítabjörninn fengi selina í morgunmat) því birnirnir finna lyktina af þeim í þriggja kílómetra fjarlægð. Og miðað við ánægju hvítabjarna af sundi (lengsti skráði sundsprettur hvítabjarnar er 320 kílómetrar) þyrfti töluvert stærri sundlaug en þá sem er fyrir í Laugardalnum.

Polar Bear: Spy on Ice veitti ótrúlega innsýn í líf ísbjarnarins en um leið var hún holl áminning um það að menn skyldu fara að öllu með gát þegar næsti hvítabjörn gengur á land. Þetta dýr er nefnilega ekkert fyrir friðarpípuna.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kvennagullið í grútarbræðslunni **15.25** Í dagsins önn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Víðar úr víðáttunni **20.00** Leynifélagið **20.30** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011 **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.55 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**17.25 Unglingalandsmót UMFÍ** (e)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Galdrakrakkar** (38:47) (Wizard of Waverly Place)

**18.25 Andri á flandri** (2:6) (Austurland) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** (Akranes - Dalvíkurbyggð) Spurningakeppni sveitarfélaga.

**21.15 Forboðna kóngsríkið** (The Forbidden Kingdom) Bandarískur unglingur gerir uppgötvun sem sendir hann til Kína hins forna og þar slæst hann í lið með bardagagörpum sem ætla að frelsa Apakónginn úr prísund. Leikstjóri er Rob Minkoff. Bandarísk/kínversk ævintýramynd frá 2008. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.00 Wallander – Leyniskyttan** (Wallander: Skytten) Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Agneta Fagerström-Olsson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Sænsk sakamálamynd frá 2009.

**00.35 Ekki fyrir gamla menn** (No Country for Old Men) Bandarísk bíómynd frá 2007. Allt verður vitlaust eftir að veiðimaður finnur lík, heróín og peningafúlgu nálægt Rio Grande. Leikstjórar eru Ethan Coen og Joel Coen Myndin hlaut fern Óskarsverðlaun og var tilnefnd til fernra í viðbót. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Immortal Voyage of Captain Drake**

**10.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**

**14.00 Immortal Voyage of Captain Drake**

**16.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**

**20.00 The Secret Life of Bees**

**22.00 Braveheart**

**00.55 Window Theory**

**02.20 Chaos**

**04.05 Braveheart**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (44:175)

**10.15 60 mínútur**

**11.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (2:2)

**11.50 The Amazing Race** (6:12)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Friends** (17:24)

**13.25 Men in Black**

**15.00 Sorry I've Got No Head**

**15.30 Leðurblökumaðurinn**

**15.50 Ofuröndin**

**16.15 Nornfélagið**

**16.40 Ævintýri Tinna**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (15:21)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Týnda kynslóðin** (7:40)

**19.50 Spurningabomban** (2:9) Nýr spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Logi egnir saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.

**20.40 The X Factor** (3:40) Stórglæsilegur skemmtiþáttur með Simon Cowell í fararbroddi. Rétt eins og í Idol verður sungið til sigurs, allt þar til einn söngvari eða söngflokkur stendur uppi sem sigurvegari, 5 milljón dölum ríkari og með nýjan plötusamning. Auk Cowells eru í dómnefnd gamla vinkona hans úr Idol, Paula Abdul, upptökustjórinn, lagahöfundurinn og tónlistarmógúllinn L.A. Reid og Nicole Scherzinger sem kunnust er fyrir að vera aðalsöngkona The Pussycat Dolls.

**22.10 The X Factor** (4:40)

**23.40 A Night at the Roxbury**

**01.00 The Wild Bunch**

**03.20 Ask the Dust**

**05.15 The Simpsons** (15:21)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Tottenham - Shamrock Rovers**

**17.00 Pepsi mörkin**

**18.15 AEK - Sturm**

**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**20.30 La Liga Report**

**21.00 Evrópudeildarmörkin**

**21.55 UFC 117**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Sunnudagsmessan**

**16.50 Liverpool - Wolves**

**18.40 Arsenal - Bolton**

**20.30 Football League Show**

**21.00 Premier League Preview**

**21.30 Premier League World**

**22.00 PL Classic Matches: Leeds - Liverpool, 2000**

**22.30 Premier League Preview**

**23.00 Chelsea - Swansea**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (124:175)

**20.15 Chuck** (8:19)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Heimsréttir Rikku** (6:8) Nýr og glæsilegur þáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að taka fyrir í hverjum þætti hina ýmsu rétti ákveðinnar þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna þeirra og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.

**22.25 The Closer** (10:15)

**23.10 The Good Guys** (10:20)

**23.55 Sons of Anarchy** (10:13)

**00.45 Týnda kynslóðin** (7:40)

**01.15 Chuck** (8:19)

**02.00 The Doctors** (124:175)

**02.45 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (3:14) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (3:14) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.50 Being Erica** (6:12) (e)

**17.35 Rachael Ray**

**18.20 Parenthood** (6:22) (e)

**19.10 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (13:50) (e)

**19.35 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (39:50)

**20.00 Will & Grace - OPIÐ** (15:24)

**20.25 According to Jim** (7:18)

**20.50 Mr. Sunshine** (7:13) Matthew Perry fer fyrir frábærum hópi leikara í þessum sprenghlægilegu þáttum sem fengið hafa afbragðs góða dóma.

**21.15 HA?** (2:12) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi.

**22.05 The Bachelorette** (7:12)

**23.35 Hæ Gosi** (1:8) (e)

**00.05 Tobba** (2:12) (e)

**00.35 30 Rock** (5:23) (e)

**01.00 Got To Dance** (5:21) (e)

**01.50 The Bridge** (13:13) (e)

**02.35 Smash Cuts** (35:52)

**02.55 Judging Amy** (11:23) (e)

**03.40 Jimmy Kimmel** (e)

**05.10 Will & Grace** (15:24) (e)

**05.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.25** Justin Timberlake Open (1:4) **11.25** Golfing World **12.15** Golfing World **13.05** PGA Tour - Highlights (34:45) **14.00** Justin Timberlake Open (1:4) **17.00** Champions Tour - Highlights (18:25) **17.55** Golfing World **18.45** THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1) **19.35** Inside the PGA Tour (39:45) **20.00** Justin Timberlake Open (2:4) **23.00** PGA Tour - Highlights (34:45) **23.55** ESPN America

## N4

**18.15** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**10.00** Keeping Up Appearances **10.30** Keeping Up Appearances **11.00** Fawlty Towers **11.35** ‚Allo ‚Allo! **12.10** ‚Allo ‚Allo! **12.45** The Inspector Lynley Mysteries **13.30** The Inspector Lynley Mysteries **14.15** Keeping Up Appearances **14.45** Keeping Up Appearances **15.15** ‚Allo ‚Allo! **15.50** ‚Allo ‚Allo! **16.25** Fawlty Towers **16.55** Fawlty Towers **17.30** Live at the Apollo **18.15** The Graham Norton Show **19.00** Live at the Apollo **19.45** Live at the Apollo **20.30** Live at the Apollo **22.00** Live at the Apollo **22.45** Live at the Apollo

## DR 1

**11.05** Kongerigets Kager **11.35** Aftenshowet **12.30** Gintberg på kanten **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Hercule Poirot **14.00** Benjamin Bjørn **14.30** Rosa fra Rouladegade **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Skjulte Stjerner **19.00** TV Avisen **19.30** Skjulte Stjerner **19.45** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.30** Terminator 2: Dommedag **22.40** Daredevils **04.00** Noddy **04.10** Gnotterne

## NRK 1

**11.35** Urix **12.00** Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Solgt! **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporløst forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** En velutstyrt mann **21.45** Queen - Days of Our Lives **22.45** Hvem tror du at du er? **23.45** Country jukeboks m/chat

## svt1

**09.45** Mitt i naturen **10.15** Debatt **11.00** Landet Brunsås **11.30** Från Lark Rise till Candleford **12.30** Friday night dinner **13.00** Moraeus med mera **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flugor **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** The Boat That Rocked **22.10** Rapport **22.15** Gomorra **00.30** Rapport **00.35** True Blood **01.30** Starke man **02.00** Doobidoo

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |








# Dansprufur um helgina

## – í Laugardalshöll 1. og 2. október.

Prufurnar hefjast kl. 8:00. Skráning á ruv.is
og Facebook-síðu þáttarins.

**Sigurvegarinn fær kr. 1.000.000 að launum!**

www.facebook.com/dansdansdans

- Annað og meira

RÚV



*„Það yrði í fyrsta lagi World með Swedish House Mafia og svo I Like með Bodybangers.“*

Óli Geir plötusnúður.

# Vesturport biðlar til Reykjavíkurborgar

Vesturport fer þess á leit í erindi sem lagt var fyrir á fundi menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar á mánudag að borgin semji við leikhópinn til þriggja ára. Samningurinn myndi hljóða upp á að borgin greiði leikhópnum 6-8 milljónir króna á ári. Í erindinu kemur jafnframt fram að Vesturport ætli að fara þess á leit við menntamálaráðuneytið að það geri slíkt hið sama. Undir erindið skrifar Gísli Örn Garðarsson.

Í erindinu kemur fram að Vesturport hafi verið styrkt af Reykjavíkurborg frá árinu 2002. 2003–2006 hafi hópurinn fengið styrki sem gerði honum kleift að halda úti útrás sinni. „Svo gerist það árið 2007 að styrkir til okkar lækka og hafa þeir farið lækkandi síðan. Þetta hefur haft þær afleiðingar að við höfum þurft að segja upp starfsfólki. Þetta hefur gert okkur erfiðara fyrir og ef reyndin verður sú sama í framtíðinni verður enginn fastur starfsmaður hjá Vesturporti frá og með 2012.“ Að mati Gísla mun það bitna á tækifærum hópsins til útrásar en í október verður Faust sett upp í Kóreu og Hamskiptin sýnd í Síberíu.

Samkvæmt erindinu þarf Vesturport umræddan fjárstuðning til að geta rekið Vesturport í: „samræmi við þá stærðargráðu sem við getum hæglega vaxið í.“ Sýningar hópsins séu oft í mörgum löndum á sama tíma og við slíkar aðstæður sé ráðið nýtt listafólk inn til að sinna þeim störfum. „Fleiri leikferðir og stærri útrás þýðir að fleiri Íslendingar fá vinnu […] auk þess sem hróður íslenskrar leiklistar berst víðar.“ Ef Reykjavíkurborg fellst á samninginn gæti hópurinn, að mati Gísla Arnar, undantekningarlaust frumsýnt 2-3 nýjar leiksýningar á ári. Ekki náðist í Gísla Örn vegna málsins. - fgg



**Á BIÐILSBUXUM** Gísli Örn Garðarsson fer þess á leit við Reykjavíkurborg að hún semji við leikhópinn til þriggja ára. Sá samningur myndi hljóða upp á 6-8 milljónir króna.


## Krossgátan í Helgarblaðinu



Vikuleg krossgáta Fréttablaðsins mun birtast í fyrsta sinn í blaðinu á morgun. Hún verður efnismikil, fjölbreytt og skemmtileg áskorun fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

TE & KAFFI

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.



Allt sem þú þarft




**VINSÆLAR** The Saturdays er ein vinsælasta hljómsveitin í Bretlandi um þessar mundir. Stúlkurnar eru fastir gestir á forsíðum slúðurblaðanna og hafa oftar en ekki átt vingott við þekkta enska íþróttamenn. NORDICPHOTOS/GETTY

SARA NASSIM: ÞETTA VERÐUR HEFÐBUNDIÐ ÍSLANDSMYNDBAND

# The Saturdays til landsins

Enska stúlknasveitin The Saturdays er væntanleg til Íslands um helgina. Stelpurnar ætla að taka upp myndband við nýjan slagara sinn, My Heart Takes Over, sem er nýkominn út.

Einar Sveinn, markaðsstjóri framleiðslufyrirtækisins Pegasus sem mun þjónusta tökuliðið, segir að þetta hafi borið frekar brátt að. „Þær ætla að gera þetta í nágrenni við Reykjavík, þetta er ekkert stórt enda eru menn farnir að draga úr kostnaði við gerð myndbanda. Og engir Íslendingar koma fyrir í myndbandinu,“ segir Einar. „Þær eru bara að leita að fallegum landslagsmyndum fyrir hverja og eina.“ The Saturdays hafa notið töluverðra vinsælda hér á landi, verið spilaðar á FM 957 og náð þar inn á lista samkvæmt upplýsingum frá dagskrárstjóra stöðvarinnar, Heiðari Austmann.

Sara Nassim, framleiðandi hjá Pegasus, segir þau binda vonir við að veðrið verði ögn skárra um helgina en það hafi verið undanfarna daga. The Saturdays verða hér á landi í þrjá daga og með þeim kemur heill her af stílistum og förðunarfræðingum. „Þetta er svona hefðbundið íslenskt myndband á þessum dæmigerðu íslensku tökustöðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Við verðum töluvert á ferðinni,“ segir Sara en leikstjóri myndbandsins er Elisha Smith-Leverock sem hefur meðal annars gert myndbönd fyrir Bombay Bicycle Club.

Þetta er í annað sinn á tiltölulega skömmum tíma sem breskar poppstjörnur velja Ísland. Elliot John Gleave, betur þekktur sem Example, var staddur hér á landi fyrir viku og gerði myndband með Pegasus þar sem fyrirsætan Svala Lind Þórðardóttir, Fjölnir Geir Bragason og Þorsteinn Bachmann voru í stórum hlutverkum.

The Saturdays er ein stærsta stúlknasveit Bretlands um þessar mundir og liðsmenn hennar eru æði oft á forsíðum bresku slúðurblaðanna. Þekktust þeirra er Frankie Sandford en hún var sögð eiga í ástarsambandi við örvfætta bakvörðinn Ashley Cole þegar hann var kvæntur söngkonunni Cheryl Cole. Sandford er núna á föstu með öðrum knattspyrnukappa, sem einnig er örvfættur og leikur stöðu bakvarðar, en hann heitir Wayne Bridge og er á mála hjá Manchester City í Úrvalsdeildinni. freyrgigja@frettabladid.is





FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir


# Vill viskí, kerti og handáburð

Bandaríski grínistinn Charlie Murphy, bróðir gamanleikarans Eddie Murphy, kemur fram í Hörpu á laugardagskvöld.

Samkvæmt kröfulista Murphy er kappinn afar nægjusamur. Hann fer fram á hreint loftkælt búningsherbergi og að öryggisvörður standi þar fyrir utan. Þá þarf að vera starfsmaður á vakt sem kemur inn í búningsherbergið á 20 mínútna fresti og athugar hvort allt sé í lagi.

Inni í búningsherberginu vill Charlie Murphy hafa vatn, jurtate, sérstakt te sem fer vel í hálsinn, sítrónubáta, hunang, ávexti og kjöt ásamt handáburði og sótthreinsandi kremi. Þá vill hann lyktarkerti, orkudrykki, rauð- og hvítvín ásamt stórri flösku af Jack Daniels-viskíi.

Loks herma heimildir Fréttablaðsins að eftirpartíið verði á veitingastaðnum Austur. Þar hyggst Charlie Murphy sýna sig og sjá aðra, en hann ku vera afar viðkunnanlegur. - afb





**HÓGVÆR** Kröfur Charlies Murphy eru ekki klikkaðar. Hann vill þó að starfsmaður athugi á 20 mínútna fresti hvort allt sé í lagi hjá honum inni í búningsherberginu.


Vetrarvörurnar eru komnar
ZO•ON Kringlunni
ZO•ON Bankastræti
Útilíf Kringlunni
Útilíf Smáralind
Útilíf Glæsibæ
Útilíf Holtagörðum
Axel Ó. Vestmannaeyjum
Sportbær Selfossi
Ozone Akranesi
Olíufélag útvegsmanna Ísafirði
Skagfirðingabúð Sauðárkróki
Sportver Akureyri
Skóbúð Húsavíkur Húsavík
Fjarðarsport Neskaupstað
Veiðiflugan Reyðarfirði
Sport X Höfn í Hornafirði
Verslunin Skógar Egilsstöðum
Músik og Sport Hafnarfirði
Ísbjörninn Laugavegi
K-sport Keflavík
Sæferðir Stykkishólmi
ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Flott fyrsta vika

Svo virðist sem þjóðin hafi setið límd fyrir framan sjónvarpstækin þegar haustdagskrár sjónvarpsstöðvanna tóku á sig mynd. Kexvexsmiðja **Gísla Rúnars Jónssonar**, sem frumsýnd var á RÚV og fékk blendnar viðtökur, mældist með tæplega 32 prósenta áhorf í aldurshópnum 12-80 ára. Hann náði þó ekki að skáka Útsvari sem er enn og aftur orðinn vinsælasti sjónvarpsþátturinn í íslensku sjónvarpi með tæp 35 prósenta áhorf. Spaugstofan, aðalkeppinautur Kexins, fékk einnig prýðilegt áhorf á Stöð 2 en hún mældist með tæplega 16 prósenta áhorf. Spurningabomba Loga Bergmanns mældist síðan með 11 prósenta áhorf. Þorbjörg Marinósdóttir eða Tobba eins og flestir Íslendingar þekkja hana getur væntanlega einnig vel við unað ef marka má viðtökurnar við fyrsta þættinum því hún mældist með um sjö prósenta áhorf.



### Mugison föndrar enn

Tónlistarmaðurinn **Mugison** er þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir við hönnun á plötuumslögum sínum. Platan Lonely Mountain kom út í 300 eintökum í pappaumslögum sem hann saumaði sjálfur í saumavél, umslag Mugiboogie braut hann sjálfur saman ásamt vinum sínum og í fyrrakvöld var enn komið að föndurstund hjá Mugison. Á Facebook-síðu sinni auglýsti hann eftir áhugasömum föndrurum til að aðstoða sig við að klastra saman umslögunum utan um nýjustu afurðina, plötuna Haglél. Síðar um kvöldið bárust á síðunni fréttir af því að föndruð hefðu verið 2.500 til 3.000 eintök.



- fgg, sh

### Mest lesið vísir

1. Fæddist með tvö andlit
2. IPhone 5 væntanlegur
3. Áfram auglýst eftir vændi á netsíðum
4. Tugir bjóðast til að gefa 16 ára pilti nýra
5. Fjórðungur 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns





Alvöru leikjatölvur !

dreamware




Sú öflugasta á landinu!

Dreamware W150HRQ

8GB DDR3

1920x1080

Örgjörvi: Intel Core i7-2820QM Quad Core 8MB

Vinnsluminni: 8GB Kingston HyperX DDR3 1600Mhz

Diskur: 120GB Intel 510 Series SSD SATA3

Skjákort: nVIDIA 555M GT 2GB

Stýrikerfi: Windows 7 Home Premium 64bit SP1

Verð frá 294.900 kr.

25.637 kr / mán m.v. 12 mánaða vaxtalaust

0% vextir

Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða*

Dreamware W150HRQ

8GB DDR3

1920x1080

Örgjörvi: Intel Core i5-2410M Dual Core 3MB

Vinnsluminni: 8GB DDR3 1333Mhz

Diskur: 500GB 7200 snúninga

Skjákort: nVIDIA 555M GT 2GB

Stýrikerfi: Windows 7 Home Premium 64bit SP1

Verð frá 179.900 kr.

15.767 kr / mán m.v. 12 mánaða vaxtalaust



Dreamware W150HRQ

Örgjörvi: Intel Core i7-2630QM Quad Core 6MB

Vinnsluminni: 8GB DDR3 1333Mhz

Diskur: 500GB 7200 snúninga

Skjákort: nVIDIA 555M GT 2GB

Stýrikerfi: Windows 7 Home Premium 64bit SP1

Verð frá 194.900 kr.

17.054 kr / mán m.v. 12 mánaða vaxtalaust



8GB DDR3

1920x1080

Hannaðu þína eigin tölvu á dreamware.is

TM

Framlengdu ábyrgðina í 3 ár með TM tækjatryggingu

START, Bæjarlind 1, Kópavogi sími 544 2350 start@start.is www.start.is

start TÖLVUVERSLUN

*3% lántökugjald, 325kr seðilgjald á hverja greiðslu.